ERNA GUÐRÍÐUR BENEDIKTSDÓTTIR

Smágert blómamunstur og fjólubláir tónar

• tíska • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

VELJUM ÍSLENSKT

Þjóðlegt lostæti og fríkaður fatnaður

Sérblaðið Veljum íslenskt

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. janúar 2009 — 26. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Jónsi gestgjafi í LA

Býður fólk velkomið heima hjá Sigurjóni Sighvatssyni.

FÓLK 46

Fjöldasöngur og flatkökur

Davíð Ólafsson söngvari heldur tónleika í tilefni af fertugsafmælinu.

TÍMAMÓT 28

Pacas fimmtugur

Opnar málverkasýningu á Kaffi Sólon á Valentínusardaginn

FÓLK 46

Til Hollands

Sögunni endalausu um Jóhann Berg Guðmundsson lauk í gær þegar Breiðablik samþykkti tilboð frá hollenska liðinu AZ Alkmaar.

ÍÞRÓTTIR 42

VEÐRIÐ Í DAG



Hægviðri Í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt, víða léttskýjað en annars stöku él. Hiti verður um frostmark.

VEÐUR 4

Ráðherrar fá tólf milljónir í biðlaun

Fimm ráðherrar Sjálfstæðisflokksins þiggja biðlaun næstu sex mánuði. „Venjulega hefur maður þegið það sem að manni er rétt," segir fjármálaráðherra.

STJÓRNSÝSLA Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins eiga rétt á rúmum tólf milljónum króna í biðlaun næstu sex mánuði, þó þeir sitji áfram á þingi. Þeir fimm ráðherrar sem Fréttablaðið náði sambandi við ætla að þiggja biðlaun. Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, hefur lýst því yfir að hann afsali sér biðlaunum.

Mánaðarlaun ráðherra eru nú 855 þúsund krónur en laun forsætisráðherra 935 þúsund krónur. Af þessum upphæðum er þingfararkaup 520 þúsund krónur á mánuði. Ráðherrar eiga rétt á biðlaunum í sex mánuði, hafi þeir gegnt embætti samfellt í eitt ár. Biðlaunin nema mismuninum á þingfararkaupi og ráðherralaunum. Það eru 335 þúsund krónur á mánuði hjá óbreyttum ráðherrum, en 415 þúsund hjá forsætisráðherra.

Geir H. Haarde á því rétt á tæpum 2,5 milljónum í biðlaun og aðrir ráðherrar flokksins rúmum tveimur milljónum. Samanlagt gera þetta 12,5 milljónir króna.

Fréttablaðið hafði samband við ráðherra flokksins og fékk nokkuð staðlað svar: „Um þetta gilda ákveðnar reglur og gert er ráð fyrir því að ráðherra nýti sér réttindi sín í þessu efni eins og gert hefur verið nær undantekningarlaust um langt árabil." Björn Bjarnason sagði: „Í þessu fer ég að lögum eins og öðru" og Árni Mathiesen: „Venjulega hefur maður þegið það sem að manni er rétt."

Þingmenn eiga einnig rétt á þriggja mánaða biðlaunum þegar þeir hætta setu á Alþingi. Gegni þeir öðru starfi á meðan fá þeir þá biðlaun sem nemur mismun launaða starfsins og þingfararkaups, þó aldrei þannig að biðlaunin verði hærri en þingfararkaup.

Ekki náðist í Geir H. Haarde, forsætisráðherra við vinnslu fréttarinnar.

- kóp

Stjórnarmyndunarviðræður:

Enn er óvíst með Ingibjörgu

STJÓRNMÁL Enn er óvíst hvort Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hyggst halda áfram störfum sem utanríkisráðherra í nýrri ríkisstjórn. Fólk í innsta hring yfirstandandi stjórnarmyndunarviðræðna vill ekki staðfesta að svo verði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er gert ráð fyrir tíu ráðherrum í nýrri stjórn, Samfylking og Vinstri grænn fái fjóra hvor flokkur og tveir utan þings.

Vinstri grænn munu ekki gera sérstaka kröfu um að fallið verði frá álversuppbyggingu. Formaður flokksins segist enda efast um að mikið verði um slíka uppbyggingu næstu mánuði.

Hann kannist ekki við að hugsanlega verði kosið í júní, en forseti Íslands nefndi það sem möguleika í viðtali við BBC á mánudag.

Þingflokkar VG og Samfylkingar funda hvor um sig árla dags og hittast svo klukkan ellefu í Alþingishúsinu.

- kóþ, jse / sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MÓTMÆLI Sex mótmælendur voru handteknir fyrir utan Hilton Reykjavík Nordica hótelið í gær þar sem móttaka Nató var haldin. Upphaflega átti móttakan að fara fram í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu en var flutt á síðustu stundu.

Lögreglan beitti piparúða á mótmælendur við móttöku Nató í gær:

Handteknir fyrir fánabrennu

LÖGREGLAN Lögreglan beitti piparúða á mótmælendur og handtók sex þeirra fyrir utan hótelið Hilton Reykjavík Nordica í gær. Þar fór fram móttaka um 300 gesta á málstofu Nató sem hefst í dag. Tveir hinna handteknu höfðu brennt fána Nató fyrir utan hótelið.

Lögreglan var með mikinn viðbúnað og varðstjóri hennar segir að brennumennirnir hafi einnig farið yfir öryggislínu lögreglu. Þótt ekki sé bannað að brenna alla fána, sé vissulega bannað að brenna þjóðfána og fána Nató. Að auki kæri lögreglan sig ekki um að fólk kveiki eld.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður treysti sér ekki til að svara því í gærkvöldi hvort saknæmt væri að brenna fána alþjóðasamtaka. En fordæmi væru fyrir handtökum vegna fánabrennu.

Frægt hafi orðið þegar Steinn Steinarr og Þórbergur Þórðarson voru dæmdir í Hæstarétti á fjórða áratugnum fyrir að brenna fána nasista, sem hafði verið flaggað á Siglufirði.

- kóþ

Baldur Guðlaugsson:

Óheppilegt að eiga í banka

STJÓRNSÝSLA Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, segir í aðsendri grein í blaðinu í dag að honum hafi þótt óheppilegt að eiga bréf í Landsbankanum í ljósi stöðu sinnar í ráðuneytinu.

BALDUR GUÐLAUGSSON

Hann hafi því viljað selja þau og gert það þegar hann hafi verið þess fullviss að upplýsingar hans um stöðu bankans gætu ekki haft áhrif á gengi bréfanna, væru þær gerðar opinberar.

Þegar hann hafi selt bréfin um miðjan september hafi hann ekki haft meiri neikvæðar upplýsingar um bankann en aðrir á markaði.

Sjá síðu 27

50% afsláttur af öllum vörum

herra GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN 568 9234

SMÁRALIND 544 2410

Allt á sinn stað!

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA

IKEA

www.IKEA.is

SPURNING DAGSINS

Jónsi, er þetta eins og góður draumur, maður?

„Ætli þetta hafi ekki orðið eins og ljúfsár martröð í lokin."

Jón Jósep Snæbjörnsson, eða Jónsi í hljómsveitinni Í svörtum fötum, er í skýjunum yfir því að borga nú um helgina síðustu afborgunina af myntkörfuláni fyrir eins árs rekstarleigu á BMW X3 jepplingi. Jónsi auglýsti Freyju-Draum á ógleymanlegan hátt með orðunum „góður draumur, maður!" fyrir nokkrum árum.

Engar breytingar á málstofu um öryggi á norðurslóðum þrátt fyrir stjórnarslit:

Málstofa NATO hefst í dag

UTANRÍKISMÁL Áform um tveggja daga málstofu á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO) og íslenskra stjórnvalda, sem hefst hér á landi í dag, eru óbreytt þrátt fyrir óvissu í stjórnmálum hér á landi, segir Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, er aðalræðumaður málstofunnar, sem fjalla mun um öryggi á norðurslóðum. Málstofan fer fram á Nordica hótelinu.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra eiga að ávarpa málstofnuna, og segir Urður að verði ný stjórn ekki tekin við stjórnartaumunum í dag muni starfandi ráðherrar ávarpa málstofuna.

NORÐURSLÓÐIR Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, er aðalræðumaður málstofu NATO, sem hefst í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Markmið málstofunnar er að varpa ljósi á breytingar sem nú eiga sér stað á norðurslóðum. Rætt verður hvernig koma megi í veg fyrir að norðurslóðir verði vettvangur spennu, deilna og mögulegrar hernaðarvæðingar, samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu. Sérstaklega er þar litið til þess hvernig megi byggja upp traust og samvinnu NATO við ríki sem standa utan bandalagsins, svo sem Rússland, Svíþjóð og Finnland.

Meðal þátttakenda í málstofunni, sem er ekki opin almenningi, eru þeir Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs og Søren Gade, varnarmálaráðherra Danmerkur. **- bj**

Fjölmörg innbrot upplýst:

Tvær konur játa hnakkaþjófnaði

LÖGREGLUMÁL Lögreglan hefur fundið yfir þrjátíu hnakka sem stolið var í fjölda innbrota í hesthús á höfuðborgarsvæðinu fyrr í mánuðinum. Í fyrradag voru tvær konur handteknar. Báðar hafa játað sök, að sögn lögreglu.

Tveir til viðbótar tengjast þessum innbrotum sem eru að mestu upplýst. Þjófunum tókst að selja eitthvað af hnökkum en unnið er að því að endurheimta þá. Hnakkarnir, sem lögreglan fann voru faldir á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þeir fundust við húsleit auk nokkurra annarra muna sem einnig var stolið í þessum innbrotum. **- jss**

Ný fiskbúð við höfnina

Hafmeyjan í verbúðinni

NEYTENDAMÁL Ný fiskbúð hefur verið opnuð við Geirsgötuna í Reykjavík. Hún heitir Hafmeyjan og er í eigu Kjartans Halldórssonar sem oft er nefndur sægreifi eftir samnefndri verslun sinni og sonar hans Halldórs Páls. Sá síðarnefndi mun standa vaktina og sjá um daglegan rekstur.

Allar almennar fisktegundir og tilbúnir réttir eru á boðstólum auk grindvísks áls sem Kjartan kveðst reykja sjálfur, „eða við foringjarnir", eins og hann orðar það.

Heil ýsa kostar 650 krónur í Hafmeyjunni og ýsuflök 1.090 krónur. **gun/sjá Veljum íslenskt**

Reykjavík Eyes:

Ný gleraugnalína án samskeyta

HÖNNUN Fyrsta íslenska gleraugnalínan, Reykjavik Eyes, hefur litið dagsins ljós. Sjóntækjafræðingurinn Gunnar Gunnarsson stendur að baki hönnuninni og nýrri framleiðsluaðferð.

GUNNAR GUNNARSSON

„Gleraugun eru búin til með nýrri tækni sem á sér enga hliðstæðu í heiminum. Umgjörðin er skorin út í heilu lagi úr örþunnri títanplötu og er því ekki búin skrúfum, hjörum eða öðrum aukahlutum. Það kemur í veg fyrir algeng vandamál eins og lausa skrúfu eða brotna löm. Þá er umgjörðin alfarið laus við samskeyti og suðupunkta," útskýrir Gunnar. **- ve / sjá allt**

Útlendingar óttast að verða vísað úr landi

Forsendur atvinnu- og dvalarleyfa fjölda útlendinga frá löndum utan EES eru brostnar. Hátt í sex hundruð manns eiga synjun á framlengingu yfir höfði sér. Framkvæmdastjóri Alþjóðahúss segir stöðu margra alvarlega.

SAMFÉLAGSMÁL Búseta hátt í sex hundruð manns frá löndum utan EES-svæðisins hér á landi er í uppnámi, þar sem forsendur fyrir atvinnu- og dvalarleyfum þeirra eru brostnar. Um er að ræða þá sem hafa fengið tímabundið atvinnu- og dvalarleyfi sem gildir í eitt ár.

„Forsendur dvalar þessa fólks eru í flestum tilfellum brostnar. Hafi það misst vinnu og finni ekki nýja þýðir ekki fyrir það að sækja um framlengingu á sams konar leyfi," segir Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur og starfandi framkvæmdastjóri Alþjóðahúss.

Fólkið á heldur ekki rétt á atvinnuleysisbótum, þar sem óbundið atvinnuleyfi þarf til þess. „Einstaklingar sem eiga ekki rétt á bótum geta snúið sér til félagsmálayfirvalda eftir aðstoð. En það er mjög erfitt fyrir okkur að ráðleggja þeim. Það eru bara tilteknar tegundir dvalarleyfa til og fæstir uppfylla enn þá skilyrði fyrir þeim. Að fólk geti framfleytt sér er alltaf skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa," segir Margrét.

Þann 1. ágúst 2008 tóku ný útlendingalög gildi. Með þeim voru möguleikar til að setjast hér að þrengdir til muna. Nú getur fólk utan EES eingöngu sótt um atvinnuleyfi vegna tímabundins skorts á vinnuafli, eða á grundvelli sérfræðiþekkingar eða íþróttaiðkunar.

Áður en lögunum var breytt gat fólk sótt um svokölluð b- og c-leyfi. Handhafar b-leyfa gátu sótt um búsetuleyfi að þremur árum liðnum. Forsenda fyrir báðum tegundum var að viðkomandi hefði örugga atvinnu hér á landi. Síðustu b- og c-leyfin voru gefin út í júlí 2008 og renna því út á næstu mánuðum. Þegar þau renna út verður flokkurinn „Tímabundinn skortur á vinnuafli" sá eini sem handhafar þessara leyfa falla undir. Ljóst er að leyfi vegna þess verða seint gefin út í núverandi árferði.

Í FISKI Á sumum vinnustöðum hafa fleiri útlendingar en Íslendingar verið við störf á undanförnum árum. Nú þegar skortur á vinnuafli er ekki lengur vandamál á Íslandi á fjöldi fólks yfir höfði sér að verða vísað úr landi.

> Hingað til mín hefur komið fólk sem hefur þegar misst vinnuna og hefur miklar áhyggjur.
>
> **MARGRÉT STEINARSDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ALÞJÓÐAHÚSS

Margir hafa leitað til Alþjóðahúss með miklar áhyggjur af stöðu sinni. „Hingað til mín hefur komið fólk sem hefur þegar misst vinnuna og hefur miklar áhyggjur. Staða þessa fólks er mjög slæm. Í mörgum tilfellum vill það vera áfram á Íslandi, enda eru tengsl þeirra við landið oft orðin sterk og fólk hefur ýmsar skuldbindingar hér. Það er afskaplega erfitt að finna lausn á stöðu þeirra einstaklinga sem lenda í þessu." **holmfridur@frettabladid.is**

EVO MORALES Forsetinn fagnar niðurstöðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarskrárbreyting í Bólivíu:

Enn djúpstæður ágreiningur

BÓLIVÍA, AP Djúpstæður ágreiningur er enn milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Bólivíu þrátt fyrir að stjórnarskrárbreyting hafi fengið traustan meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudag.

Með breytingunni er frumbyggjum landsins, indíánum, veitt aukin réttindi og völd auk þess sem Evo Morales, fyrsti forseti landsins sem kemur úr röðum indíána, er gert kleift að bjóða sig fram til endurkjörs eitt kjörtímabil enn.

Íbúar í austurhéröðum landsins, þar sem velmegun er mest, eru þó enn andvígir breytingunni og hóta klofningi landsins. **- gb**

PÓLLAND

Atvinnuleysi eykst

Skráð atvinnuleysi í Póllandi hækkaði í 9,5 prósent í desember. Vaxandi atvinnuleysi er enn ein vísbending um að verulega er að hægja á hagvexti í landinu. Pólski seðlabankinn brást í gær við þessu með því að lækka stýrivexti um 0,75 prósent, niður í 4,25 prósent.

DÓMSTÓLAR

Sektaður og sviptur

Karlmaður hefur í Héraðsdómi Suðurlands verið sektaður um 130 þúsund krónur fyrir hraðakstur og akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Tímaritið Foreign Policy fjallar um þau fimm ríki sem gætu orðið „næsta Ísland":

Bretland sagt á barmi hruns

EFNAHAGSMÁL Bretland, Lettland, Grikkland, Úkraína og Níkaragva eru þau lönd í heiminum sem eru í mestri hættu á að lenda í efnahagslegu og pólitísku hruni, eða með öðrum orðum gætu orðið „næsta Ísland". Þetta er mat bandaríska alþjóðamálaritsins Foreign Policy í uppsláttargrein sem birt er á vef þess, www.foreignpolicy.com.

Um Bretland segir þar: „Fjármálakreppan er orðin svo alvarleg að hún hefur fært Lundúnum nýtt gælunafn í alþjóðlegu pressunni: Reykjavík-við-Thames." Það valdi áhyggjum að skuldir bankanna, sem séu að færast að æ meiri hluta í eigu ríkisins, séu meiri en tvöföld þjóðarframleiðsla. Ríkisinngrip í efnahagslífið séu nú orðin svo mikil að þau hafi áunnið Bretlandi annað nýtt gælunafn: Sovét-Bretland.

Ástandið í Lettlandi er sagt líkjast mjög því íslenska. Mikill hagvöxtur síðustu ára hafi verið drifinn áfram af erlendum fjárfestingum, mikilli erlendri lántöku, neysluþenslu og sáralitlum sparnaði. Evrópusambandið spáir 6,9 prósenta samdrætti í þjóðarframleiðslu Lettlands á árinu. Pólitískra afleiðinga kreppunnar er þegar farið að gæta, en þær eru sagðar geta ógnað þeim árangri sem náðst hefur í að byggja upp lýðræði í þessu fyrrverandi sovétlýðveldi. Aðeins 10 prósent landsmanna styðja nú ríkisstjórnina. Þegar hagfræðidósent hafði uppi vangaveltur um að kreppan gæti leitt til gengisfalls lettneska gjaldmiðilsins var hann handtekinn og honum haldið í tvo daga. **- aa**

„NÆSTA ÍSLAND" Greininni er slegið upp á vef tímaritsins.

Frábær tilboð!

25% afsláttur

GOÐI

GRÍSALUND MEISTARANS

1.874 kr/kg

~~2.498~~ kr/kg

FERSKUR KJÚKLINGUR 1/1

572 kr/kg

~~954~~ kr/kg

40% afsláttur

30% afsláttur

GOÐI

BLANDAÐ HAKK

489 kr/kg

~~699~~ kr/kg

STARBUCKS
HOUSE BLEND KAFFI 250g

449 kr/pk.

25% afsláttur

ÞÚ SPARAR 100 KR!

DALOON KÍNARÚLLUR
EÐA VORRÚLLUR

599 kr/pk.

~~699~~ kr/pk.

30% afsláttur

TOPPUR M/SÍTRÓNU 2l

116 kr/stk.

~~165~~ kr/stk.

50% afsláttur

JONAGOLD EPLI

95 kr/kg

~~189~~ kr/kg

TILBOÐIN GILDA 29. JAN. - 1. FEB.

www.markhonnun.is

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

www.netto.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

GENGIÐ 28.01.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	117,20	117,76
Sterlingspund	167,24	168,06
Evra	155,19	156,05
Dönsk króna	20,820	20,942
Norsk króna	17,465	17,567
Sænsk króna	14,691	14,777
Japanskt jen	1,3118	1,3194
SDR	176,87	177,93

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 190,9445

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Allar frystigeymslur eru fullar af frystum fiski hjá Samskipum:

Treg sala til Austur-Evrópu

SJÁVARÚTVEGUR Allar frystigeymslur eru fullar af fiski hjá Samskipum og sumum fiskframleiðendum. Gunnar Kvaran, forstöðumaður útflutnings hjá Samskipum, segir að samtals um 6.500 til 7.000 tonn af frystum fiski bíði eftir að vera skipað út. Það sé fimmtungi meira en í fyrra og ekki hægt að taka við meiru.

Í frystigeymslum Samskipa eru nú samtals um 5.000 tonn af fiski. Til viðbótar eru rúmlega 1.500 til 2.000 tonn af frystum fiski í geymslu í gámum. „Þetta er óvenjulega mikið. Til viðbótar er hellingur í gámum þannig að það er ákveðin birgðasöfnun í gangi og sölutregða," segir Gunnar.

ÓLAFUR HAND

Birgðasöfnunin hefur staðið í fjóra til fimm mánuði. Gunnar telur að það hafi haldist í hendur við það þegar krónan féll, þá hafi byrjað að hökta í sölumálum. „Svo eru stórir markaðir mjög erfiðir, til dæmis baltnesku ríkin, Úkraína og fleiri lönd. Það eru erfiðleikar þar og menn ná ekki að selja fisk þangað eins og venjulega."

Ekki hefur verið óeðlilega mikil birgðasöfnun í geymslum hjá Eimskip. Ólafur Hand, markaðsstjóri hjá Eimskipum, bendir á að skipaferðum til og frá landinu hafi fækkað um tæpan þriðjung þannig að frystur fiskur bíði lengur í geymslunum.

Gunnar Tómasson framkvæmdastjóri segir Þorbjörn í Grindavík einungis eiga birgðir af gulllaxi sem sé óvenjulegt miðað við árstíma. Hægt hafi á sölunni til Austur-Evrópu vegna efnahagsþrenginga. Um leið og gulllaxinn hafi farið að staflast upp hafi veiðum á honum verið hætt og áhersla lögð á aðrar tegundir. - ghs

Ríkissaksóknari ákærir:

Lífshættuleg heilablæðing

DÓMSMÁL Karlmaður um fimmtugt hefur verið ákærður fyrir stórfellda líkamsárás. Honum er gefið að sök að hafa föstudaginn 11. júlí 2008 í Fógetagarðinum við Kirkjustræti í Reykjavík, slegið mann hnefahöggum í andlit og líkama svo að sá síðarnefndi féll í götuna. Árásarmaðurinn hélt barsmíðunum og spörkunum áfram í höfuð og líkama mannsins þar sem hann lá, með þeim afleiðingum að hann fékk lífshættulega blæðingu utan við heilahvel vinstra megin. Fórnarlambið krefst nær 600 þúsunda króna í skaðabætur. - jss

Ögmundur verður ráðherra:

Dregur sig í hlé frá starfi BSRB

VINNUMARKAÐUR Ögmundur Jónasson mun draga sig í hlé sem formaður BSRB verði hann gerður að ráðherra í stjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar. Ögmundur hefur verið orðaður við heilbrigðisráðuneytið.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að nái flokkarnir saman um stjórn, verði tilkynnt á föstudag að Ögmundur dragi sig í hlé. Þing BSRB verður haldið í haust og þá verður staðan endurmetin. Verði Ögmundur ráðherra þá gefi hann ekki kost á sér sem formaður á ný. Rætt er um að stjórn Vinstri grænna og Samfylkingar haldi áfram eftir kosningar. Ögmundur hefur verið formaður BSRB síðan 1988. - kóp

Langtímastjórn ef vel gengur fram á vorið

Formaður Vinstri grænna segir eðlilegt að minnihlutastjórn starfi áfram eftir kosningar ef vel tekst til fram að þeim. Málefnasamningur liggur væntanlega fyrir í dag. Framsókn vill ekki kyrrsetningu eigna eins og Vg hefur boðað.

STJÓRNMÁL Vinna að málefnasamningi nýrrar ríkisstjórnar gengur mjög vel að sögn Jóhönnu Sigurðardóttur frá Samfylkingu, sem taka mun sæti forsætisráðherra, og Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna. Jóhanna segir að stjórnin verði mynduð annað hvort á föstudag eða laugardag. Steingrímur sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að ef samstarf nýrrar minnihlutastjórnar gengi vel fram að kosningum væri eðlilegt að álykta sem svo að hún héldi áfram eftir kosningar. „Við erum svo sem ekkert farin að segja opinberlega um það ennþá," sagði hann. „Fyrst þarf nú að mynda ríkisstjórnina en það væri eðlilegt að álykta sem svo að gangi þetta vel þá auki það náttúrulega líkurnar á því að þetta samstarf haldi áfram, að sjálfsögðu."

Í málefnasamningnum, sem líklega verður tilbúinn í dag, er þó hvorki tekið á Evrópumálum né stóriðjumálum. „Þau eru ekki inni í þessum aðgerðapakka" sagði Steingrímur J. að loknum fundi í gær. „Aðalinntak þessarar samstarfsyfirlýsingar verður aðgerðapakki gagnvart heimilum og atvinnulífi í þessum landi, hreinsun í stjórnkerfinu; þessi brýnustu verkefni næstu vikna."

Steingrímur segir að rætt hafi verið um verkaskiptingu en ekki verið gengið frá ráðherraskipan. Aðspurður um þá tilgátu að hann verði fjármálaráðherra, Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, segir hann „þetta eru ekkert ólíklegar tilgátur þegar menn horfa á það hvaða ráðuneyti eru að losna og hvaða fólk tekur sæti fyrir okkar hönd en þetta er þó allt ófrágengið."

FERÐBÚINN EFTIR LANGAN FUND Steingrímur J. Sigfússon gerir sig ferðbúinn eftir að hafa setið langan fund í þinghúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Heimildir Fréttablaðsins herma að ráðherrarnir verði tíu talsins og verði fjórir frá hvorum flokki en síðan tveir utanþingsráðherrar. Líklegast yrði Kolbrún Halldórsdóttir fjórði ráðherra Vinstri grænna og þá sem umhverfisráðherra.

Kosningadagur hefur ekki verið ákveðinn en Vinstri grænir leggja á það mikla áherslu að hann verði sem fyrst og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins er sömu skoðunar.

Sigmundur Davíð var nokkuð efins um að skilyrði Vinstri grænna um að kyrrsetja eignir auðmanna við rannsókn á hruni bankanna yrði með í málefnasamningum.

„Þetta hefur komið fram í fjölmiðlaumræðu og okkur þótti það heldur óheppilegt að einstök mál væru sett af stað meðan verið er að mynda nýja stjórn. En þó Framsóknarflokkurinn vilji ganga jafnvel flokka harðast fram í rannsókn á því sem gerðist í aðdraganda bankahrunsins þá erum við jafn vel meðvitaðir um að við verðum að starfa eftir þeirri stjórnarskrá sem er í gildi, enn að minnsta kosti." jse@frettabladid.is

Starfsstöð AGS á Íslandi:

Tveir Íslendingar verða ráðnir

EFNAHAGSMÁL Starfsstöð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), sem hefur störf í byrjun mars, hefur verið úthlutað skrifstofu í húsnæði forsætisráðuneytisins við Hverfisgötu. Franek Rozwadowski, hagfræðingur AGS til margra ára, mun fara fyrir starfi sjóðsins hér á landi til ársloka 2010 samkvæmt upplýsingum frá Bolla Þór Bollasyni, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins.

Auk Rozwadowski verða tveir íslenskir starfsmenn ráðnir til stöðvarinnar og verða þeir því einnig starfsmenn AGS. Þau störf verða auglýst til umsóknar fljótlega.

Rozwadowski, sem er bæði með pólskan og svasílskan ríkisborgararétt, var á landinu í vikunni í húsnæðisleit. Hann mun búa hér á landi ásamt fjölskyldu sinni. - kg

Bandarískir fjárfestar á Íslandi:

Hafa áhuga á nýjum sæstreng

SAMGÖNGUMÁL Kristján L. Möller samgönguráðherra tók nýlega á móti þremur mönnum frá Bandaríkjunum sem kanna hugsanlega lagningu sæstrengs milli Íslands og Bandaríkjanna. Þeir kynntu ráðherra áform sín en engar ákvarðanir hafa verið teknar. Fyrir hópnum fór Steve Cowper, fyrrverandi landstjóri frá Alaska. Í viðskiptahugmynd mannanna felst að nýting sæstrengsins byggist á gagnaverum hér á landi.

KRISTJÁN L. MÖLLER

Fjárfestarnir kynntu sér aðstæður í því skyni að meta frekar áætlanir sínar og kynningu meðal fjárfesta vestanhafs. - shá

Yfirmenn Kaupþings:

Eiginkonur yfirtóku eignirnar

VIÐSKIPTI Sex fyrrverandi framkvæmdastjórar og forstöðumenn Gamla Kaupþings afsöluðu að fullu húseignum sínum til eiginkvenna sinna á tímabilinu 31. ágúst til 8. október á síðasta ári. Þann 9. október var ljóst að bankinn var kominn í þrot. Þetta kom fram í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær. Á þessu sama tímabili höfðu hins vegar yfirmenn bankans fullyrt að bankinn stæði ekki höllum fæti.

„Kannið þið hvort það sé eitthvert vit í þessu áður en þið spyrjið svona heimskulegra spurninga," sagði Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings þegar Fréttablaðið ræddi við hann. „Það er til hellingur af fjölmiðlamönnum sem spyrja og spyrja en skrifa svo rugl. Kannaðu það fyrst." - jse

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir
Veðurfréttamaður

SKÍÐAVEÐUR
Stund er milli stríða í veðrinu í dag, hægur vindur og lítil úrkoma. Það horfir því ágætlega fyrir skíðaiðkendur og aðra unnendur útivistar. Í kvöld eða fyrramálið kemur lægð upp að suðausturströnd landsins með tilheyrandi úrkomu og meiri vindi.



HEIMURINN

Alicante	17°
Bassel	9°
Berlín	3°
Billund	2°
Eindhoven	4°
Frankfurt	4°
Friedrichshafen	4°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	19°
London	6°
Mallorca	15°
New York	3°
Orlando	22°
Ósló	-1°
París	5°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Þökkum stuðninginn

Auknar hvalveiðar stuðla að endurreisn íslensks efnahagslífs.

Í kjölfar þeirrar ákvörðunar sjávarútvegsráðherra að veita heimild til veiða á langreyði og hrefnu til ársins 2013 og stækka leyfilegan kvóta í þessum tegundum munu hvalveiðifyrirtæki á Íslandi ráða á þriðja hundrað starfsmanna til sjós og lands á næstu vikum. Ný atvinnutækifæri og auknar útflutningstekjur eru svo sannarlega góðar fréttir fyrir okkur Íslendinga.

Akraneskaupstaður
Aldan stéttarfélag
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Félag hrefnuveiðimanna
Félag skipstjórnarmanna
Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Fiskifélag Íslands
Fjórðungssamband Vestfjarða
Grímseyjarhreppur
Hvalfjarðarsveit
Ísafjarðarbær
Kópavogsbær
Landssamband íslenskra útvegsmanna
Landsamband smábátaeigenda
Samtök fiskvinnslustöðva
Snæfellsbær
Sjómannafélag Eyjafjarðar
Sjómannafélag Hafnarfjarðar
Sjómannafélag Íslands
Sjómannafélagið Jötunn
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Sjómannasamband Íslands
Súðavíkurhreppur
Útvegsbændafélagið Heimaey
Útvegsbændafélag Vestmannaeyja
Útvegsmannafélag Akraness
Útvegsmannafélag Austfjarða
Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar
Útvegsmannafélag Hornafjarðar
Útvegsmannafélag Norðurlands
Útvegsmannafélag Reykjavíkur
Útvegsmannafélag Snæfellsness
Útvegsmannafélag Suðurnesja
Útvegsmannafélag Vestfjarða
Útvegsmannafélag Þorlákshafnar
Verkalýðsfélag Akraness
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Vestmannaeyjabær
Vísir – félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

SJÁVARNYTJAR FÉLAG ÁHUGAMANNA UM SKYNSAMLEGA NÝTINGU NÁTTÚRUAUÐLINDA

KJÖRKASSINN

Kaupir þú vörur sem framleiddar eru í Ísrael?

Já	28,1
Nei	71,9

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga Íslendingar að reyna að fá betri kjör hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum?

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Óskráð regla að starfsstjórnir taki ekki veigamiklar eða stórpólitískar ákvarðanir:

Aðrir meti ákvörðun Einars

STJÓRNMÁL Óskráð regla hefur verið að ráðherrar í starfsstjórnum taki ekki veigamiklar eða stórpólitískar ákvarðanir, segir Guðni Th. Jóhannesson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Einar K. Guðfinnsson, fráfarandi sjávarútvegsráðherra, ákvað á þriðjudag, degi eftir að stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar féll, að gefa út reglugerð um hvalveiðar í atvinnuskyni. Reglugerðin heimilar veiðar á hrefnu og langreyði næstu fimm árin.

Guðni segir að aðrir verði að meta hvort ákvörðun Einars teljist veigamikil, eða hvort hún hafi verið hluti af daglegum störfum ráðherra.

HVALVEIÐAR Fráfarandi sjávarútvegsráðherra gaf leyfi fyrir veiðum á hrefnu og langreyði til næstu fimm ára á þriðjudag. MYND/GUNNAR BERGMANN

Fallin ríkisstjórn starfar áfram þar til ný hefur verið mynduð, og er kölluð starfsstjórn á þeim tíma. Guðni segist ekki muna eftir dæmum þar sem hin óskráða regla um ákvarðanir ráðherra í starfsstjórnum hafi verið brotin.

Hann bendir til dæmis á að Benedikt Gröndal hafi kvartað yfir því að starfsstjórn hans hafi ekki getað tekið stórar ákvarðanir. Minnihlutastjórn hans baðst lausnar eftir kosningar í desember 1979 en starfaði fram í febrúar 1980 þar sem illa gekk að mynda stjórn.

Björgvin G. Sigurðsson, fráfarandi viðskiptaráðherra, sagði upp stjórn og framkvæmdastjóra Fjármálaeftirlitsins á sunnudag, og sagði af sér í kjölfarið. Guðni segir að eðlismunur sé á þessari ákvörðun og ákvörðun Einars, enda stjórnin ekki fallin á sunnudag. - bj

Fagna hvalveiðikvóta:

Nýta ber auðlindir landsins

SJÁVARÚTVEGUR Landssamband íslenskra útvegsmanna fagnar þeirri ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra að heimila hvalveiðar í atvinnuskyni.

„Íslendingum ber að gæta vel að rétti sínum til nýtingar hvalastofna við landið“ segir í tilkynningu. „Grundvallaratriði er að landsmönnum verði hvorki meinað að nýta auðlindir hafsins á sjálfbæran hátt, né að viðhalda jafnvægi milli tegunda. Hvalastofnar við Íslandsstrendur eru ekki í útrýmingarhættu heldur í stöðugum vexti og eru nú taldir nálægt upprunalegri stærð.“ - shá

Afar hörð gagnrýni á leyfi til hvalveiða

Þingmenn Samfylkingar og VG gagnrýna sjávarútvegsráðherra hart fyrir að gefa út hvalveiðikvóta. Andstæðingar veiða segja ákvörðun hans skemmdarverk gegn landi og þjóð. Ný stjórn íhugar að hnekkja ákvörðun um hvalveiðar.

SJÁVARÚTVEGUR Þingmenn Samfylkingar og Vinstri-grænna gagnrýna Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra afar hart fyrir að gefa út leyfi til hvalveiða í atvinnuskyni. Hann er sagður misnota aðstöðu sína gróflega sem fráfarandi ráðherra. Andstæðingar hvalveiða kalla ákvörðun hans skemmdarverk gagnvart landi og þjóð. Samtök útvegs- og sjómanna fagna ákvörðuninni sem rökréttri nýtingu á sjálfbærri auðlind.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, segir ákvörðun Einars mikil vonbrigði. „Þetta er óskammfeilið og hrein sýndarmennska. Hann er að reyna að skuldbinda næstu ríkisstjórn og þetta er útspil í komandi kosningabaráttu. Enginn ráðherra ætti að taka ákvörðun um auðlindir landsins með þessum hætti og það án nokkurs samráðs við samstarfsflokk í ríkisstjórn.“ Atli vill ekkert tjá sig um hvort rétt sé að eftirmaður Einars hnekki ákvörðun hans með nýrri reglugerð; það sé hins vegar nærtækt telji menn að rök hnígi að því að slíkt sé æskilegt. Fyrirséð er að hans mati að ákvörðun Einars geti haft alvarleg áhrif fyrir Ísland á alþjóðavettvangi.

Flokkssystkin Atla, formaðurinn Steingrímur J. Sigfússon og Kolbrún Halldórsdóttir, hafa fyrr gagnrýnt ákvörðun Einars í innlendum sem erlendum fjölmiðlum. Það gerði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra einnig í gær og sagðist í samtali við vísir.is vilja endurskoða ákvörðunina í nýrri ríkisstjórn.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að hvalveiðileyfið sé ekkert annað en skemmdarverk gagnvart landi og þjóð. Hann ítrekar efasemdir sínar um að markaður sé fyrir hvalaafurðir og segir hvalveiðar munu valda erfiðleikum með sölu íslenskrar vöru um allan heim. „

DRÖFN GERIR KLÁRT 2006 Hvalveiðimenn hafa þegar hafið undirbúning veiða. Það er hins vegar mikilli óvissu háð hvort það sé tímabært, í ljósi umræðunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

STAÐREYNDIR UM HVALVEIÐIMÁLIÐ

- Sjávarútvegsráðherra gaf út reglugerð um veiðar á hrefnu og langreyði til 5 ára.
- Veiðar í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar myndu ekki ganga um of á stofna hrefnu og langreyðar að mati vísindanefndar Alþjóða hvalveiðiráðsins. Það eru 150 langreyðar og 100 hrefnur.
- Stofnarnir báðir eru taldir í sögulegu hámarki.
- Ráðið sjálft hefur enn fremur úrskurðað að hvalveiðar Íslendinga séu löglegar.
- Sú ákvörðun að veiðiheimildir séu til 5 ára er í samræmi við almenna venju innan Alþjóðahvalveiðiráðsins.
- Veiðar á langreyði hófust í atvinnuskyni haustið 2006, en hafa legið niðri síðan vegna óvissu um sölu afurða. Nú hefur þeirri óvissu verið eytt.
- Veiðar á hrefnu hófust árið 2003. Hingað til hafa veiðst 246 hrefnur í vísinda- og atvinnuveiðum.

Hvalaskoðunarsamtök Íslands fordæma gjörninginn sem þau telja ógna atvinnugreininni segir í fréttatilkynningu. Þeir telja bestu markaðssetningu Íslands til framtíðar að ný ríkisstjórn hnekki ákvörðun Einars.

Gagnrýnin kemur einnig utan frá og sagt er frá ákvörðuninni í fjölmiðlum víða um heim. Sinikka Bohlin, forseti Norðurlandaráðs, sagði á fundi ráðsins sem nú er haldinn í Reykjavík það vera undarlegt að ríkisstjórn Íslands skuli ákveða að undirrita svo umdeildan samning í miðri fjármála- og stjórnarkreppu. „Í slíkri pólitískri ringulreið ætti ekki að ræða mál sem þetta“, sagði Bohlin.

svavar@frettabladid.is

Fáðu yfirsýn yfir fjármálin

Komdu í Fjármálaviðtal

Við veitum þér persónulega þjónustu með vandaðri heildarráðgjöf um fjárhagslega stöðu heimilisins. Fjármálaviðtal er góð leið til að fá skýra yfirsýn yfir fjármál heimilisins og ræða leiðir til úrbóta.

Í Fjármálaviðtali förum við saman yfir eignir og skuldir, tekjur og útgjöld og gerum greiðsluáætlun fyrir þín lán.

Í Fjármálaviðtali förum við m.a. yfir:

- Eignir á móti skuldum
- Gjöld og tekjur
- Útgjaldaáætlun og heimilisbókhald
- Lánamat og greiðsluáætlun lána
- Skilmálabreytingar og sameiningu lána

Á glitnir.is og í útibúinu þínu getur þú líka nálgast einfaldar og öflugar lausnir til að setja heimilinu fjárhagsleg markmið.

GLITNIR

www.glitnir.is/markmid

Ágreiningur um launamál bæjarstjóra og samstarfsörðugleikar fella bæjarstjórn:

Meirihlutinn klofnar í tvennt

SVEITARSTJÓRNIR Útlit er fyrir að meirihluti E-listans klofni á fundi bæjarstjórnar á Blönduósi í dag.

Jóna Fanney Friðriksdóttir er einn fjögurra bæjarfulltrúa E-listans og var bæjarstjóri á Blönduósi í rúm fimm ár þar til 1. október 2007. Hún hefur lýst óánægju sinni með að eftirmaður hennar í bæjarstjórastólnum fái hærri laun en hún fékk. Hún telur að með þessu séu brotin á henni jafnréttislög, Jóna Fanney gagnrýnir jafnframt að ráðningarsamningur núverandi bæjarstjóra sé ekki lagður fram í bæjarstjórn og telur þar um brot á stjórnsýslulögum að ræða. Um þetta hefur hún sent liðsmönnum E-listans bréf eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær.

VALGARÐUR HILMARSSON

Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar, játar því að nú mæti hart hörðu milli Jónu Fanneyjar og hinna þriggja bæjarfulltrúa E-listans. Hann vill þó ekki kveða upp úr um að samstarfinu sé lokið. Framhaldið komi í ljós á bæjarstjórnarfundinum í dag.

Aðspurður kveðst Valgarður verða að vera bjartsýnn á að bæjarstjórnin verði starfhæf áfram. Auk fulltrúa E-listans sitja tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokks og einn fulltrúi A-lista í bæjarstjórn. Hann segir engan ágreining uppi um stór mál og bæjarfulltrúar hafi átt frábært samstarf. Í ljósi efnahagsástandsins hafi til dæmis verið breið samstaða um gerð fjárhagsáætlunar. „Þess vegna kom þetta eins og skrattinn úr sauðaleggnum,“ segir Valgarður.

- gar

Afnemum VSK
af allri útsöluvöru

TAX FREE
ÚTSALA

fatnaður og skór

verð aðeins

200-2400 kr

enn meiri verð-lækkun

UPPHAFLEGT VERÐ	TAX FREE VERÐ
~~499~~ KR.	200 KR.
~~799-999~~ KR.	400 KR.
~~1.299-1.699~~ KR.	800 KR.
~~1.999-2.499~~ KR.	1.200 KR.
~~2.999-3.999~~ KR.	1.600 KR.
~~4.499-6.999~~ KR.	2.400 KR.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hverjir fengu Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir árið 2008?*

2 *Hvaða íslenska hljómsveit flytur lagið Such Mistakes sem vinsælt er á BBC?*

3 *Hvað hefur Manchester United haldið hreinu í mörgum leikjum í röð?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Neyðarstjórn kvenna boðar til stofnfundar nýrrar stjórnmálahreyfingar:

Vill stuðla að breytingum

STJÓRNMÁL „Við vitum að núverandi flokkakerfi hentar mörgum konum illa enda er það byggt upp á gildum sem við þurfum að brjóta upp. Við viljum því skapa nýjan vettvang með það að leiðarljósi að auka jafnrétti, virðingu og velferð allra," segir Katrín Anna Guðmundsdóttir, viðskipta- og markaðsfræðingur og meðlimur í samtökunum Neyðarstjórn kvenna.

KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR

> Við þurfum að skipta út þeirri hugmyndafræði sem hér ræður ríkjum og stuðla að réttlátu samfélagi þar sem jafnrétti og virðing eru í hávegum höfð
>
> **KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR**
> Í NEYÐARSTJÓRN KVENNA

Samtökin hafa boðað til stofnfundar nýrrar stjórnmálahreyfingar kvenna í kvöld.

Neyðarstjórn kvenna var stofnuð í október til að bregðast við efnahagskreppunni. Yfirlýst markmið samtakanna er að stuðla að uppbyggingu þjóðfélagsins þar sem höfð eru í heiðri viðhorf og gildi sem fela í sér virðingu fyrir manneskjunni, samfélaginu, lífinu, náttúrunni og umhverfinu.

Katrín segist vonast til að sem flestar konur, sem áhuga hafa á kvennaframboði, láti sjá sig á fundinum sem haldinn verður á Hallveigarstöðum við Túngötu klukkan 20.00 í kvöld, fimmtudag. „Meginkjarninn er að við þurfum breytingar. Við þurfum að skipta út þeirri hugmyndafræði sem hér ræður ríkjum og stuðla að réttlátu samfélagi þar sem jafnrétti og virðing eru í hávegum höfð," segir Katrín. - kg

Afsökunarbeiðni til Armena:

Tyrkir falla frá málshöfðun

TYRKLAND, AP Saksóknarar í Tyrklandi hafa ákveðið að ekki verði höfðað mál á hendur hópi manna, sem skipulögðu herferð á netinu um að Tyrkir biðjist afsökunar á þjóðarmorði á Armenum fyrir um níutíu árum.

Meira en 28 þúsund manns skrifuðu nafn undir afsökunarbeiðni á netinu, en á móti var sett upp önnur herferð á netinu þar sem um 65 þúsund manns skrifuðu undir yfirlýsingu um að þeir biðjist ekki afsökunar.

Hjá tyrkneska ríkissaksóknaraembættinu var hafin rannsókn á afsökunarherferðinni og hvort hún varðaði við lög um þjóðníð. - gb

Obama tekur til hendinni

Barack Obama hefur ekkert verið að tvínóna við hlutina fyrstu vikuna í embætti. Áherslan hefur einkum verið á utanríkismál og efnahagsmál. Hann vill leggja sitt af mörkum til að leysa deilu Palestínu og Ísraels.

BANDARÍKIN Barack Obama hefur ekki setið auðum höndum fyrstu viku sína í embætti og hraðar sér að snúa af stefnu forvera síns, George W. Bush, í hverju málinu á fætur öðru.

Strax fyrsta daginn hóf hann undirbúning að lokun Guantánamo-fangabúðanna með því að fara fram á að öllum réttarhöldum yfir föngum þar verði frestað. Fáeinum dögum síðar undirritaði hann tilskipun um að búðunum verði lokað innan árs.

Daginn eftir embættistökuna hringdi hann í ráðamenn Ísraela, Palestínumanna, Egypta og Jórdana og tók þar skýrt fram að hann vildi leggja sitt af mörkum til að leysa deilur Ísraela og Palestínumanna.

Áhersla Obama á bætt samskipti við Mið-Austurlönd, arabaheiminn og múslima kom síðan enn betur í ljós þegar hann ákvað að fyrsta sjónvarpsviðtal sitt í embætti yrði við arabíska sjónvarpsstöð og bauð múslimaheiminum útrétta sáttahönd.

Strax fyrir helgi hafði hann skipað þá George Mitchell og Richard Holbrooke að sinna erindum Bandaríkjanna í Austurlöndum nær og fjær. Mitchell hafði átt stóran þátt í að miðla málum á Norður-Írlandi en Holbrooke hefur reynslu af friðarsamningum í Bosníustríðinu.

Á þriðjudaginn greip Obama síðan aftur símann og hringdi í Dmitrí Medvedev Rússlandsforseta til að fullvissa hann um vilja sinn til að bæta samskipti ríkjanna. Þetta símtal bar árangur strax daginn eftir, þegar Medvedev skýrði frá því að Rússar hefðu hætt við að setja upp flugskeyti á Kaliningrad-svæðinu við Eystrasalt, skammt frá landamærum Póllands. Rússar höfðu ætlað sér að setja upp flugskeyti þar sem svar við áformum Bush-stjórnarinnar um að koma sér upp flugskeytavarnakerfi í Póllandi og Tékklandi.

ÖNNUM KAFINN FORSETI Barack Obama undirritaði á mánudag tilskipanir um orkusparnað og loftslagsbreytingar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Efnahagsmálin gætu samt reynst Obama erfiðari viðureignar en utanríkismálin. Obama hefur kynnt efnahagsráðstafanir, sem eiga að koma fyrirtækjum og fjölskyldum til bjargar, en deilur hafa verið um þær. Repúblikanar hafa sagt þær kosta ríkissjóð of mikið og óvíst hvort þær komi að tilætluðu gagni.

Umhverfismálin eru einnig komin á dagskrá. Á mánudaginn undirritaði Obama tilskipanir um hertar útblástursreglur og endurnýjanlega orkuvinnslu, sem gerði Bandaríkin síður háð innflutningi á olíu.

Þá hikaði Obama ekki við að taka á einu viðkvæmasta deilumáli bandarískra stjórnvalda, sem eru fóstureyðingar. Á þriðja degi nam hann úr gildi tilskipun Bush-stjórnarinnar, þar sem lagt var bann við því að alþjóðleg samtök fengju styrki úr ríkissjóði ef þau styðja með einhverjum hætti fóstureyðingar. gudsteinn@frettabladid.is

ARNOLD SCHWARZENEGGER Strangar reglur um útblástur bifreiða.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sigur Schwarzeneggers:

Obama fellst á strangari reglur

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur heimilað ríkisstjórn Kaliforníu að setja strangari reglur en alríkið um útblástur bifreiða.

Heimildin þykir sigur fyrir Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra Kaliforníu, sem fékk ekki þessa heimild hjá George W. Bush, fyrrverandi forseta.

„Of lengi hefur stjórnin í Washington verið sofandi við stýrið í umhverfismálum," segir Schwarzenegger.

Önnur ríki Bandaríkjanna geta nú valið hvort þau fylgja alríkisreglunum um útblástur bifreiða eða hinum strangari reglum Kaliforníu. - gb

Fíton/SÍA

Framboð lista við kjör stjórnar og trúnaðarráðs

Auglýst er eftir listum vegna kosningar 4 stjórnarmanna og 82 fulltrúa í trúnaðarráð skv. 3. tölulið 20. gr. laga VR.

Framboðslistum skal skilað á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 1. hæð, eigi síðar en **kl. 12:00 á hádegi, fimmtudaginn 12. febrúar nk**.

Berist fleiri listar en listi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna sem þegar liggur fyrir skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla í félaginu um framkomna lista.

Nánari upplýsingar eru á vef VR **www.vr.is**. Þá má fá frekari upplýsingar hjá kjörstjórn með því að hringja í síma VR **510 1700** eða senda tölvupóst á **kjorstjorn@vr.is**.

Kjörstjórn VR.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR

HVERNIG LÝST ÞÉR Á VINSTRI-STJÓRN OG JÓHÖNNU SIGURÐARDÓTTUR SEM FORSÆTISRÁÐHERRA?

Bjarndís Friðþjófsdóttir, starfsmaður á innheimtuskrifstofu

Mér finnst þetta frábært. Ég hef meiri trú á vinstri stjórn en Sjálfstæðisflokknum og vonandi breytist eitthvað. Jóhanna er rétta manneskjan í starfið.

Erla Wigelund, kaupmaður



Ég vona bara að vinstri stjórnin ráði fram úr þessu. Mér lýst ágætlega á Jóhönnu, en ég er Sjálfstæðismanneskja og held meira upp á Geir Haarde.

Áki Jónsson, starfsmaður í tölvuverslun

Mér lýst vel á þetta, en maður þarf að bíða og sjá hvað gerist. Mér lýst mjög vel á Jóhönnu Sigurðardóttur. Það vantar nýtt fólk.

Halldóra Halldórsdóttir, starfar hjá Stígamótum



Ég held að Jóhanna sé eini kosturinn í stöðunni eins og er. Hún er eina manneskjan sem virðist hafa traust fólksins þessa dagana. Vonandi verða kosningar.

Stefan Sabramowicz, starfsmaður á bensínstöð



Ég er frá Póllandi og gengur frekar illa að botna í öllum þessum umræðum. En ég er hér með fjölskylduna mína, við ætlum að búa hér í nokkur ár í viðbót og þess vegna verða hlutirnir að breytast.

Soffía Óskarsdóttir, heimavinnandi húsmóðir



Er þetta ekki bara ágætt? Ég ætla rétt að vona að stjórnin sem tekur við verði skárri en sú sem var. Það getur ekki versnað.

Opið í dag
11 til 21

Bláa bomban

VERÐSPRENGJA!

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af allri útsöluvöru*

*Gildir ekki hjá Benetton og af völdum vörum hjá NTC
Gildir ekki af vöru á föstu verði

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

Orð Davíðs og það sem svo gerðist

Ríkisstjórnarmyndun er langt komin og Fjármálaeftirlitið hefur verið leyst frá störfum. Dagar Davíðs Oddssonar sem seðlabankastjóra eru senn taldir. Rétt er að rifja upp mat hans á efnahagslegri framtíð þjóðarinnar samanborið við atburðarás síðustu missera.

Ræða Davíðs Oddssonar á ársfundi Seðlabankans 28. mars 2008:

1. Þrátt fyrir það andstreymi sem víða sést, ekki síst í tengslum við hina alþjóðlegu fjármálamarkaði og þau miklu áhrif sem það kann að hafa á svipaða starfsemi hér, þá er ekki endilega líklegt að íslenska þjóðin sé að sigla inn í kreppu. Miklu líklegra er að nú hægi nokkuð á og í versta falli tökum við nokkra dýfu, sem ætti þó ekki að þurfa að standa lengi. Það höfum við gert fyrr og hrist fljótt af okkur áhrifin af því, enda hefur íslenskt þjóðfélag jafnan sýnt mikla aðlögunarhæfni. Nokkuð ljóst er að jafnvægi verður ekki komið á í þjóðarbúskapnum nema með samdrætti í eftirspurn. ... En hitt er rétt að hafa í huga, að ef menn draga það að laga sig að aðstæðum og rifa seglin, þá er ekki ómögulegt að tiltölulega lítil dýfa geti breyst úr því fyrirbæri í eitthvað sem kalla mætti kreppu.

Staðreynd: Ísland er statt í dýpstu efnahagslægð sem riðið hefur yfir vestrænt ríki. Lítið sem ekkert var gert til að rifa seglin með þeim afleiðingum að of seint var að grípa inn í þegar ljóst var hversu staðan var alvarleg.

Mbl. 11. apríl 2008:

2. Þegar bankar voru einkavæddir og seldir var ríkisábyrgð ekki seld með, þeir hefðu væntanlega verið seldir miklu dýrara verði ef það hefði verið."

Staðreynd: Í ljós kom að vegna ríkisábyrgðar falla Icesave-reikningar Landsbankans og Edge-reikningar Kaupþings á Ísland og þjóðin þarf að greiða. Alls er talið að sú upphæð nemi 700 milljörðum króna. Óvíst er hversu mikið fæst upp í þá skuld við sölu eigna, en talið fullvíst að 150 milljarðar muni falla á almenning.

Lokaorð í áliti Seðlabanka Íslands úr ritinu Fjármálastöðugleiki. Davíð Oddsson skrifar undir sem formaður bankastjórnar 9. maí.

3. Á heildina litið er niðurstaða Seðlabankans enn sú að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust. Íslenska bankakerfið uppfyllir kröfur sem gerðar eru til þess og stenst álagspróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa gert.

Staðreynd: Fimm mánuðum síðar voru allir helstu bankar landsins fallnir.

Kastljósviðtal 7. október 2008:

4. Ísland er ekki að fara að bregðast skyldum sínum, ríkissjóður Íslands mun aldrei lenda í vanskilum, þvert á móti þá er staða hans að styrkjast. Um leið og menn átta sig á þessu þá mun mat matsfyrirtækjanna á Íslandi sem slíku hækka, þá munu CDS-álögin á ríkið falla með undrahraða niður og þá mun gengið styrkjast. Menn eru enn þá að halda að þetta séu vandræði en við erum að taka þessa dálítið harkalegu ákvörðun að segja; við ætlum ekki að borga þessar erlendu skuldir bankanna.

Staðreynd: Ísland tapar alfarið trausti alþjóðasamfélagsins vegna þeirra hugmynda að erlendar skuldir bankanna yrðu ekki greiddar. Gengi krónunnar hefur verið með þeim hætti að það er að sliga atvinnulíf og heimili í landinu. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir því að í árslok þessa árs muni skuldir ríkissjóðs nema 413 milljörðum kr. umfram eignir. Hvað eignabreytingar varðar vegur þyngst að sjóðurinn mun tapa 220 milljörðum kr. vegna veðlána þeirra sem sjóðurinn létti nýlega af Seðlabankanum.

5. ...tiltölulega mjög fljótlega þá erum við með ríki sem er skuldlaust eða skuldlítið í erlendum skuldum og við erum skyndilega með þjóðarskuldir sem eru orðnar sáralitlar og af því að gengið hefur verið svona að þá hefur viðskiptahallinn meira og minna horfið, þannig að við erum komnir með mjög fína og öfluga mótspyrnu ...

Staðreynd: Skuldir Íslands eru metnar á um 2.300 milljarða væru öll lán nýtt sem vilyrði hafa verið gefin fyrir. Það er hins vegar óvíst hvort til þess komi.

TÍMABÆRT AÐ FARA? Davíð hefur verið afar umdeildur sem seðlabankastjóri.

6. Þess vegna á fólk að hugsa til þess að þó þetta sé erfitt um hríð þá erum við miklu betur stödd núna eftir þetta allt saman heldur en við vorum fyrir þremur vikum því þá héldu menn enn þá að við ætluðum að burðast með allar þessar skuldir. En nú höfum við tekið þá hörðu ákvörðun að við ætlum ekki að láta þessar erlendu skuldir falla á íslenskan almenning og það er sanngjörn leið.

Staðreynd: Ákvörðunin varð til þess að öll vinaríki snerust gegn Íslandi. Erlendar skuldir nema hundruðum milljarða.

7. Sem betur fer eru menn að fara þá leið sem að við í Seðlabankanum vildum. Við ætlum ekki að láta þessa kreppu lenda með fullum þunga á íslenskum almenningi. Núna þurfum við auðvitað að koma okkur í gegnum þetta. Við þurfum að haga kjarasamningum þannig að það skapist ró og Seðlabankinn geti farið að lækka vexti. Það er orðið mikilvægt að við getum farið að gera það. Og þar er samvinna við aðila vinnumarkaðarins mikilvæg og um leið og menn átta sig á þessu að við ætlum ekki að setja þessa skuldaklafa á þjóðina, um leið og matsfyrirtækin fara að átta sig á þessu og erlendar lánastofnanir þá mun staða Íslands gjörbreytast og gengið styrkjast. Ég held að það þurfi ekkert mjög langan tíma til þess.

Staðreynd: Stýrivextir eru 18 prósent, þeir hæstu í sögunni. Samningar við aðila vinnumarkaðarins eru meira og minna í óvissu og uppnámi. Lánalínur til Íslands eru helfrosnar og svo verður enn um hríð samkvæmt spám. Lánstraust ríkisins er ekkert.

8. Við erum að ganga í gegnum smá tíma að menn eru að átta sig á því, það sem ég er að segja hérna, að við erum að draga úr skulda hérna fargi þjóðarinnar en ekki að auka það. Og það tekur tíma að síast inn og um leið og það síast inn hægt og rólega að þá mun gengismarkaðurinn lagast mjög fljótt og vel.

Staðreynd: Nú er ljóst að efnahagsvandinn er svo djúpstæður að það mun taka þjóðina mörg ár að vinna úr því.

9. Hvað eru menn að tala um hérna, varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er verið að tala um það að þá yrði ríkisstjórnin að óska eftir því að fara í svokallað prógramm sem getur staðið í sex mánuði eða tólf mánuði þar sem að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kemur hingað, tekur ráðin af ríkisstjórninni varðandi fjárlög ríkisins meira og minna ... En þetta er notað yfir ríki sem hafa orðið gjaldþrota. Íslenska ríkið er ekki gjaldþrota, menn verða, sko það eru bankarnir sem eru í vandræðum, ekki íslenska ríkið í rauninni.

Staðreynd: Fjörutíu dögum eftir að viðtalið var tekið óskuðu íslensk stjórnvöld eftir aðstoð AGS eftir tilraunir til að komast hjá slíkri samvinnu. Þá var ljóst að slíkt samstarf var forsenda þess að Ísland yrði meðtekið í alþjóðasamfélaginu að nýju og hefði möguleika á að fá nauðsynlega lánafyrirgreiðslu.

FÍR
FÉLAG ÍSLENSKRA RAFVIRKJA

Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 32. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12 miðvikudaginn 25. febrúar 2009 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 146 fullgildra félagsmanna

Reykjavík 28. janúar 2009

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja

VERÐUR ÁFRAM VIÐ STÖRF Lögreglumaðurinn var dæmdur til greiðslu sekta og miskabóta fyrir líkamsárás í 10-11 verslun í Grímsbæ. Honum verður ekki vikið úr starfi.

Dómi héraðsdóms ekki áfrýjað til Hæstaréttar:

10-11 lögreglumaðurinn starfar áfram

LÖGGÆSLUMÁL Lögreglumanni sem dæmdur var í desember til greiðslu sektar og miskabóta fyrir líkamsárás í 10-11 verslun í Grímsbæ verður ekki vikið úr starfi hjá lögregluu.

Maðurinn var í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmdur í 120 þúsunda króna sekt í desember fyrir að hafa veist að pilti í versluninni eftir að til orðaskaks hafði komið. Honum var jafnframt gert að greiða piltinum 60 þúsund krónur í miskabætur.

Dómnum verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar, samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara. Þá gerði lögmaður lögreglumannsins ekki ráð fyrir áfrýjun sektardóms Héraðsdóms.

Í svari embættis ríkislögreglustjóra til blaðsins varðandi málið segir að það hafi verið álit lögfræðinga að ekki væru nægar forsendur til að leysa embættismanninn frá embætti vegna sektardóms undirréttar.

„Í því sambandi var meðal annars litið til fordæma," segir í svarinu. - jss

Sæktu þér aukinn styrk

- fjölbreytt og áhugaverð námskeið á næstunni

STJÓRNUN OG STARFSÞRÓUN

Breyttar forsendur í starfsmannamálum fyrirtækja: Nýir tímar, aðrar áherslur
haldið 12. febrúar

Árangursrík liðsheild: Leiðin að silfrinu
haldið 12. febrúar

Árangursrík þátttaka almennings og hagsmunaaðila - í tengslum við ákvarðanatöku
hefst 18. febrúar

Tímastjórnun
hefst 19. febrúar – EINNIG Í FJARFUNDI

Framsækni - Að tjá sig af öryggi
hefst 19. febrúar

Tölvupóstur: Skilvirkni og yfirsýn
haldið 24. febrúar

Innri gæðaúttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
hefst 25. febrúar

Að fást við krefjandi viðskiptavini af öryggi og yfirvegun
haldið 26. febrúar

Verkefnastjórnun – þitt val:

Markmið og árangursmælingar í verkefnum
haldið 16. febrúar

Stjórnun óvissu í verkefnum
haldið 17. febrúar

Hlutverk og stjórnskipulag í verkefnum
haldið 18. febrúar

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Börn eru klár
hefst 19. febrúar

Íþróttasálfræði
hefst 23. febrúar – EINNIG Í FJARFUNDI

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Reiknuð laun í eigin atvinnurekstri
haldið 16. febrúar

Greining ársreikninga
hefst 18. febrúar

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Gjörhygli hugleiðsla
hefst 13. febrúar

Gagnavinnsla og lýsandi tölfræði í SPSS
hefst 23. febrúar

Lyfjahagfræði
hefst 24. febrúar

MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

Konurnar í Biblíunni: Frá Evu til Maríu móður Guðs
hefst 5. febrúar

Samskipti foreldra og barna
hefst 11. febrúar

Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum
hefst 16. febrúar

Ísland og ESB á mannamáli – námskeið fyrir almenning um áhrif þess að Ísland sæki um inngöngu í ESB
hefst 16. febrúar

Seigla er kjarni sigurviljans
haldið 19. febrúar

Eftir jólabókaflóðið: Yndislestur með Einari Kárasyni
hefst 19. febrúar

Kínverska fyrir byrjendur
hefst 23. febrúar

SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN

Stjórnsýslu- og upplýsingalög
hefst 18. febrúar – EINNIG Í FJARFUNDI

Mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms.
Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

KREPPA Í BRETLANDI Vauxhall-umboð í Manchester vekur athygli á útsölu á nýjum bílum með þessum áberandi auglýsingaþakta bíl. Óseldir bílar hrannast upp hjá bílaframleiðendum í kreppunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýskipaður erindreki Bandaríkjanna hitti ísraelska ráðamenn:

Ró færist yfir Gasa á ný

PALESTÍNA, AP Ísraelar gerðu í gærmorgun loftárásir á jarðgöng undir landamæri Gasasvæðis og Egyptalands, skömmu áður en George Mitchell, nýskipaður erindreki Bandaríkjaforseta í Mið-Austurlöndum, heimsótti ísraelska ráðamenn.

Mitchell hvatti Ísraela til að halda vopnahlé, sem hófst fyrir tíu dögum í kjölfar þriggja vikna loftárása Ísraelshers á Gasasvæðið, en árásirnar settu svip sinn á heimsóknina.

Ísraelar sögðu árásir sínar gerðar í hefndarskyni vegna sprengju frá Palestínumönnum, sem varð einum ísraelskum hermanni að bana á þriðjudag. Síðdegis í gær virtist sem ró væri að komast á að nýju.

Eftir að vopnahlé hófst hinn 18. þessa mánaðar hófust íbúar á Gasasvæðinu strax handa við að endurgera jarðgöngin, sem Ísraelar höfðu að miklu leyti eyðilagt í árásum fyrr í mánuðinum.

Palestínumenn hafa notað göngin til að smygla bæði nauðsynjum og vopnum yfir á Gasasvæðið, sem hefur verið í nánast algerri einangrun mánuðum saman.

Javier Solana, utanríkisfulltrúi Evrópusambandsins, er einnig á ferð í Mið-Austurlöndum til að miðla málum og koma á vopnahléi, sem gæti enst til lengri tíma. - gb

GEORGE MITCHELL OG SHIIMON PERES Erindreki Obamas fer nú á milli ráðamanna í Mið-Austurlöndum og reynir að leggja lið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afganar mótmæla mannfalli:

Bandaríkjaher eflir hryðjuverk

AFGANISTAN, AP **Enn á ný mótmæla Afganar mannfalli í röðum almennra borgara sem stafar af loftárásum erlenda herliðsins í landinu.**

Hamid Karzai, forseti Afganistans, segir að dráp Bandaríkjahers á saklausum borgurum geri ekkert annað en að „styrkja hryðjuverkamennina“.

Nú síðast varð Bandaríkjaher sextán almennum borgurum að bana á laugardag þegar gerð var loftárás á Laghmanhérað. Bandaríkjamenn segja þó að fimmtán vopnaðir menn hafi verið felldir.

- gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Innbrot í skartgripaverslun

Brotist var inn í úra- og skartgripaverslun við Strandgötu í Hafnarfirði um klukkan þrjú í fyrrinótt. Þjófurinn braut rúðu í sýningarglugga og stal þaðan armböndum og úrum. Hann er ófundinn og málið er í rannsókn hjá lögreglunni.

LANDBÚNAÐUR

Nýr formaður kúabænda

Þórir Jónsson, bóndi á Selalæk í Rangárvallasýslu, hefur verið kosinn nýr formaður Félags kúabænda á Suðurlandi. Á fundi félagsins tilkynnti fráfarandi formaður, Sigurður Loftsson í Steinsholti, að hann hyggðist gefa kost á sér til formennsku.

NEYÐARSÖFNUN

Unicef til barna á Gasa

Hjálparsamtökin UNICEF standa fyrir fjársöfnun til handa börnum sem búa á Gasasvæði Palestínu. Í nýlegum árásum Ísraela létust 412 börn og 1.855 börn særðust. Fjöldi hefur og misst ástvini og heimili. UNICEF áætlar að 840.000 börn séu hjálparþurfi.

50 - 80% Afsláttur

Verðdæmi

Dúnúlpur	14.500 kr.
Öndunarjakkar	14.000 kr.
Flíspeysur	5.000 - 8.000 kr.

Lagersala

á 2. hæð Faxafeni 12 og Glerárgötu 32 Akureyri, fimmtudag, föstudag og laugardag

Krakka kuldagallar	9.000 kr.
Krakkaúlpur	8.000 kr.
Krakkaflís	2.000 - 4.000 kr.

... og fullt af fleiri vörum.

Faxafeni 12 - Reykjavík
Glerárgötu 32 - Akureyri

Opið fimmtudag 9-18, föstudag 9-18, laugardag 11-16.

66° NORÐUR

512 50 50 Auglýsingasími - Mest lesið

ÚTIHURÐIR OG GLUGGAR Björn Björnsson á trésmíðaverkstæðinu sem hann er að setja af stað aftur þessa dagana. Hann segir rekstarumhverfið nú orðið eðlilegt eftir góðæri.

Lokaði í góðæri og opnar í kreppunni

Björn Björnsson lokaði fyrirtæki sínu í bullandi góðæri en er nú að opna aftur í kreppunni. Hann segir rekstrarumhverfið loks orðið eðlilegt aftur. Íslendingar velji nú íslenska framleiðslu.

IÐNAÐUR Björn Björnsson trésmiður lokaði fyrirtæki sínu „Útihurðir og gluggar“ í góðærinu fyrir tæpum tveimur árum og er nú að opna aftur í kreppunni. Hann segir neytendur hafa snúið aftur í ríkum mæli að kaupum á íslenskri framleiðslu, enda eigi þeir ekki margra kosta völ.

„Ég lokaði fyrirtækinu í apríl fyrir tæpum tveimur árum. Það var ekki hægt að reka þetta. Fólk gat keypt mahóníglugga með gleri og öllu saman frá Litháen í gegnum Byko á sama verði og ég varð að bjóða. Það var ekkert hægt að keppa við þetta, enda var ég að framleiða á undirverði.“

Björn segist hafa séð fyrir að góðærið myndi ekki vara um alla eilífð.

„Það var vitað að þetta gæti ekki gengið nema í ákveðinn tíma eins og hefur alltaf verið í gegnum árin,“ útskýrir hann. „Þegar maðurinn er búinn að vera í rekstri frá 1982 þá veit maður um sveiflurnar og þekkir þær. Maður veit líka að það má ekki að taka erlend lán, enda sér maður núna hvernig ýmis íslensk fyrirtæki hafa farið á því. Það má heldur ekki kaupa bréf, því þau eru ekkert nema loftbólur. Menn eru að reka sig á þetta æ ofan í æ. Það er betra að stoppa reksturinn og hætta og byrja svo bara aftur.“

Björn er að setja fyrirtækið sitt af stað aftur þessa dagana. Þar framleiðir hann útihurðir, glugga og annað tréverk.

„Það er búið að taka fyrsta verkið inn og við erum að síga af stað. Það er nógur markaður fyrir okkur og nú erum við að framleiða á samsvarandi verði og er nú á innfluttu tréverki. Nú er staðan eðlileg og samkeppni milli íslenskra framleiðenda um verð á íslenskri vöru.“

Björn hefur einnig starfað sem verktaki í byggingariðnaði. Hann segir nær algilt hjá erlendum iðnaðarmönnum nú að fái þeir ekki tvo tíma fast í eftirvinnu ofan á dagvinnu velji þeir frekar að vera á atvinnuleysisbótum. Þeir bestu séu raunar farnir úr landi, en viss hópur sitji eftir.

„En nú verðum við bara að halda áfram að vera Íslendingar og bjarga okkur, eins og við höfum alltaf gert,“ segir Björn um ríkjandi ástand. „Við eigum að ráða fram úr vandanum og gera hlutina sjálf. Ef ekki fiskast þá verður bara að fara í land og vinna þar.

Svo er það líka af því góða að fá svolítið kjaftshögg og bremsa okkur niður.“ jss@frettabladid.is

ÚTSALA
REKKJUNNAR
20-60% AFSLÁTTUR!

Þrýstijöfnunar-svampsrúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
KOSTAR NÚ 99.300 kr.

RÚMSTÆÐI MEÐ LATEX HEILSUDÝNU
ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

COMODO
Svefnsófi
Verð áður 398.950 kr.
KOSTAR NÚ 279.265 kr.

SÆNGURVER
30% AFSLÁTTUR
Verð frá 3.710 kr.

FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
Verð frá 38.000 kr.

HEILSUKODDAR
30% AFSLÁTTUR
Verð frá 5.530 kr.

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 155.455 kr.
KOSTAR NÚ FRÁ 89.900 kr.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Blái húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

EKKI MISSA AF ÞE

ÚTSÖLU

46%
AFSLÁTTUR

STÓLL
6.999
VERÐ ÁÐUR: 12.980

JULIE leðurstóll, creme.

50%
AFSLÁTTUR

ARINN
59.990
VERÐ ÁÐUR: 119.980

ARINN 5400.

40%
AFSLÁTTUR

MIRANO tungusófi B:244 D:160 cm, fæst í svörtu leðri. Með vinstri tungu.

TUNGUSÓFI, LEÐUR
139.980
VERÐ ÁÐUR KR. 229.980

40%
AFSLÁTTUR

PINNACLE La-z-boy stóll B:82 D:85 H:102 cm. Fæst dökkbrúnn, vínrauður og ljósbrúnn.

LA-Z-BOY
59.980
VERÐ ÁÐUR: 99.980

RIALTO tungusófi B:234 D:153/91 H:71 cm, fæst í brúnu og cappucino áklæði. Hægt er að velja um hægri eða vinstri tungu.

TUNGUSÓFI
99.999
VERÐ ÁÐUR KR. 179.980

44%
AFSLÁTTUR

EXPO

OPIÐ ALLA DAGA **OPIÐ:** virka daga 10 – 18 • Laugardaga 12 – 18 • Sunnudaga 13 – 17

HÚSGAGNAHÖLLIN

SSU

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR

ULOK

BORÐSTOFUSTÓLL
9.990
VERÐ ÁÐUR: 19.980

44%
AFSLÁTTUR

MATARDISKUR
299

50%
AFSLÁTTUR

BORÐSTOFUBORÐ
99.999
VERÐ ÁÐUR KR. 179.980

GALAXY borðstofuborð 115x190/290 cm.
Fæst svart og hvítt háglans.
DOLPHIN borðstofustóll fæst í eik og hnotu.

50%
AFSLÁTTUR

JAYDEN 2 sæta sófi
B:165 D:94 H:90 cm

JAYDEN 3 sæta sófi
B:222 D:94 H:90 cm

JAYDEN stóll
B:108 D:94 H:90 cm
kr. **39.980** áður kr. ~~99.980~~

JAYDEN skemill
B:70 D:56 H:45 cm
kr. **29.990** áður kr. ~~59.980~~

2 SÆTA
69.980
VERÐ ÁÐUR: 149.980

3 SÆTA
79.980
VERÐ ÁÐUR: 169.980

50%
AFSLÁTTUR

BLAISE barborð Þ:66 H:100 cm.
fæst í króm/eik.
CURVE barstóll, fæst í rauðu leðri.

BARSTÓLL
8.990
VERÐ ÁÐUR: 17.980

BARBORÐ
14.990
VERÐ ÁÐUR: 29.980

HÚSGAGNAHÖLLIN · Bíldshöfða 20 · Reykjavík · sími 585 7200

Fáar konur í áhrifastöðum:

Einn af tíu er kona

Um níu af hverjum tíu framkvæmdastjórum, stjórnarformönnum og stjórnarmönnum fyrirtækja með fimmtíu starfsmenn eða fleiri eru karlar. Hlutfall kvenna af þessum stjórnendum er hæst í fyrirtækjum með tíu starfsmenn en lækkar eftir því sem starfsmenn eru fleiri.

Þetta kemur fram í riti Hagstofu Íslands um konur og karla í áhrifastöðum.

Þar segir jafnframt að hlutur kvenna í ýmsum áhrifastöðum standi í stað eða minnki. Í öðrum hafi hlutur kvenna hins vegar aukist. **- hhs**

EIN FÁRRA Katrín Pétursdóttir stjórnar hinu fjölmenna fyrirtæki Lýsi. Fáar konur eru í hennar stöðu á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FBL GREINING: ÞJÓÐSTJÓRN

Stjórn á krepputíma

Þegar Geir H. Haarde forsætisráðherra tilkynnti um endalok ríkisstjórnarsamstarfs Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar á mánudaginn lagði hann til að skipuð yrði þjóðstjórn með aðkomu allra flokka á Alþingi. Þessi þjóðstjórn myndi svo sitja fram að kosningum sem ráðgert er að verði í maí á þessu ári. Formenn Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins hafa allir á einhverjum tímapunkti undanfarna mánuði lagt til að skipuð yrði þjóðstjórn þó allt útlit sé nú fyrir að það verði ekki raunin við þessi stjórnarskipti.

■ Hvað er þjóðstjórn?

Þjóðstjórn er ríkisstjórn sem mynduð er með aðild allra eða flestra þeirra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á löggjafarþingi og nýtur þannig stuðnings allra eða flestra þingmanna. Slíkar stjórnir eru yfirleitt myndaðar þegar alvarlegt kreppuástand eða stríðsástand ríkir og tryggja þarf stöðugleika í landinu. Samkvæmt skilgreiningu eru þjóðstjórnir því meirihlutastjórnir.

■ Hefur þjóðstjórn verið mynduð á Íslandi?



Á Íslandi hefur einu sinni verið mynduð þjóðstjórn, hinn 17. apríl árið 1939. Að henni stóðu Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur undir forsæti Hermanns Jónassonar, formanns Framsóknarflokksins, sem var stærsti flokkurinn. Ástæðan var yfirvofandi styrjöld í Evrópu. Verkefni þjóðstjórnarinnar voru að gera ráðstafanir vegna styrjaldarinnar, semja við bandamenn um hervernd auk þess að fara með konungsvaldið eftir að Danmörk var hernumin árið 1941. Þjóðstjórnin hélt fram til maí árið 1942 en þá baðst Hermann Jónasson lausnar vegna innbyrðis ágreinings.

Málþing um löggjöf gegn mismunun á Íslandi

Iðnó, 30. janúar 2009

Mannréttindaskrifstofa Íslands og félags- og tryggingamálaráðuneytið standa að málþinginu, í samstarfi við Fjölmenningarsetrið, Samtökin´78, Öryrkjabandalagið, Landssamtökin Þroskahjálp, Samráðsvettvang trúfélaga, Kvenréttindafélag Íslands og Alþjóðahús.

Dagskrá

12:00 Léttur hádegisverður.

13:00 Tilskipanir Evrópusambandsins um bann við mismunun á Íslandi.
Helgi Hjörvar, formaður starfshóps á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

13:10 Íslensk löggjöf gegn mismunun og mögulegar umbætur.
Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

13:40 Ný jafnréttislöggjöf og hlutverk umboðsmanns gegn mismunun í Svíþjóð.
Anna T. Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá umboðsmanni Svía gegn mismunun.

14:20 Tilskipanir Evrópusambandsins og mismunun á vinnumarkaði á Íslandi – viðhorf verkalýðshreyfingarinnar.
Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands.

14:30 Kaffihlé.

14:50 Pallborðsumræður og fyrirspurnir.
Í pallborði sitja auk fyrirlesara:
Halldór Sævar Guðbergsson, framkvæmdastjóri ÖBÍ.
Katrín Jónsdóttir, fræðslufulltrúi Samtakanna´78.
Margrét Margeirsdóttir, formaður félags eldri borgara.
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss.
Toshiki Toma, prestur útlendinga.

Fundarstjóri er Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Málþingið er styrkt af PROGRESS-áætlun Evrópusambandsins.
Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

Skráning tilkynnist til icehr@mannrettindi.is.
Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Mannréttindaskrifstofu Íslands www.mannrettindi.is.

Hugsa sér!

Félags- og tryggingamálaráðuneytið · Framkvæmdastjórn ESB · Mannréttindaskrifstofa Íslands Icelandic Human Rights Centre · For Diversity Against Discrimination

FRÉTTASKÝRING: VG á leið í ríkisstjórn í fyrsta sinn

FORYSTAN Steingrímur J. Sigfússon og Katrín Jakobsdóttir sæl á landsfundi VG árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Til valda eftir áratug í öflugri stjórnarandstöðu

Nýtt og óþekkt hlutverk bíður Vinstrihreyfingarinnar - grens framboðs. Flokkurinn tekst á við stjórn landsins í fyrsta sinn í tíu ára sögu sinni.

Þau hafa margsinnis fengið að heyra að þau séu ekki stjórntæk. Andstæðingar VG afgreiddu flokkinn þannig að loknum kosningunum 2007. Og svo sem í kosningabaráttunni líka.

Í þinginu og þjóðmálaumræðunni hefur stimpillinn svo verið; VG er alltaf á móti öllu og leggur aldrei til neinar hugmyndir. Nema í atvinnumálum og þá snúast þær um prjónaskap og fjallagrös.

Vitaskuld hafa þessar möntrur farið í taugarnar á þingmönnum flokksins og þeir hafa stundum svarað. En bara stundum. Oftast láta þeir þetta sem vind um eyru þjóta og halda áfram að reka sína pólitík.

Pólitíkin

Og um hvað hefur pólitík VG snúist? Í stuttu máli fernt: hefðbundna vinstri stefnu, kvenfrelsi, umhverfismál og alþjóðahyggju. Það eru í það minnsta þær fjórar stoðir sem flokkurinn hvílir á, að eigin sögn.

Í inngangi að stefnuyfirlýsingu segir: Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra, sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu.

Alltaf á móti

En hvers vegna ætli því hafi oft og lengi verið haldið á lofti að VG sé alltaf á móti? Líklega vegna þess að stefna flokksins hefur einmitt verið það; á móti flestum meginverkefnum síðustu ríkisstjórna. Stefnumál þeirra hafa verið í svarinni andstöðu við stefnu VG. Einkavæðing, stóriðjustefna, varnarsamstarf – allt er þetta eitur í beinum vinstri grænna. Það væri undarlegur stjórnmálaflokkur sem sæti þegjandi undir því að mál og málaflokkar séu sveigðir í aðra átt en honum hugnast.

En andstaðan hefur svo sem ekki bara náð til stórra verka heldur líka smárra. VG hefur notað hvert tækifæri sem gefist hefur til að lýsa andúð sinni á ríkisstjórnum. Hann hefur því innistæðu fyrir að vera jafnan sagður á móti.

Tillögurnar

Á hinn bóginn er hægt að hrekja fullyrðingar um að VG leggi aldrei neitt til.

Þingmenn flokksins hafa í gegnum árin verið afar duglegir við að leggja fram þingmál. Ná þau til flestra málaflokka þar á meðal til atvinnumála. Og merkilegt nokk; VG hefur aldrei lagt fram þingmál sem lýtur að prjónaskap. Á fjallagrös hefur einu sinni verið minnst; í þingsályktunartillögu flokksins um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað.

Heild

Þingflokkur VG hefur frá upphafi verið samheldinn og einhuga. Þar á bæ hefur enginn verið til í að gefa afslátt af ýtrustu kröfum. Eða andstöðu. Helgast það líkast til fremur af því að stefnan hefur verið þröng og óumdeild en að þingmenn lúti sérstökum flokksaga eða forysturæði. En talandi um forystuna; Steingrímur J. Sigfússon er óskoraður foringi Vinstri grænna og verður svo lengi sem hann sjálfur kýs. Um hann fella samflokksmenn ekki styggðaryrði í einkasamtölum og þaðan af síður opinberlega. Hann nýtur lofs og aðdáunar svo stundum jaðrar við dýrkun.

Sú staðreynd að hann skorast ekki undan að leiða flokkinn inn í ríkisstjórn á einhverju mesta erfiðleikaskeiði þjóðarinnar verður ekki til að draga úr áliti flokksmanna á honum. Þeim finnst hann vinna af festu og ábyrgð sem aldrei fyrr.

Það á svo eftir að koma í ljós hvernig VG reiðir af í ríkisstjórn. Og hvernig þjóðinni reiðir af með VG í ríkisstjórn. Sú saga verður sögð síðar.

STEINGRÍMUR SAT Í ÞRJÚ ÁR Í RÍKISSTJÓRN

Steingrímur J. Sigfússon hefur einn þingmanna VG reynslu af setu í ríkisstjórn. Hann var landbúnaðar- og samgönguráðherra frá 1988-1991. Steingrímur var kjörinn á þing fyrir Alþýðubandalagið 1983 og gengur Jóhönnu Sigurðardóttur næst í starfsaldri þingmanna.

Ögmundur Jónasson hefur setið á þingi síðan 1995. Fyrsta kjörtímabilið var hann þingmaður Alþýðubandalagsins og óháðra en þingmaður VG síðan flokkurinn bauð fyrst fram 1999.

Auk Steingríms og Ögmundar hafa þrír núverandi þingmenn flokksins setið frá því að VG bauð fyrst fram. Það eru Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman. Árni Steinar Jóhannsson var auk fimmmenninganna í þingflokknum fyrsta kjörtímabilið en féll af þingi í næstu kosningum.

Árið 2007 komu ný á þing fyrir VG þau Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson og Katrín Jakobsdóttir.

ÚBBS, ÞETTA ER...

Mýturnar um vinstri stjórnir eru margar. Egill Helgason lék sér með þær á vefsíðu sinni í gær.

„Ef kemur vinstri stjórn...
...þá verður:
Gengishrun.
Hlutabréfamarkaðurinn fellur.
Bankarnir eiga ekki lífsvon.
Peningar verða fluttir úr landi.
Fólk missir sparifé sitt.
Verðbólgan fer úr böndunum.
Ríkið þenst út.
Það verða skattahækkanir.
(Úbbs, þetta er allt búið að gerast!)“

Fylgi Vinstri-Grænna í skoðanakönnunum Fréttablaðsins og alþingiskosningum



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

byggtogbúið

Í SMÁRALIND LOKAR

RÝMINGARSALA Á ÖLLUM VÖRUM Í ÖRFÁA DAGA

LÁGMARKSAFSLÁTTUR
30% OG ALLT AÐ
80% AFSLÁTTUR

Fyrstur kemur fyrstur fær

Margt á kostnaðarverði og gamla genginu

Opið til 21:00 í kvöld

Útgjöldin
> Verð á 4,5-5,0 kg þvottavél, meðalverð á landinu öllu árið 2008



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: BJÖRK VILHELMSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI

Í áralangri ónáð hjá eiginmanninum

„Bestu kaupin mín gerði ég eiginlega fyrir síðustu jól," segir Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. „Ég tók þá ákvörðun að jólagjafirnar yrðu allar keyptar til styrktar einhverju málefni því ég vil ekki leyfa auðmönnunum að græða á mínum jólum. Ég keypti Afríkubækur til styrktar vatnsbrunnagerð, geisladiskinn Trúnaðarmál sem fór til stuðnings ABC barnahjálp, uppskriftabækur til styrktar Fjölsmiðjunni í Kópavogi og þrjá kjóla til styrktar munaðarleysingahæli í Tógó."

Verstu kaup Bjarkar snúast meira um afleiðingar kaupanna heldur en hvað var keypt að hennar sögn. „Verstu kaupin sem ég man eftir gerði ég fyrir um 20 árum. Þá átti maðurinn minn mjög flottan bíl, Chevrolet Malibu.

Þetta var gamall amerískur kaggi sem mér fannst ómögulegur út frá stærð og bensíneyðslu og á endanum skipti ég honum út fyrir litla Mözdu. Þetta voru líklega verstu kaupin því það tók manninn minn mörg ár að fyrirgefa mér að hafa skipt um bíl. Einhverra hluta vegna gaf hann mér umboð til að selja bílinn þegar hann var að fara til útlanda. En að kaupa litla Mözdutík í staðinn fyrir kaggann var ófyrirgefanlegt. Í mörg ár eftir þetta fékk ég að heyra þegar við keyrðum fram hjá Malibu: „Já, þú manst hvernig fór fyrir okkar Malibu." Það eru ekki mörg ár síðan ég fékk síðast að heyra þetta," segir Björk hlæjandi.

GÓÐ HÚSRÁÐ
VATN MEÐ KLAKA Í NESTISBRÚSANN

■ *Anna Gunnhildur Ólafsdóttir sérfræðingur mælir með vatni í brúsa í nesti í skólann.*

„Í fyrstu bekkjum grunnskóla var mælt með því að koma með vatn í brúsa í skólann og dætrum mínum hefur alltaf líkað það vel," segir Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu borgarstjóra.

„Ég set ísmola út í vatnið til að gera það kræsilegra. Vatnið er ódýrt og hollt, miklu hollara en sýrðir drykkir í nestið. Svo er hægt að setja appelsínu- eða sítrónusneið út í til hátíðarbrigða."

■ **Verslun**

Allt að níutíu prósent af

Flestir hugsa sig nú tvisvar um áður en þeir kaupa vörur og þjónustu sem hægt er að vera án. En hriplekum vöskum, brotnum húsgögnum, útkrotuðum veggjum og öðrum ósóma er ekki hægt að lifa með lengi. Í því ljósi er vert að benda á að Byko er með rýmingarsölu í Kauptúni. Vörur sem búðin er að hætta með eru þar seldar á allt að níutíu prósenta afslætti. Þá má geta þess að bæði Byko og Húsasmiðjan – rétt eins og flestar verslanir um þessar mundir – eru nú með stórar útsölur í gangi í öllum verslunum sínum.

■ **Námskeið**

Hagræðing í heimilishaldinu

Neytendur geta náð fram aukinni hagræðingu í heimilishaldi og betri yfirsýn yfir fjármál heimilsins með því að sækja fjármálanámskeið. Neytendasamtökin hafa í samstarfi við Reykjavíkurborg haldið fjármálanámskeið í öllum hverfum borgarinnar á undanförnum mánuðum. Námskeiðunum verður haldið áfram á nýju ári. Á námskeiðunum gefst fólki kostur á að læra eitt og annað um fjármál auk þess sem kennt er að færa heimilisbókhald. Námskeiðin eru ókeypis og hægt er að skrá sig hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Upplýsingar um næstu námskeið er að finna á heimasíðu Neytendasamtakanna, www.ns.is.

ÚTVAL ÞORRAMATS Mörgum finnst nauðsynlegt að bragða aðeins á súrmeti á þorranum. Þeir sem eru vel skipulagðir og halda í hefðina geta dregið súrmatinn upp úr tunnu eftir að hafa verkað hann í haust.

Heimagerður þorramatur

Aukin hagsýni í heimilishaldi er óumflýjanlegur fylgifiskur krepputíðar þegar fjölskyldur taka útgjöld til gagngerrar endurskoðunar. Ein birtingarmyndin er heimagerður matur eins og sást í þeirri sprengingu sem varð í sölu á hráefni til sláturgerðar í haust sem gömul hefð er fyrir á Íslandi. Þorramatur tilheyrir sömu hefð.

ÞORRAMATUR

Hlaðborð	50 manns	100 manns
Múlakaffi, Reykjavík	3.190	2.090
Veislulist, Hafnarfj.	3.980	3.759
Veislugarður, Mosf.	2.700	2.700
Fortuna, Akranes	2.500	2.400
Greifinn, Akureyri	2.850	2.650
Lostæti, Akureyri	3.250	3.100
Salthúsið, Grindav.	4.200	4.000

Bakkar	grömm	verð
Hagkaup	600	1499
Krónan	500	1398
11-11	500	1398

Ekki er tekið tillit til gæða. Drykkir eru ekki innifaldir.

Anna Kristín Jóhannsdóttir á Seyðisfirði býr til sinn þorramat og hvetur fólk eindregið til að gera slíkt hið sama. „Það er ekki spurning um að reyna að vinna þetta sjálfur miðað við dýrtíðina í dag. Maður þarf ekki mikla aðstöðu til að laga sultu til dæmis og auk þess er þetta gaman."

ANNA KRISTÍN JÓHANNSDÓTTIR

Sterk hefð er fyrir þorramat í fjölskyldu Önnu Kristínar sem notast við gamlar fjölskylduuppskriftir. „Ég er uppalin í sveit og mikill haustmatur var tekinn í þá tíð, slátur og súrmatur. Og þessi fjölskylduhefð hefur haldist við gegnum tíðina, við systkinin komum alltaf saman og borðum þorramat."

Önnu Kristínu þykir uggvænlegt að horfa á verð á þorramat úti í búð og tekur hún nokkur dæmi. „Ein sneið af grísasultu kostar á milli þrjú og fjögur hundruð krónur. Ein væn sneið af sviðasultu er á sjö til átta hundruð krónur og ein væn sneið af hrútspungum kostar um átta hundruð krónur. Kílóverð á hákarli í dós er á milli tvö og þrjú þúsund krónur. Kílóverð á soðnum sviðakjömmum er á milli fjögur og fimm hundruð krónur. Ég keypti mér sviðahausa til að sjóða í Bónus á Egilsstöðum og þar var kílóverðið um tvö hundruð krónur."

„Mér hrýs hugur við að horfa á þetta í kreppunni því það er ekki erfitt að gera þetta sjálfur. Í flestum tilfellum er hægt að fá hráefnið fyrir lítinn pening þar sem margt af þessu er matur sem fólk hendir. Þetta er ódýrasta hráefnið og ekki erfitt að vinna sjálfur úr þessu þó að vinnan virðist dýr miðað við verð á þorramat í verslunum. Þar spilar reyndar líka inn í langt og nákvæmt geymsluferli. Það þarf að gera þetta á haustin og fylgjast afar vel með, gæta þess að ekki komi skán og halda réttu hitastigi."

Verst þykir Önnu Kristínu að hugsa til þess að oft eru það eldri borgarar sem mest sækja í að njóta þorramatar. „Og ég get ekki ímyndað mér að þeir hafi efni á því miðað við verðlag í dag. Ég myndi allavega hugsa mig um tvisvar áður en ég myndi kaupa mér sneið af sviðasultu á 700 krónur."

sdg@frettabladid.is

HEILDSÖLU LAGERSALA

aðeins í 6 daga

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!

40-80% afsláttur

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

Mikið úval af skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golffatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

Verðdæmi:	verð áður	verð nú
3. laga jakkar:	34.900,-	**12.900,-**
Skíðabuxur:	19.900,-	**7.900,-**
Skíðaúlpur	19.900,-	**4.900,-**
Golfjakkar	19.900,-	**9.900,-**
Útivistarjakkar	21.900,-	**7.900,-**
Super Stretch peysur	8.900,-	**2.900,-**
Soft Shell peysur	16.900,-	**4.900,-**
Barnaúlpur	9.900,-	**2.900,-**

Opnunartími:		
Fimmtudagur	29. janúar	kl. 14-20
Föstudagur	30. janúar	kl. 14-20
Laugardagur	31. janúar	kl. 10-18
Sunnudagur	1. febrúar	kl. 11-18
Mánudagur	2. febrúar	kl. 14-20
Þriðjudagur	3. febrúar	kl. 14-20

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi

ZO•ON ICELAND

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 77 **Velta:** 107 milljóni

OMX ÍSLAND 15 321 **+0,03%**

OMX ÍSLAND 6 913 **+1,87%**

MESTA HÆKKUN

STRAUMUR-BURÐARÁS	+8,33%
BAKKAVÖR	+0,98%
FØROYA BANKI	+0,86%

MESTA LÆKKUN

CENTURY ALUM.	-26,09%
EIMSKIP	-3,10%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,90 +0,00% ... Atlantic Airways 168,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 565,00 +0,00% ... Bakkavör 2,07 +0,98% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,25 -3,10% ... Føroya Banki 118,00 +0,86% ... Icelandair Group 13,40 +0,38% ... Marel Food Systems 65,70 +0,77% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,69 +8,33% ... Össur 95,80 +0,11%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Á síðustu metrum í starfi

Eitt af síðustu verkum Einars K. Guðfinnssonar, fráfarandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í embætti var að heimila fimm ár fram í tímann veiðar á hrefnu og langreyði. Hvalveiðar þjóðarinnar hafa löngum verið umdeildar og hafa sumir viljað meina að með því að halda þeim til streitu væri meiri hagsmunum fórnað fyrir minni. Ekkert liggur þó fyrir um hvort veiðarnar hafi skaðað viðskipti landsins eða orðstír á erlendri grundu. En er þó varla á bætandi eftir fall bankanna og mál þeim tengd. Enn berast hins vegar í tölvupósti til fyrirtækja hér bréf frá útlendingum sem segjast ætla að sniðganga íslenskar vörur meðan hvalveiðar séu stundaðar og leggjast gegn aðild landsins að Evrópusambandinu. Nú er bara spurning hvort ákvörðun um áframhaldandi hvalveiðar fær að standa hjá nýrri ríkisstjórn.

AGS hált á svellinu

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gaf í gær út kolsvarta spá um hagvöxt í heiminum. Venju samkvæmt var blásið til blaðamannafundar til að kynna rit sjóðsins, en nú bar svo við að fresta varð fundinum um hálftíma. Í tilkynningu sjóðsins kom fram að seinkunin skrifaðist á mjög mikla hálku á vegum í höfuðborg Bandaríkjanna, Washington DC, þar sem höfðustöðvar sjóðsins eru og fundurinn var haldinn.

Vilja aukið rannsóknarsjálfstæði

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mælti fyrir því á mánudag að það legði fjármagn til þriggja eftirlitsaðila fjármálafyrirtækja til næstu þriggja ára sem myndi tryggja sjálfstæði þeirra við rannsókn og eftirlit með fjármálageiranum innan sambandsins.

„Við teljum mikilvægt að eftirlitsaðilar geti sótt sér fjármagn með þessum hætti frekar en að þurfa að sækja það eftir óljósum leiðum," segir Oliver Drewes, talsmaður ESB.

Bæði Evrópuþingið og ráðherraherraráð ESB þurfa að kjósa um málið áður en það nær fram að ganga. **- jab**

Svartsýni í Ölpunum

Hljóðið var þungt í mönnum á fyrsta degi ársfundar Alþjóðaefnahagsráðsins í Davos í Sviss í gær. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að hagkerfi heimsins staðni á árinu.

MÁLIN RÆDD Í DAVOS Á FYRSTA DEGI Forkólfar heimsins á fjölmörgum sviðum telja útlitið fram undan dökkt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Hér er margt fólk sem ekki er bjartsýnt á árið. Annars er mjög fínt og áhugavert að vera hér, fylgjast með því sem er að gerast og taka þátt í því," segir segir Jón S. von Tetzchner, stofnandi og forstjóri norska hugbúnaðarfyrirtækisins Opera Software, í samtali við Fréttablaðið.

Jón er nú staddur á ársfundi Alþjóðaefnahagsráðsins (e. World Economic Forum) sem hófst í Alpabænum Davos í Sviss í gær.

Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums, var sömuleiðis skráður til þátttöku. Jón hafði ekki hitt hann í gær.

Þetta er fjórða árið í röð sem Jón mætir til Davos. Hann segir athyglisvert að á síðasta ári hafi talsvert af fólki verið uggandi um horfur í efnahagsmálum. „Nú hefur það orðið eins slæmt og það getur orðið, sérstaklega fyrir Íslendinga," segir hann.

Svartsýni á stöðu efnahagsmála einkenndi gærdaginn í Davos. Ekki bætti úr skák þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) birti hagvaxtarspá sína fyrir árið en þar er reiknað með að hagvöxtur á heimsvísu fari úr 2,2 prósentum í 0,5 prósent, sem á mannamáli merkir að hagkerfi heimsins hafi staðnað á milli ára.

Samkvæmt spá AGS mun mesti samdrátturinn verða í Bretlandi og á evrusvæðinu en nýmarkaðslöndin hífi meðaltalið upp. Hagvöxtur þar verður engu að síður helmingi minni í ár en í fyrra; fer úr 6,24 prósentum í 3,25 að meðaltali.

JÓN S. VON TETZCHNER

Fjárfestirinn George Soros, sem þekktastur er fyrir að veðja á fall breska pundsins fyrir sautján árum, sagði í samtali við CNBC-sjónvarpsstöðina í gær aðstæður verri en í síðustu kreppu fyrir tæpri öld. Telur hann líkur á að halla muni frekar undan fæti á næstu mánuðum.

Aðrir gestir í Davos, sem Bloomberg-fréttaveitan ræddi við í gær, voru á sama máli.

Soros mælti með því að bandarísk stjórnvöld tækju traustar og góðar eignir úr bönkum þar í landi og tryggði í framhaldinu rekstur þeirra með nýju fjármagni úr sjóðum hins opinbera. Eiturbréf og aðrar eignir sem nú séu næsta verðlausar eigi að skilja eftir. Örlög bankanna muni ráðast í kjölfarið.

Undir þetta tók dr. Nouriel Roubini, prófessor við New York-háskóla í Bandaríkjunum, sem gengur undir viðurnefninu Doktor Dómsdagur sökum svartsýni sinnar. Hann hefur lengi talið bandaríska banka tæknilega gjaldþrota og hefur kveðið á um nauðsyn þess að endurfjármagna þá með öllum tiltækum ráðum. Í gær sagði hann svo óvíst hvort slíkt dugi til að koma í veg fyrir að áhrif lausafjárkreppunar versni frekar og segist ekki bjartsýnn á stöðu mála til lengri tíma litið.

jonab@markadurinn.is

Ýktar fréttir af landflótta Straums

Ekkert er til í því að Straumur sé að flytja höfuðstöðvar sínar héðan og íhugi skráningu á hlutabréfamarkað í Lundúnum í Bretlandi eða Stokkhólmi í Svíþjóð í nánustu framtíð, líkt og breska viðskiptablaðið Financial Times sagði í fyrrakvöld.

WILLIAM FALL

Þetta staðhæfir Georg Andersen, framkvæmdastjóri samskiptasviðs bankans. „Það eru um átján til tuttugu mánuðir síðan við byrjuðum að skoða málin. Það hefur ekki farið lengra en við höfum skoðað málið," segir hann og vísar til þess að Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður bankans og stærsti hluthafi, hafi velt málinu upp á aðalfundi Straums í hittifyrra.

Hann bætir við að yrðu höfuðstöðvarnar fluttar myndi það ekki hafa áhrif á starfsemi Straums hér.

Georg segir blaðakonu Financial Times hugsanlega hafa misskilið William Fall, forstjóra Straums, í viðtali sem hún átti við hann á dögunum. Í blaðinu var haft eftir Fall, að flutningur höfuðstöðvanna væri auðveldasta leiðin til að ná fram áætlunum bankans við erfiðar aðstæður hér.

Málið var tekið upp í hinum þekkta Lex-dálki blaðsins í gær en þar sagði að flutningurinn væri síðasta móðgunin gagnvart landi sem stendur frammi fyrir alvarlegum samdrætti. **- jab**

EKKI HÆGT AÐ FLYTJA ALLT FYRIRTÆKIÐ

„Það eru miklir erfiðleikar víða og því ekki auðvelt að fara inn í kauphöll í Stokkhólmi eða í Lundúnum um þessar mundir," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Skráning fyrirtækis í erlenda kauphöll tekur eitt ár hið minnsta en flutningur á starfsemi fjármálafyrirtækis á borð við Straum gæti tekið þrjá til fjóra mánuði að lágmarki, að mati Straums-manna. Það er að því gefnu að höfuðstöðvar yrðu einar fluttar utan. Einungis fimmtán prósent eigna Straums liggja hér en afgangurinn utan landsteina. Gjaldeyrishöftin hér koma í veg fyrir flutning fjármagnseigna bankans svo einhverju nemur, samkvæmt upplýsingum Markaðarins.

Minni milliríkjaviðskipti

Virði vöru og þjónustu í milliríkjaverslun meðal ríkja Efnahags- og samvinnustofnunarinnar (OECD) dróst saman um 1,6 prósent milli þriðja og fjórða fjórðungs síðasta árs, samkvæmt samantekt OECD. Samdráttur varð síðast á þriðja fjórðungi 2006. „Á ársgrundvelli féll virðisaukning útflutnings vöru og þjónustu OECD-landa í 15,6 prósent, meðan vöxtur innflutnings féll í 17 prósent," segir í samantektinni. **- óká**

FIH-veð ekki með í gjaldeyrisforða

Seðlabanki Íslands áréttar að veð í FIH-bankanum danska vegna þrautavaraláns til Kaupþings í október sé ekki talið með gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Þess vegna sé rangt sem haldið var fram í Markaðnum og Fréttablaðinu í fyrradag að gjaldeyrisforðinn sé stórlega ofmetinn.

„Útreikningar á gjaldeyrisforða og framsetning hans er hvort tveggja gert í fullu samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og er í einu og öllu farið eftir skilgreiningum hans," segir í tilkynningu Seðlabankans.

Í desemberlok nam gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands 429,4 milljörðum króna, samkvæmt upplýsingum á vef bankans. Þar kemur jafnframt fram að fastar nettóútgreiðslur gjaldeyriseigna næstu 12 mánuði séu að nafnverði 173,6 milljarðar króna, þar af 135 milljarðar þar sem gjalddagi var eftir innan við mánuð, vegna gjaldeyrislána, verðbréfa og innstæða. **- óká**

Gert er ráð fyrir að dragi úr hraða verðbólgunnar á næstu mánuðum:

Verðbólga fer úr 18,1 í 18,6 prósent

Verðbólga síðustu 12 mánaða mælist nú 18,6 prósent, samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Í desember stóð verðbólgan í 18,1 prósenti.

Vísitala neysluverðs miðuð við verðlag í janúar 2009 er 334,8 stig og hækkaði um 0,57 prósent frá fyrra mánuði. Hækkunin er í samræmi við spár, en IFS Greining hafði spáð 0,6 prósenta hækkun og Greining Glitnis 0,7 prósentum milli mánaða.

„Hækkunin milli mánaða nú er sú minnsta síðan í janúar í fyrra, en rétt er að hafa í huga að árstíðasveifla í vísitölunni er talsverð," segir í umfjöllun Glitnis.

IFS gerir ráð fyrir að það dragi úr verðbólguhraða á næstu mánuðum, en áhrif af útsölum hafi verið heldur minni en ráð hafi verið fyrir gert í spá fyrirtækisins. Greining Glitnis segir einnig að útsöluáhrif hafi verið í grynnri kantinum.

ÚTSALA Í JANÚAR Greining Glitnis segir útsölu á fatnaði hafa haft minni áhrif á verðbólgumælingu nú en búist var við vegna talsverðrar hækkunar á fatnaði sem ekki var á útsölu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Eins og jafnan í janúar hafa útsölur áhrif til lækkunar," segir Greining Glitnis, en föt og skór lækkuðu um 9,2 prósent vegna útsöluáhrifa. „Eru það öllu grynnri útsöluáhrif en við höfðum gert ráð fyrir. Vegur þar trúlega á móti að sá fatnaður sem ekki er á útsölu hefur hækkað talsvert á undanförnum vikum." Um leið er bent á að verð á flugfargjöldum til útlanda hafi lækkað um 14,5 prósent, sem sé meira en reiknað hafi verið með. Þá hafi matur og drykkur hækkað um 1,8 prósent og heilsugæsla um 2,6 prósent, að mestu vegna hækkunar á komugjöldum. **- óká**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

898

FERSKT GRÍSAGÚLLAS 898 kr./kg.

898

FERSKT GRÍSASNITSEL 898 kr./kg.

898

FERSKUR GRÍSAHNAKKI 898 kr./kg.

FERSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU 20 ÞÚS PAKKAR Í BOÐI

498

FERSKT GRÍSAHAKK 498 kr./kg.

898

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 898 kr./kg.

1198

FERSKAR GRÍSALUNDIR 1198 kr./kg.

40%
AFSLÁTTUR

KF KOFAREYKT FOLALDAKJÖT
398 kr./kg. MERKT VERÐ 665 KR./KG.

498

FERSK GRÍSARIFJASTEIK 498 kr./kg.

198

FERSKIR GRÍSASKANKAR 198 kr./kg.

98

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 375g 98 kr.

1554

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr./kg. MERKT VERÐ 2220 KR./KG.

398

KF NÝTT KJÖTFARS
398 kr./kg.

3598

798

ICELANDPET HUNDAMATUR 12 KG
M/KJÚKLING-FISKI-HRÍSGRJÓNUM.
3598 kr.

ICELANDPET KATTAMATUR 2 KG
M/KJÚKLING-FISKI 798 kr.
FRAMLEITT ÚR ÍSLENSKU HRÁEFNI.

198

BÓNUS NÝBAKAÐAR KRINGLUR
Mjúkar 4 stk 198 kr.

259

MYLLU MÖNDLUKAKA
420g 259 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ FIMMTUDAG 12.00 TIL 18.30

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur

skoðun

greinar@frettabladid.is

Vítahringur meðvirkni rofinn:

Betra seint en ekki

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Verkefnin sem bíða þeirrar ríkisstjórnar sem væntanlega tekur við völdum áður en vikan er öll eru ærin. Mörg þessara verka hefði löngu átt að vera búið að vinna en reyndust fráfarandi ríkisstjórn ofviða.

Nú eru liðnir tæpir fjórir mánuðir frá setningu neyðarlaganna í byrjun október. Fyrstu dagana á eftir virtist ríkisstjórnin hafa tök á málum en fljótlega eftir fyrstu bráðaaðgerðir virtist ákvarðanatökufælni taka völdin.

Aðgerðaleysi og vanmáttur ríkisstjórnarinnar olli stöðugt dvínandi trausti í garð stjórnvalda, ekki síst sú staðreynd að mánuðirnir liðu án þess að nokkur stjórnmálamaður eða embættismaður axlaði ábyrgð með brotthvarfi af pósti sínum. Greinilegt var að vaxandi óánægja var með ríkisstjórnina, traustið fór minnkandi og tiltrú almennings á stjórnvöld. Skoðanakannanir hafa endurspeglað þetta; fyrst hrundi fylgið af Sjálfstæðisflokknum og á síðustu vikum einnig af Samfylkingunni. Til tíðinda hlaut því að draga.

Fulltrúa fráfarandi stjórnarflokka greinir á um ástæður þess að upp úr ríkisstjórnarsamstarfinu slitnaði. Samfylkingarmenn segja að aðalásteytingarsteinninn hafi verið ágreiningur um það hvort bankastjórn Seðlabankans ætti að fara frá. Sjálfstæðismenn skýra þetta hins vegar með því að Samfylkingin hafi krafist þess að skipt yrði um forystu í ríkisstjórninni, eða verkstjórnarvald, eins og það er orðað.

Ef að er gáð er þó um sama hlut að ræða því meðan forsætisráðherra hafði ekki mátt til að taka á bankastjórn Seðlabankans þá hlaut að liggja fyrir að ekki væri á það treystandi að flokkssystir hans kæmi því borðleggjandi verki í framkvæmd, verki sem fræðimenn og stjórnmálaskýrendur og raunar meirihluti þjóðarinnar sá og taldi að vinna ætti strax á fyrstu dögum eftir hrunið. Þó ekki væri nema af þeirri ástæðu var ljóst að skipta þurfti um í brúnni.

Mikið þurfti þó að ganga á áður en ráðherrar Samfylkingar horfðust í augu við að meðvirkni þeirra með hinum stjórnarflokknum var komin út yfir öll mörk. Í grasrót flokksins kraumaði óánægjan með ríkisstjórnarsamstarfið allt frá því í haust en það var ekki fyrr en óánægja almennings var komin að þolmörkum og vikuleg mótmæli, misfjölmenn, breyttust í allt að því sólahringsvaktir og búsáhaldasláttur tók við af ræðuhöldum, að höggvið var á hnútinn.

Frá félagsfundum Samfylkingarfélagsins í Reykjavík og félaga út um landið í síðustu viku komu skýr skilaboð um að slíta bæri ríkisstjórnarsamstarfinu og viðskiptaráðherrann fann loks sinn vitjunartíma og sagði af sér.

Sú ríkisstjórn sem nú tekur við völdum hefur ekki nema úr fáeinum vikum að spila. Á þeim vikum verður hún að láta verkin tala. Almenningur verður að finna að unnið sé að því að bjarga því sem bjargað verður, bæði hvað varðar fjárhag heimila og í atvinnulífinu. Það er fyrsta skrefið til þess að endurreisa tiltrú almennings á stjórnvöld í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hressandi starf

Vegna breytinga á dreifingarfyrirkomulagi erum við að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð á morgnana frá kl.06 - c.a. 07.

Um er að ræða hverfi í **Kópavogi, Hafnarfirði** og **Garðabæ**.

Dreifing fer fram 6 daga vikunnar, mánudaga til laugardaga.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330 og 585 8330

Pósthús

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gjaldþrotagenið

Gengi Decode hefur verið mikið í umræðunni síðustu árin. Fyrir nokkru keypti hálf þjóðin sér hlutabréf í fyrirtækinu og ætlaði að græða á tá og fingri. Síðan hefur allt legið niður á við.

DV birti úttekt á stöðu fyrirtækisins í gær og fullyrðir að samanlagt tap frá stofnun Decode sé 55 milljarðar. Engu að síður mallar allt áfram hjá fyrirtækinu og nýverið fékk það lánafyrirgreiðslu frá Landsbankanum.

Gárungarnir síkátu hafa stungið upp á því að sennilega hafi Decode fundið upp lækningu við gjaldþroti. Það væri þá eitthvað sem íslenska þjóðin gæti nýtt sér.

Hið íslenska Guantánamo

Mikil sigling er á Vinstri grænum þessa dagana og flokkurinn á leið í ríkisstjórn. Það er enda völlur á formanni flokksins þessa dagana. Steingrímur var á fjölmennum flokksráðsfundi á þriðjudag og tilkynnti þá vígreifur að hans fyrsta verk yrði að hreinsa út úr Seðlabankanum. Þetta yrði eins og með Guantánamo og Bandaríkin, en nýr forseti lét það verða sitt fyrsta verk að tilkynna lokum búðanna alræmdu.

Kannski Steingrímur líti á sig sem Obama Íslands?

Tónlistarkjördæmið

Guðmundur Steingrímsson hefur tilkynnt að hann vilji leiða lista Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi. Þar er löng hefð fyrir góðum árangri harmonikkuleikandi frambjóðenda, samanber Gísla S. Einarsson frá Akranesi.

Á Akranesi býr einnig Friðrik Jónsson, sem íhugar framboð í sama sæti og Guðmundur. Sá samdi einmitt Framsóknarsmellinn Árangur áfram ekkert stopp! Óvíst er hvað Magnús Stefánsson, þingmaður flokksins í kjördæminu og meðlimur Upplyftingar, gerir.

kolbeinn@frettabladid.is

Máttur söngsins

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Söngur og stjórnmál

Sem ég stóð ásamt konu minni í miðju mannhafinu á Austurvelli á laugardaginn var og hlýddi á þrumuræðu Guðmundar Andra Thorssonar rithöfundar, síðasta ræðumannsins að því sinni, hélt ég, að hápunkti fundarins hlyti að vera náð, svo firnagóð þótti mér ræðan. Fundinum var þó ekki lokið. Að loknu máli Guðmundar Andra tók fríður flokkur söngvara sér stöðu við tröppur Alþingis og söng *Land míns föður* og *Hver á sér fegra föðurland?* Við þurftum að færa okkur nær til að heyra vel. Sjaldan hef ég heyrt þessi ægifögru ættjarðarlög betur sungin og af dýpri og innilegri tilfinningu. Tilefnið var ærið, einlægur samhugur á Austurvelli og einvalasöngvarar í kórnum, þar á meðal heimssöngvarinn Gunnar Guðbjörnsson tenór, sem býr sig nú undir að syngja *Siegfried* í samnefndri óperu Wagners í Þýzkalandi, og Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn, reyndur og rómaður kirkjukórsöngvari.

Hvað geta stjórnarvöldin gert, þegar óbreyttir borgarar og borðalögð lögreglan taka sér stöðu hlið við hlið fyrir framan Alþingishúsið og syngja ástríðufulla ættjarðarástarsöngva? Spurningin svarar sér sjálf: ríkisstjórnin baðst lausnar tveim sólarhringum síðar. Slíkur er máttur söngsins og kröftugs bumbusláttarins, sem síðustu vikur hefur verið eitt helzta kennimark friðsamlegra mótmæla almennings gegn þeim, sem keyrðu Ísland í kaf. Búsáhaldabyltingin hefur nú ásamt öðrum atburðum leitt til stjórnarslita með sterkan málstað, söng, sleifar, potta og pönnur að vopni. Söngur kennir mönnum kurteisi og alúð, og hvors tveggja er nú rík þörf, þegar ríki, land og þjóð leika á reiðiskjálfi af mannavöldum.

Söngvabyltingin

Söngur gegndi úrslitahlutverki í uppreisn Eystrasaltsþjóðanna gegni hernámi Sovétríkjanna 1990. Eistar segja sumir, að þeir hafi þraukað undir oki Sovétvaldsins í hálfa öld, þar eð menning þeirra, þjóðerni, tunga og saga bundu þá saman og blésu þeim kjark í brjóst. Þessi lýsing á einnig við um Ísland allar götur frá lokum þjóðveldisaldar fram að heimastjórn og allt fram á okkar daga. Þegar færi gafst og Eistar, Lettar og Lithá-ar, samtals aðeins um átta milljónir manns, áræddu að rísa upp gegn ofurefli Sovétveldisins með sínar næstum 300 milljónir, batt söngur þjóðirnar saman. Fólkið í Eystrasaltslöndunum bjó að gamalli kórsöngshefð líkt og Norðurlandaþjóðirnar og tók nú höndum saman og söng ættjarðarsöngva af lífs og sálar kröftum. Söngur þúsundanna fór eins og eldur í sinu um svæðið og heiminn. Við söngnum áttu Kommúnistaflokkurinn og Rauði herinn ekkert svar. Hver ræðst gegn syngjandi fólki? Sigurinn var í höfn. Fyrsti forseti Lithéens eftir fall Sovétríkjanna var tónlistarprófessorinn Vytautas Landsbergis. Það er Íslandi til mikils sóma, að Íslendingar skyldu fyrir áræði og réttsýni Jóns Baldvins Hannibalssonar, þá utanríkisráðherra, verða fyrstir þjóða til að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna 1990. Fólkið þar austur frá gleymir því aldrei.

Dýrð um vík og vog

Þegar ég hugsa um söng og stjórnmál, rifjast einnig upp fyrir mér sagan af því, þegar ég var fyrir fáeinum árum kvaddur til Þórshafnar í Færeyjum til fundar við landsstjórnina þar um sjálfstæðismál. Fundinn í Þórshöfn sátu ráðherrarnir sjö, sem áttu þá sæti í landsstjórninni, og sjö ráðuneytisstjórar auk mín. Fundurinn hófst á því, að Jóannes Eidesgaard lögmaður kvaddi sér hljóðs, bauð mig velkominn og sagði síðan: Við skulum syngja. Ég hugsaði með mér: Einmitt svona ættu allir fundir að byrja, einkum ef mönnum semur ekki nógu vel eftir öðrum leiðum. Allir stóðu upp og sungu saman *Dýrd á vík og vág*, öll fjögur erindin í fallegum ættjarðaróði eftir Jens Dam Jacobsen, skáld og prentara á dagblaðinu *Dimmalætting*. Ég tók undir síðari erindin tvö, þegar ég hafði áttað mig á laginu. Lokaerindið hljómar svo: „Fagra, fjálga stund! Silvitni um sund. Fróir flúgva fuglar millum fjalla. Teirra káta mál berst um vall og vál. Gævi dagur aldri fór at halla!“ Mér fannst ég vera heima. Við ræddum sjálfstæðismál Færeyja fram og aftur, en um þau var og er djúpstæður ágreiningur um eyjarnar. Ég sagði við gestgjafa mína og vini: Kvíðið engu. Íslendingar tóku rétta ákvörðun í sjálfstæðismálinu á sínum tíma. Engin áföll munu nokkurn tímann raska þeirri niðurstöðu.

Nýtt kvennaframboð

UMRÆÐAN
Ragnhildur Sigurðardóttir skrifar um stjórnmál

RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR

Neyðarstjórn kvenna er grasrótarhreyfing sem spratt upp á vefsíðunni Facebook í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008. Markmiðið með grasrótinni var að leggja okkar af mörkum til að byggja hér upp betra samfélag með jafnrétti, virðingu og velferð allra að leiðarljósi. Við í Neyðarstjórninni finnum að mikil þörf er fyrir hreyfingu sem kemur sjónarmiðum kvenna á framfæri og styður þær til áhrifa í stjórnmálum og atvinnulífi. Neyðarstjórn kvenna mun vinna að þessum markmiðum með öllum tiltækum ráðum, þar á meðal með kvennaframboði í komandi alþingiskosningum.

Í „gróðærinu“ voru hafin til vegs og virðingar gildi sem fram að því höfðu verið talin fólki til lasts fremur en lofs. Græðgi og fífldirfska töldust nauðsynlegir drifkraftar og forsenda þátttöku í nýjum og hnattvæddum heimi. Á meðan færðust hógværð, umhyggja og fyrirhyggja niður virðingarstigann. Fjórflokkakerfið skapaði gróðærið og hefur allt frá upphafi, skipt efnum og gæðum þessa lands bróðurlega á milli sín. Þessi sama klíka hefur leynt eða ljóst staðið fyrir einkavinavæðingu á eigum okkar og látið almannahagsmuni lönd og leið. Þessu verðum við að breyta.

Nú eftir hrunið, stöndum við frammi fyrir meiri efnahagsþrengingum en nokkur önnur þeirra þjóða sem við berum okkur gjarnan saman við. Það hvernig við tökum á kreppunni kemur til með að hafa úrslitaáhrif á hversu djúp hún verður og hversu lengi hún mun vara. Uppbygging til framtíðar verður að byggja á nýjum grunni velferðar og siðferðis. Þess vegna verður hvert og eitt okkar að þora að takast á við breytingar og fylgja sannfæringu sinni og gildismati.

Í kvöld fimmtudaginn 29. janúar kl. 20, verður hreyfingin Kvennastjórn, formlega stofnuð á Hallveigarstöðum. Kosið verður í stjórn hennar, nýr samfélagssáttmáli lagður fram, ásamt kröfugerð. Því hvetjum við alla, sem vilja endurreisa íslenskt samfélag með jafnréttishugsjónina að leiðarljósi, til að mæta.

Höfundur skrifar fyrir hönd Neyðarstjórnar

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

GLÆSILEG
NÝ TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM MINNIS-LYKLUM

HVERGI BETRA VERÐ
EINN SPINDILL Á MANN
10 DVD
HÁGÆÐA DISKAR Í SPINDIL
1.290

HVERGI BETRA VERÐ
2GB
800MHz DDR2 VINNSLUMINNI
4.990

50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ CREATIVE

HVERGI BETRA VERÐ
7"
Widescreen myndarammi
11.900

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

HD4670

ÖFLUGT SKJÁKORT

- 512MB GDDR3 2.0GHz minni
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- 55nm kjarninn er skilvirkari
- HDMI, DVI-I, VGA, SVHS, HDTV
- ATI Avivo HD, H.264 og VC-1
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16
- Hljóðlát Fanskink kælilausn

17.900

ÖLL NÝJASTA TÆKNIN

EP45-UD3P

GIGABYTE MÓÐURBORÐ

- 100% hljóðlaus SilentPipe3 tækni
- 1600MHz FSB 45nm stuðningur
- 2xPCI-E 2.0 16X fyrir tvö skjákort
- 4x DDR2 allt að 1366MHz minnisr.
- 8x SATA2 Matrix RAID stýringar
- Dual Gigabit netkort og 3xFireWire
- 2x eSATA, 8x bak USB2 og 4x fr.USB2

29.900

50°C KALDARA MEÐ 2oz KOPAR

LACIE

FLOTTUR 1TB FLAKKARI

Stórglæsilegur harðdiskflakkari með 1TB af geymsluplássi frá LaCie sem er þekkt fyrir glæsilega hönnun og hámarks gæði.

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Niel Poulton
- reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur
- Tengist beint í USB2.0

LACIE

26.900

750GB AÐEINS KR. 21.900

LACIE

320GB

ÖRSMÁR LACIE FLAKKARI

- 320GB LaCie örsmár flakkari
- Hannaður af Sam Hecht
- Örsmár í lófa og aðeins 195gr.
- Útdraganleg USB snúra
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis og afritunar hugbúnaður
- Glæsileg glansandi hönnun

17.900

500GB ÚTGÁFA = 24.900

MP540 ALL IN ONE

Mögnuð fjölnota græja frá Canon sem bæði ljósritar, prentar og skannar

19.900

FJÖLNOTAGRÆJA

CANON iP 3600 PRENTARI

Hágæða 5 hylkja blekspraútuprentari frá Canon sem skilar einstökum prentgæðum

14.900

CANON PRENTARI

500GB LACIE FLAKKARI

500GB viftulaus hljóðlátur harðdiskflakkari frá LaCie. Glæsileg hönnun og hámarks gæði

16.900

FLOTTASTI FLAKKARINN

VEFMYNDAVÉLAR

CREATIVE VEFMYNDAVÉLAR

HÁTALARAR

CREATIVE HÁTALARAR

TÖLV

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík

ÁVEXTIR geta verið hið fínasta borðskraut. Hægt er að velja úr mörgum litum svo þeir passi sem best við rýmið. Gott er að setja ávextina í glæra skál svo þeir njóti sín sem best.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Hófst þú nám í málaraiðn en laukst því ekki?

Hefur þú starfað í greininni í fimm ár eða lengur?

Viltu ljúka námi í málaraiðn?

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590-6400, frekari upplýsingar er jafnframt hægt að nálgast á www.idan.is .
Rafrænar fyrirspurnir er hægt að senda á radgjof@idan.is

Samskonar verkefni er verið að vinna í húsasmíði, vélvirkjun, stálsmíði, blikksmíði og matreiðslu.

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

IÐAN FVEITLÖG/ HÖLÐ 426.004

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erna keypti kjólinn í versluninni Forever21 í Bandaríkjunum en hárspennuna gerði hún sjálf.

Fjólublátt vor í vændum

Á vefsíðunni www.style.com fær Erna Guðríður Benediktsdóttir tilfinningu fyrir helstu tískustraumum og er smáblómótti kjóllinn og fjólubláu sokkabuxurnar í stíl í anda vorlínu Luella sem má skoða á síðunni.

Erna Guðríður Benediktsdóttir fylgist með tískunni meðfram því sem hún vinnur að því að meta jarðskjálftatjónið á Selfossi á verkfræðistofunni Verkís. Hún skoðar gjarnan vefsíðuna www.style.com og fær þannig tilfinningu fyrir helstu tískustraumum.

Smáblómótti kjóllinn sem hún féllst á að sýna lesendum Fréttablaðsins og fjólubláu sokkabuxurnar í stíl eru í anda vorlínu Luella, sem má skoða á style.com, en í henni er mikið um smáblómótt munstur og fjólublaa tóna. Kjólinn keypti hún í versluninni Forever21 í Bandaríkjunum og fékk litla systir hennar alveg eins. Hún segir hann í miklu uppáhaldi þótt hún geti ekki gert upp á milli hans og annarra kjóla sem hún lumar á. Háu hnésokkana við gróf Erna upp úr fórum sínum en þá keypti hún á menntaskólaárunum. „Skórnir voru svo keyptir við jóladressið, sem var innblásið af Goth og Mary Poppins stíl.“

Í hárinu er Erna með blómaspennu sem hún föndraði sjálf. „Hattahönnuðurinn Chapeau Claudette er í miklu uppáhaldi hjá mér og fór ég í haust að föndra við að gera höfuðskraut í hans anda. Ég keypti efniviðinn í Litir og föndur en í fyrstu tilraun límdi ég blómið á spennuna með Epoxi – límið sem ég vissi að virkaði á allt. Það gaf þó ekki góða raun og leiddi til þess að spennan límdist við hárið á mér í jólaboði,“ segir hún og hlær. „Ég gerði því nýja spennu og notaði gaffer-teip í staðinn fyrir límið sem hefur gefist betur,“ segir Erna og neitar því ekki að verkfræðikunnáttan komi sér vel í föndrinu.

vera@frettabladid.is

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

LYFJA – Lifið heil

20% verðlækkun+
KARBOBLOKKER Kolvetnabani, 120 töflur. Minnkar hungurtilfinningu og hindrar upptöku kolvetna í líkamanum.
~~2.518 kr.~~ 1.998 kr.

20% verðlækkun+
VOLTAREN EMULGEL
~~2.280 kr.~~ 1.824 kr.

Af hverjum seldum mæli renna 500 kr. til Hjartaheilla.
HjartaHeill

15% verðlækkun+
MICROLIFE BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIR
Sjálfvirkur blóðþrýstingsmælir, einfaldur í notkun og nákvæmur. Minni: 30 niðurstöður.
~~11.678 kr.~~ 9.926 kr.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir til 8. 2. 2009

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 44830 01/09

SAGA KLÆÐABURÐAR í Bretlandi er viðfangsefni þáttanna What we wore sem hægt er að skoða á vefsíðu BBC. Þar er fjallað um þróun tískunnar í Bretlandi í 250 ár. www.bbc.co.uk/archive/whatwewore

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Umgjarðir án samskeyta

Fyrsta íslenska gleraugnalínan, Reykjavík Eyes, hefur litið dagsins ljós. Gunnar Gunnarsson stendur að baki hönnuninni og nýrri framleiðsluaðferð sem á sér enga hliðstæðu í heiminum.

Fyrsta íslenska gleraugnalínan, Reykjavik Eyes, er komin á markað. Sjóntækjafræðingurinn Gunnar Gunnarsson stendur að baki hönnuninni og nýrri framleiðsluaðferð en hann hefur áður teiknað einstaka gleraugu fyrir GK, Reykjavík Collection, Karen Millen og fleiri.

„Gleraugun eru búin til með nýrri tækni sem á sér enga hliðstæðu í heiminum. Umgjörðin er skorin út í heilu lagi úr örþunnri títanplötu og er því ekki búin skrúfum, hjörum eða öðrum aukahlutum. Það kemur í veg fyrir algeng vandamál eins og lausa skrúfu eða brotna löm. Þá er umgjörðin alfarið laus við samskeyti og suðupunkta," útskýrir Gunnar.

Fyrsta umgjörðin leit dagsins ljós fyrir um fjórum árum. Síðan þá hafa verið gerðar þrotlausar prófanir á styrk og öllu sem lýtur að notkun auk þess sem leitin að rétta efninu tók langan tíma.

„Eftir að hafa spurst fyrir um efni og áreiðanleika á ófáum sýningum á erlendri grund datt ég niður á verksmiðju í Japan sem er þekkt fyrir eindæma góða vöru, en umgjarðirnar eru nikkelfríar með öllu og því ekki ofnæmisvaldandi.

Gleraugnaumgjarðirnar Reykjavik Eyes eru skornar út í heilu lagi og því lausar við skrúfur, hjarir og aðra aukahluti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Frumútgáfan var úr stáli og skorin með leysigeisla en sú framleiðsluaðferð var nokkuð fljótt slegin af. Það tók sinn tíma að finna réttan málm en nú er stóra stundin runnin upp, varan fullunnin og komin á markað."

Að sögn Gunnars fékk breska fyrirtækið Andrew Actman Eyewear Ltd., sem sérhæfir sig í heildsöludreifingu og markaðssetningu gleraugnaumgjarða, spurnir af því að á norðurhjara veraldar væri verið að hugsa framleiðslu gleraugnaumgjarða upp á nýtt og setti sig í samband við hann. „Útsendarar Andrew Actman Eyewear Ltd. höfðu strax brennandi áhuga og trú á vörunni og varð úr að þeir sjá um sölu og dreifingu á vörum Reykjavik Eyes í Bretlandi og Skotlandi," upplýsir hann.

Reykjavik Eyes-línan, sem samanstendur af átta mismunandi gleraugnaumgjörðum, fæst nú í Auganu í Kringlunni og í verslunum Pro Optik en nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavikeyes.com.

vera@frettabladid.is

Línan samanstendur af átta mismunandi gleraugnaumgjörðum sem eru allar lausar við samskeyti og suðupunkta.

ÚTSALA
Mikil verðlækkun
Vefta Tískuföt
www.vefta.is
Vefta • Hólagarði • S: 557 2010 • & Mjódd • S: 578 2051

MaxMara MARINA RINALDI
ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
MaxMara Hverfisgötu 6 • 101 Reykjavík • Sími 562 2862

ALLT TÍSKA
Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;
Jóna María 512 5473
Hugi 512 5447

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Piltar í peningaleit

Meðan tískuhúsin leita leiða til að skera niður kostnað hefst tímabil tískusýninga í París. En stemningin var ekki beinlínis stórkostleg og kampavínið flæddi heldur minna en oft áður. Karl Lagerfeld segir að bling bling tíminn sé liðinn, pallíettur og kristallar úti. Næststærsta lúxussamsteypa í heimi, Richemont (til dæmis Cartier, Van Cleef & Arpels, Baume & Mercier), ætlar að stytta vinnuvikuna. Hjá Louis Vuitton, svo annað dæmi sé tekið, hefur verðið verið lækkað um sjö prósent í Japan til að örva söluna sem hefur verið á hraðri niðurleið. Hjá öðrum, eins og Victor og Rolf og Paul & Joe, hefur verðið einfaldlega verið lækkað á öllum vörum.

En þrátt fyrir svartnættið heldur tískuhringekjan áfram að snúast og í síðustu viku var herra-tíska næsta vetrar kynnt. Stíllinn er eins misjafn og tískuhúsin eru mörg en almennt verður herra-tískan ansi klassísk næsta vetur, jakkaföt eru lykilatriði og dökkir litir eru ráðandi. Engin áhætta er tekin og á það sérstaklega við um þá sem eru hjá tískuhúsum sem eru hluti af stórum samsteypum eins og Dior þar sem einungis var notað svart og hvítt, hönnunin döpur.

Það var því hressandi að sjá litagleði Yohji Yamamoto þar sem mikið sást af rauðu og ýmis konar munstrum. Einnig voru víðu hnébuxurnar, sem minna helst á buxnapils, frumlegar.

Reyndar mátti sjá að Obamamanían sveif yfir vötnum á tískusýningunum sem fóru fram sömu viku og forsetaskiptin í Bandaríkjunum og ég er ekki frá því að fleiri glæsilegar svartar karlfyrirsætur hafi sýnt í þetta skiptið. Hjá Jean-Paul Gaultier voru allar karl- og kvenfyrirsæturnar með afró-hárkollur í anda Jackson Five, hann sjálfur með ljósa kollu. Reyndar verð ég að viðurkenna að Gaultier virðist vera til í hvað sem er til að vekja á sér athygli og jaðrar það stundum við fáránleika. Stíllinn var nokkuð Lundúnalegur frá tímum pönks og „New wave“ en ekkert sérstaklega mikið um nýstárlega hönnun nema helst í barnafatnaði, sem var nákvæm eftirlíking fatnaðar hinna fullorðnu því Gaultier þolir ekki sérstök barnaföt en vill að drengir og stúlkur séu klædd eins og þeir fullorðnu.

Ekki voru þó allir á kreppubuxunum og Louis Vuitton býður meðal annars upp á krókódílsskinnjakka fyrir næsta vetur sem kostar líklega sitt en er almennt með mjög klassískan fatnað, skreyttan með litríkum íþróttaskóm.

Athyglisverðustu sýningarnar að þessu sinni komu frá Asíu. Wooyoungmi frá Suður-Kóreu og Miharaysuhiro frá Japan létu ímyndunaraflið leika lausum hala og eiga sjálfsagt eftir að vera áberandi á næstu missserum.

bergb75@free.fr

Tweed og skærir litir

Paul Smith hannar herrafatnað í anda breskra skólastráka og leggur áherslu á fylgihluti.

Breski tískuhönnuðurinn Paul Smith hóf hinn breska skólastrák, með tilheyrandi tweed-fatnaði, upp til skýjanna á tískuvikunni í París um síðustu helgi.

Línan kom á óvart og þótti jafnvel duttlungafull þó svo að Smith, sem er þekktur fyrir tilbrigði sín við klassískan stíl, hafi ekki brugðið langt út af vananum. Aðsniðnir ullarjakkar, köflóttar buxur og litrík smáatriði voru áberandi.

Smith lagði sérstaka áherslu á fylgihluti eins og skó og hálstau og sagði það andsvar við fjármálakreppunni. „Á samdrátt-artímum held ég að fólk reyni að lífga upp á fataskápinn með fylgihlutum og eyði frekar í smærri hluti,“ er haft eftir honum á www.yahoo.com.

- ve

Appelsínugult fóðrið sem stingst undan frakkanum gerir gæfumuninn.

Smith lagði sérstaka áherslu á fylgihluti eins og skó og hálstau.

NORDICPHOTIS/GETTY

ALLT HEIMILI

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María 512 5473

Hugi 512 5447

NÝKOMINN OG BARA FLOTTUR

teg. 5207 - mjög haldgóður BH í CDE skálum á kr. .3850,- og flottar buxur í stíl í SMLXL á kr. 1.950,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 3366

Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14

www.misty.is

Friendtex leitar af sjálfstæðum sölufulltrúum

Nú er tækifærið fyrir duglegt sölufólk sem vill afla sér auka-tekna.
Nýi vörulistinn er kominn á netið.

Kíkið á FRIENDTEX.is eða hringið í s: 691-0808

friendtex

Augnháralitur og augnbrúnalitur

Tana® Cosmetics

Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

ÚTSALA 10-50% afsláttur

Yfirhafnir kvenna í frábæru úrvali

- Jakkar
- Úlpur
- Ullarkápur
- Dúnkápur
- Vattkápur
- Hattar
- Húfur

Mörkinni 6 • Sími 588 5518

Opnunartímar:
mán.-föstud. 10-18
laugardaga 10-16

Ath. einnig opið sunnudaga 12-16

TOPPHÚSIÐ

HEIMILI

BLÁA TUNNAN sem Reykjavíkurborg hefur boðið upp á undir dagblöð, auglýsingapóst og tímarit nýtist frá 1. febrúar einnig undir fernur, umbúðapappír, prentpappír, sléttan pappa og karton. Nú má setja það sama í bláar tunnur og bláa grenndargáma. Sjá sorpa.is.

Hawa

Gler-rennibrautir

Hawa Junior 80 eru glæsilegar rennibrautir fyrir 8-10-12 mm hert gler eða timburhurðir. Eigum einnig rennibrautir frá GEZE fyrir skápa og tréhurðir.

Útvegum hert gler eftir máli..

JÁRN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Casio-digitalklukka, alveg hljóðlaus þar til hún gefur til kynna að mál sé að vakna. Er með hitamæli og dagatali og kostar 5.500 hjá Jóni og Óskari á Laugavegi 61.

Í þessari heyrist ekkert tikk. Hún er með sjálflýsandi vísum og stöfum og gefur frá sér lágt píp í byrjun en æsist brátt ef ekkert er að gert. Kostar 3.700 krónur í Heide Glæsibæ.

Þessi klukka með gamalkunna laginu dregur ekki af sér þegar hún glymur. Kostar 2.500 krónur hjá Gilbert Ó. úrsmið á Laugavegi 62.

Mál að vakna

Þar sem hanarnir hafa ekki gert sig gildandi í bakgörðum þjóðarinnar ennþá verða margir að treysta á vekjaraklukkur eða gemsa til að rjúfa svefninn á morgnana og rífa sig úr draumalandinu.

Enda þótt dag sé tekið að lengja eftir svartasta skammdegið er samt enn myrkur þegar stærstur hluti þjóðarinnar þarf að rísa úr rekkju. Þá kemur traust vekjaraklukka sér vel. Hvort hún þarf að glymja eins og skólaklukka getur farið eftir svefnþunga notandans. Sumum nægir að heyra ljúft lag eða lágt píp. Margar klukkur byrja lágt en smá hækka sig ef ekki er slökkt á þeim. Algengt er líka að þær gefi smá grið eftir fyrstu hringingu og láti í sér heyra oftar en einu sinni.

Kíkt var inn í þrjár klukkubúðir og úrvalið kannað.

gun@frettabladid.is

Nett og hlóðlát Casio-klukka sem fer vel á náttborðinu. Kostar 2.200 krónur hjá Jóni og Óskari á Laugavegi 61.

Útsalan í fullum gangi
Fjöldi frábærra tilboða

Mikið úrval af sófum, sófasettum og hornsófum með og án tungu

Verddæmi: Vandaður hornsófi með bykku nautaleðri
Verð aðeins kr. 389.000.-
Verð áður kr. 589.000.-

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16
Italsofa The Italian touch
www.valhusgogn.is

Eirberg

Swopper vinnustóllinn
• Bylting fyrir bakið
• Styrkir magavöðvana
• Frelsi í hreyfingum
• Margviðurkenndur stóll

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

Þurrkari
- 10 kg -

Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

KRIYA YOGA

KYNNINGARFYRIRLESTUR UM KRIYA YOGA
Swami Mangalananda heldur fyrirlestur
30. janúar í sal Rósarinnar, Bolholti 4, 4 h.tv. kl. 20.00.
Allir eru velkomnir. Frítt inn.

NÁMSKEIÐ
31. janúar - 1. febrúar verður haldið námskeið þar sem Kriya Yoga-tæknin er kennd. Námskeiðið fer fram í Yogastöðinni Heilsuböt, Síðumúla 15. Þetta er tækifæri sem áhugafólk um Yoga og andleg fræði vill ekki missa af.

FYRIR BÚSTAÐINN OG HEIMILIÐ
Opið: má-fö. 12-18, lau.11-16
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is
Nóra

512 5050 Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

Landsins mesta úrval af vörum til skartgripagerðar
Föndurvörur í miklu úrvali !

Föndurverslunin heim í stofu !
fondurstofan.is

Opið
virka daga 12-18
Laug. 11-15

Fondurstofan.is
Síðumúli 15 • s. 553-1800

Veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 29. JANÚAR 2009

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RAUÐARÁ
RESTAURANT

Nýr matseðill

Matseðill Rauðará hefur verið endubættur svo um munar.

Áhersla var lögð á að styrkja aðalsmerki staðarins og aukna fjölbreytni.
Meistarakokkurinn Emil Örn Valgarðsson sá um þróun og hönnun nýja matseðilsins.

www.raudara.is

Nýr tími

Frá og með 2. febrúar verður opið á Rauðará alla daga vikunnar.
Húsið opnar kl. 18.00 alla daga.

Verið hjartanlega velkomin,
Rauðará.

2fyrir1.is
– ókeypis afsláttarklúbbur fyrir alla!

Skráðu þig á www.2fyrir1.is og njóttu sérstakra kjara á Rauðará

Léttöl

Rauðará, Rauðarástíg 37, sími 562-6766, raudara@raudara.is

Söðlasmíði er handverk

Helga Skowronski söðlasmiður býr á Dalsbúi í Helgadal í Mosfellssveit. Þar á hún litla smiðju þar sem hún getur gert við reiðtygi. „Þegar ég byrjaði að svipast um eftir söðlasmíðanámi á sínum tíma voru þeir meistarar sem voru á landinu með mjög langa biðlista. Ég leitaði því eftir námi erlendis og fór í skóla í London," segir Helga, sem lærði almenna söðlasmíði fyrsta árið en sérhæfði sig í hnökkum seinna árið.

Nú eru hnakkar mjög misjafnir eftir því hvort þá á að nota á stóra útlenska hesta eða litla íslenska og er Helga spurð hvernig hún hafi brugðist við því. „Sem útskriftarverkefni gerði ég íslenskan hnakk með spöðum," svarar Helga, sem hannaði hnakkinn frá grunni út frá hugmyndum sem hún fékk þegar hún vann hjá Söðlasmiðnum í Nethyl sumarið á milli námsáranna tveggja. „Ég hannaði virkið, löfin, undirdýnuna og allt saman," segir Helga, sem bjó til tvo hnakka sem hún seldi síðan frá sér.

Þegar Helga sneri heim tók hún íslenskt sveinspróf til að fá réttindi á Íslandi. Þá dreif hún sig líka á Hóla og tók tamningapróf, enda er hestamennskan líf hennar og yndi.

Í dag býður hún upp á viðgerðir og viðhald á reiðtygjum. „Þetta er reytingur," svarar Helga þegar hún er innt eftir því hvort mikið sé að gera. Helst segir hún að hestamenn láti stoppa í undirdýnur hnakka sinna og gera við saumsprettur. Þótt hún hafi ekki enn orðið vör við það hefur Helga þó velt fyrir sér hvort hestamenn láti ekki frekar gera við reiðtygi sín í nánustu framtíð í stað þess að kaupa ný eins og var oft raunin í góðærinu. *-sg*

Helga Skowronski annast viðgerðir og viðhald á reiðtygjum á Dalsbúi í Helgadal.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Karlmannleg lopapeysa eftir Védísi Jónsdóttir sem hannar fjölbreyttar flíkur úr íslenskri ull fyrir Ístex. Allar hennar uppskriftir má fá í prjónabæklingum Ístex.

Yndisfagurt ullarteppi eftir Védísi Jónsdóttur úr Interior-línu Ístex.

Hér má sjá appelsínugult lopabandi í hespum.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenska sauðkindin einstök

Fátt er jafn samofið íslenskri þjóðarvitund og íslenska sauðkindin, en vinsældir hennar fara síst minnkandi.

„Íslensk ull hefur sérstöðu á heimsvísu því hún hefur bæði tog og þel frá náttúrunnar hendi. Aðrar þjóðir hafa annað hvort valið að rækta fíngerða ull á þurrum landssvæðum eða grófa ull í vindasamri og blautri veðráttu, en sauðkindin okkar hefur ull eins og kindur báru í upphafi, áður en sérstök ræktun hófst," segir Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex í Mosfellsbæ, sem er eina fyrirtækið sem fullvinnur íslenska ull.

„Við keyptum þrotabú Álafoss 1991 og höfum rekið fyrirtækið síðan. Þegar gengi krónunnar var sem hæst fengum við alltof lágt verð fyrir útflutning okkar, en 60 prósent af okkar tekjum koma inn vegna útflutnings um allan heim. Eftir að krónan veiktist fáum við hins vegar mjög gott verð, og ánægjulegt hvað salan er mikil innanlands líka," segir Guðjón sem í janúarlok sér fram á metsölu á íslenska lopanum.

„Við urðum vör við töluvert meiri sölu á vormánuðum í fyrra og enn jókst hún í haust, þegar við héldum að allir væru að prjóna jólagjafir. Það reyndist ekki vera því salan varð ekkert minni í desember og á nýja árinu höfum við ekki séð aðrar eins sölutölur. Bæði er fólk að prjóna í fataskáp fjölskyldunnar en einnig er umfangsmikill heimilisiðnaður hérlendis, þar sem fjöldi fólks prjónar lopapeysur fyrir verslanir."

Ístex er í eigu starfsmanna og fjölda bænda. „Við kaupum alla ull sem til fellur, þvoum hana í ullarþvottastöð okkar á Blönduósi og vinnum úr henni lopa hér í Mosfellsbæ. Védís Jónsdóttir hönnuður hannar alla okkar liti, sem og munstur og útlit okkar framleiðslu. Þá framleiðum við ýmsar tegundir lopabands, eins og einband, léttlopa, gamla Álafosslopann og bulky-lopa sem er sérstaklega þykkur," segir Guðjón, en þess má geta að íslenskir framleiðendur prjóna mest úr plötulopa.

„Þel í íslenskum lopa hlífir gegn kulda, og tog gegn regni og vindi. Fatnaður úr íslenskri ull einangrar því sérstaklega vel um leið og hann blotnar ekki eins og annar fatnaður þegar regndropar hripast niður eftir tognárunum," segir Guðjón, sem selur lopa hérlendis til prjónaverksmiðja á Hvammstanga, í Vík, á Hvolsvelli og Kópavogi, svo eitthvað sé nefnt, en alls kaupir Ístex um 900 tonn af óhreinsaðri ull af bændum á hverju ári. *-þlg*

Tilboð á egla bréfabindum
489 kr/stk
Gildir út janúar 2009
MÚLALUNDUR
50 ára
Vinnustofa SÍBS
Hátúni 10c - S. 562 8500
www.mulalundur.is
Veljum íslenskt – okkar hagur!
SÍ

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Útsala
25 - 70 % afsl.
af öllum vörum
Sturtuklefar - Baðinnréttingar
Hreinlætistæki - Blöndunartæki
Baðker ofl.
BAÐHEIMAR
Baðdeild Álfaborgar
Skútuvogi 4 - sími: 525 0800

HÓTEL BÚÐIR

Upplifðu einstaka náttúrufegurð og gæðu við bragðlaukana á óviðjafnanlegu hóteli

Einstaklingstilboð 13.500 kr. per mann fyrir herbergi, miðað við tvo í standard/deluxe herbergi morgunverður og kvöldverður innifalinn.

Bjóðum einnig uppá tilboð fyrir hópa allt að 56 manns með gistingu og morgunverði.

Munið gjafabréfin - einstök gjöf fyrir brúðhjón, afmæli og aðrar tækifærisgjafir

Nánari upplýsingar í s: 435 6700.

Velkomin á Hótel Búðir



Hotel Budir | IS-365 Snaefellsnes | Iceland | Tel. +354 435 6700 | Fax. +354 435 6701 | budir@budir.is

Sara í einum af kjólunum sem þau Ási hafa hannað saman. Efnið prentaði Sara en Ási saumaði kjólinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Falleg munstur einkenna kjólana.
MYND/ÚR EINKASAFNI

Litrík, prentuð efni og fléttuð bönd.
MYND/ÚR EINKASAFNI

Hver kjóll er einstakur

Sara María Júlíudóttir og Ásgrímur Már Friðriksson hafa frá því í desember hannað saman kjóla og fleiri flíkur.

„Ási vann hjá mér í stuttan tíma fyrir nokkrum árum. Síðan þá höfum við verið að ræða að við þyrftum að fara að gera eitthvað meira," segir Sara María Júlíusdóttir, eigandi verslunarinnar Nakta apans. Svo var það í desember að þau fóru að skapa saman leggings, peysur, kjóla og fleiri flíkur. „Ég sé um að prenta allt efnið, síðan ákveðum við saman hvernig flík við viljum búa til. Við veljum saman efni og liti og svo sér Ási um að ljúka við flíkina," útskýrir Sara, sem er menntuð í fatahönnun og textíl.

„Við reynum að gera áhugaverða kjóla og skemmtilega," segir Ási, sem er kannski best þekktur fyrir búningana sem hann hannaði fyrir Sylvíu Nótt á sínum tíma.

Föt þeirra Söru og Ása eru til sölu í Nakta apanum og á www.dontbenaded.com.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann var einnig í Listaháskóla Íslands og hefur hin síðari ár unnið að eigin fatalínu, E-Label, en vann líka sem aðstoðartískustjórnandi hjá tímaritinu Cover í Danmörku.

Sara segir flíkurnar fremur óhefðbundnar. „Mikið prentað efni er lýsandi fyrir mig, auk þess sem við notum fléttur úr prentuðu efni og alls konar litum," segir hún. Kjólarnir seljast að hennar sögn vel þótt þeir séu í dýrari kantinum, enda mikil vinna í þá lögð auk þess sem enginn er eins. *- sg*

Sækir innblástur í náttúruna

„Ég hef verið að hanna í þrjú ár, aðallega kvenfatnað þótt inn á milli hafi slæðst peysur á börn og karla," segir Sólveig Stefánsdóttir, sem er á lokaári í fatahönnunar- og klæðskeranámi við Iðnskólann í Reykjavík og hefur verið að selja hönnun sína undir merkinu Krown*.

Spurð hvaðan hún fái hugmyndirnar að hönnuninni segir Sólveig það háð því hverning fatalínu hún ætli að hanna. „Ég sæki innblástur í íslenska náttúru. Annars fæ ég líka hugmyndir úr tískublöðum."

Að sögn Sólveigar hefur Krown* vakið nokkra athygli á síðustu árum. Svo gæti farið hún ætti eftir að aukast, þar sem ljósmyndarinn Bryndís Steina Friðgeirsdóttir hyggst nota hönnunina í lokaverkefni sínu við ljósmyndaskóla í París. „Þetta gæti orðið mjög spennandi og skemmtilegt," segir Sólveig, ánægð með að fá þetta tækifæri.

Hægt er að skoða fatalínuna á www.myspace.com/krowndesign, þar sem einnig finna má upplýsingar um hvernig best sé að panta fatnaðinn ef áhugi er fyrir hendi. *- aóv*

Sólveig sækir innblástur í íslenska náttúru.
MYND/BRYNDÍS STEINA FRIÐGEIRSDÓTTIR

TBWA\Reykjavik\ SÍA \ 094036

„Algjör gullmoli“

AFSLÁTTARKJÖR

- **2 króna afsláttur af eldsneyti**
- **5% afsláttur af vörum***
- **1,5% afsláttur í formi Vildarpunkta Icelandair**

*Ekki er veittur afsláttur af tóbaki, símakortum, happdrætti, tímaritum og blöðum.

Má bjóða þér betri kjör?

Staðgreiðslukort Olís veitir þér afslátt af eldsneyti og öllum helstu vörum á þjónustustöðvum Olís. Ef þú ert meðlimur í Vildarklúbbi Icelandair safnarðu einnig Vildarpunktum með notkun á kortinu.

Til að njóta afsláttarkjara staðgreiðslukortsins þarftu að framvísa kortinu áður en þú greiðir. Þú getur greitt með hvaða greiðslumiðli sem þú vilt, **peningum, debetkorti eða kreditkorti,** sem í þessu tilviki fellur einnig undir staðgreiðslu.

Þú sækir um kortið á **www.olis.is**, þjónustustöðvum Olís um land allt eða í síma 515 1141.

Valli gengur frá kökunum í bakarofninn. MYND/GUÐMUNDUR SKÚLI VIÐARSSON

Af hlóðum í hátæknivélar

Eitt af því sem fylgir þorranum er þjóðlegt flatkökuát. Í fyrirtækinu Ömmubakstri/Gæðabakstri eru því miklar annir.

„Flatkökur voru fyrst bakaðar á hlóðum og hefð fyrir kökunum hefur viðhaldist í landinu," segir Vilhjálmur Þorláksson, framkvæmdastjóri Ömmubaksturs/Gæðabaksturs. Nú eru það norskættaðir ofnar sem kökurnar renna í gegnum og koma úr fullbakaðar báðum megin eftir 45 til 60 sekúndur. Þó talsverður reykur myndist við baksturinn sjá öflugar viftur um að bægja honum frá vitum starfsfólksins. Vinnan við flatkökugerðina fer fram á nóttunni. Byrjar klukkan átta að kvöldi og klukkan sex að morgni er afraksturinn, yfir 6.000 kökur, kominn í umbúðir.

Ömmubakstur byggir á fyrirtæki sem var stofnað 1952 og hét Bakarí Friðriks Haraldssonar. Það var fyrst í heimahúsi en flutti á Kársnesbraut 96 árið 1975. Þá var tekið til við að tæknivæða það og auka sjálfvirkni.

Ömmubakstur og Gæðabakstur sameinuðust í eitt árið 2008 og nú fer brauðbakstur fram í Álfabakka og flatkökur og kleinur verða til á Kársnesbrautinni. Um 80 manns starfa hjá fyrirtækinu, þar af sjá um þrjátíu um flatkökurnar og kleinurnar.

Að sjálfsögðu er stuðst við gamlar uppskriftir að sögn Vilhjálms en mesta nýjungin á markaðnum eru flatkökur úr íslensku byggi frá Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum. Annað bökunarefni er rúgur, spelt og hveiti. „Við vorum líka að brydda upp á að hafa kökurnar ferkantaðar," bendir Vilhjálmur á. „Fólk hefur tekið þeim mjög vel enda passa þær betur þannig undir áleggið, ostsneiðar, skinku og hangikjöt." *-gun*

Ingólfur framleiðslustjóri við skurðarvélina, Sara, Dueville, Tassany og Valli fjær.

Dueville raðar kökunum saman og setur á bandið sem ber þær til pökkunar.

Bleytt er í íslenska bygginu áður en því er hellt í hræri vélina.

Hafmeyja sægreifans og sonarins

Nýjar fiskbúðir spretta nú upp á höfuðborgarsvæðinu og aðrar lifna við sem lognast höfðu út af. Sægreifinn Kjartan Halldórsson lætur ekki sitt eftir liggja heldur hefur opnað fiskbúð í næsta húsi við veitingastaðinn sinn að Geirsgötu 9 í Reykjavík. Hún heitir því rómantíska nafni Hafmeyjan. „Þú gengur um sundið, inn í næstu verbúð og þar er hamingjan," segir Kjartan er hann lýsir leiðinni. Reyndar er það sonur hans, Halldór Páll, sem ber hitann og þungann af daglegum störfum í versluninni. Þar eru þeir feðgar með hefðbundnar fisktegundir í borðinu og auk þess ýmsa tilbúna rétti sem bara á eftir að stinga í ofn eða bregða á pönnu þegar heim er komið. „Svo erum við með skötusel og gríðarlega fínan ál úr Grindavík sem ég reyki sjálfur eða við foringjarnir," tekur sægreifinn fram.

Þegar Kjartan er spurður hvað komi honum til að standa í svona stórræðum svarar hann að bragði. „Ja, ég er nú áhugamaður um fisk, enda búinn að vera kokkur á sjó í hundrað ár eða meira." Inntur eftir verðinu í nýju búðinni segir hann það gott sægreifaverð en kallar í soninn sem kemur með nákvæmari tölur. „Við erum með þorskflök á 1.290 krónur, ýsuflök á 1.090 og heila ýsu á 650," upplýsir hann. *-gun*

Halldór Páll Kjartansson stendur vaktina í nýju fiskbúðinni Hafmeyjunni við Geirsgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það er leitun að þeim sem stenst nýbakaðar, ilmandi og þjóðlegar kleinur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslenskt grænmeti allt árið

Íslendingar eru með færustu þjóðum heims á sviði ylræktar og gróðurhúsaræktunar.

Ylrækt hér á landi byggir fyrst og fremst á nýtingu jarðhita en hann var fyrst nýttur til upphitunar gróðurhúsa um 1920. Mikil þróun hefur orðið í ylrækt síðastliðin ár sem hefur meðal annars leitt til þess að nú er hægt að fá ferska íslenska tómata og gúrkur allan ársins hring og fylgir paprikan fast á eftir, að því er fram kemur á vefnum www.islenskt.is. Þar má nálgast grænmetisdagatal þar sem fram kemur á hvaða árstíma tilteknar grænmetistegundir fást.

Hnattstaða landsins og landfræðileg einangrun gera Ísland fljótt á litið ekki kjörland til garðyrkju en einmitt hún ásamt náttúruauðlindum landsins skapar landinu sérstöðu. Norðlæg lega og einangrun þýðir að hér er lítið um meindýr og sjúkdóma í gróðri. *- ve*

Framfarir í ylrækt hafa orðið til þess að ferskir íslenskir tómatar fást allan ársins hring.

Þjóðlegt lostæti

Kleinur eru eitt alíslenskasta munngæti sem þjóðin þekkir. Þær eru sannkallaður ísbrjótur á lífsins stundum og eiga alltaf við. Með kleinum má segja fyrirgefðu, ég elska þig, þú ert vinur minn og mér finnst gott að vera hjá þér, ásamt öllu öðru sem upp kemur í hugann, enda gegnheilt kærleiksbrauð.

Kleinur er einfalt að baka og afraksturinn hamingja, mettur magi og góðar birgðir í kreppubúrið.

Kleinur

2 kg hveiti
2 bollar sykur
2 egg
100 g smjörlíki
10 tsk. lyftiduft
2 tsk. hjartasalt
1 l súrmjólk
kardimommudropar

Blandið þurrefnum í skál. Geymið 400 g hveitis til að hnoða upp í. Myljið smjörlíki saman við. Setjið egg, dropa og súrmjólk í miðju þurrefna, blandið vel saman og hnoðið. Hnoðið hveiti eins og með þarf til að deig verði ekki blautt. Fletjið út og skerið.

Steikið upp úr Palmín-jurtafeiti við góðan hita í góðum potti. *- þlg*

Stefnt er að því hefja útflutning á smyrslunum síðar á þessu ári, auk þess sem von er á nýjum umbúðum.

Villimey í útrás

Smyrslin frá Villimey, sem bera til að mynda nöfnin Húð-galdur, Sára-galdur, Fóta-galdur, Bossa-galdur og Bumbu-galdur, eru unnin úr villtum íslenskum jurtum sem eru tíndar á Vestfjörðum.

Aðalbjörg Þorsteinsdóttir hefur þróað uppskriftirnar, sem byggja á vísdómi, verkkunnáttu, hefðum og sögnum sem hafa gengið mann fram af manni. Hún tekur nú þátt í verkefni á vegum Útflutningsráðs sem ber heitið útflutningur og hagvöxtur og er stefnan sú að hefja útflutning á smyrslunum, sem eru án allra rotvarnar-, ilm- og litarefna og lífrænt vottuð frá Vottunarstofunni Túni, síðar á þessu ári.

Þá var fyrirtækið valið af fagráði Hönnunarmiðstöðvar og Útflutningsráðs til að taka þátt í verkefninu Frá hönnun til útflutnings en það er samkeppni hönnuða um umbúðir utan um framleiðslu fyrirtækja sem hyggja á útflutning. *- ve*



VÍSIR.IS

LANGVIRKASTI FRÉTTAMIÐILL LANDSINS

Vísir er langvirkasti vef-fréttamiðill landsins og flytur landsmönnum 35% fleiri fréttir en mbl.is

Vísir gefur landsmönnum tækifæri á að fylgjast með og stendur fréttavaktina fyrir þig. Hraði frétta og upplýsinga skiptir höfuðmáli í nútíma samfélagi !

vísir.is

...ég sá það á visir.is

JANÚAR ÚTSALA

PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED enox.

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

JVC SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ ÁTJÁN KRÓNA AFSLÆTTI

SÍÐUSTU DAGAR

37” LCD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 239.990

TILBOÐ 199.990

GRUNDIG AFSL. 40.000

FULLT VERÐ 79.990

TILBOÐ 59.990

UNITED AFSL. 20.000 / 25%

SÍÐUSTU DAGAR

JBL 40% AFSLÆTTI JVC

40% AFSLÁTTUR

Panasonic enox. PHILIPS

STAFRÆN JVC TÖKUVÉL

TILBOÐ 39.990

JVC AFSL. 25.000 / 38%

HÁTALARAR FYRIR MP3 OG iPOD MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

SÍÐUSTU DAGAR

harman/kardon

Logitech

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR MEÐ

Panasonic OLYMPUS CASIO Nikon

OPIÐ LAUGARDAG 10 - 16 – SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Einnig óskum við eftir Toyota Land Cruiser 120 35" breyttum bílum á skrá og á staðinn sem og öllum öðrum bílum. Mikil sala... Getum bætt við okkur bílum á staðinn !

Toyota Land Cruiser 90 VX Common Rail (136060) 4/2002, dísel, ssk. , ekinn 190 þús. km, leður, krókur, ofl... Ásett verð 2.590 þús. ATH 100% Fjármögnun í boði !

Can-Am Renegade X (136401) 4/2008, bensin, ssk., ekið 2500 km, handahlífar, hiti í handföngum og renegade grind, ofl... Ásett verð 1.750 þús. ATH 100% Fjármögnun í boði !

Chrysler Town and Country (112579) 12/2007, bensín, ssk. ,ekinn 300 km, litað gler, fjarst samlæs. ofl... Ásett verð 3.690 þús. Áhvílandi 3.290 þús. FÆST Á YFIRTÖKU!

Dodge Ram 2500 (112665) 2007, dísel, ssk., ekinn 74 þús. km, leður, pallhús, dráttarkr, ofl. Ásett verð 4.390 þús. Áhvílandi 3.600 þús.

Óskum eftir Hiace bifreiðum frá árg 1990 til 2000. Helst Bensín en skoðum Dísel líka ! 4WD eða 2WD skoðum bæði ! Erum með kaupendur... Einnig óskum við Carinu árgerð 1997 og eldra. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND !

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is

TOYOTA SELFOSSI

Enn óskum við eftir Hilux bifreiðum frá 50.000 krónur og uppí 650.000 krónur. Bensín eða Dísel skoðum bæði ! Erum með kaupendur... Einnig óskum við líka eftir Land Cruiser 90 fyrir 700.000 krónur og minna og sömuleiðis Land Cruiser 60 1986 árg og yngri. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND!

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is

EINKABÍLAR

Þessi er klár á fjöll !!!
Toyota LC 60, Árg 88, E-360þ, 44", skriðgír, læsingar, hlutföll, aukatankur, verð 1990þ

GLÆSILEG NETBÍLASALA!

VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ

Einkabílar
Sími: 5124040
http://www.einkabilar.is

100bílar.is bílasala

Dodge Charger R/T Daytona, árg. 2006, ek. 37þús.km, 340 hö., Sjálfsk., leður, lúga, Sport sæti,cd, omfl.Ásett verð 4500þús.kr

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Góður bíll á góðu verði! SKODA FABIA comfort 2001, 1.4l., ek. 74þ.km, bensin, 5g. TILBOÐ V. 405þ. S. 857 0930.

Tilboð. VW Golf '03. Ek. 109 þ. Listav. 990 þ. Fæst gegn yfirtöku á láni, 645 þ., + sölul. S.661 9778.

MMC Pajero Dakar árg. 12.06, ek. 40 þ.km. 3.2 dísel, 7m, leðurkl., toppl. dráttark. 33" dekk, Webasto miðstöð. Skipti á ódýrari. S 896 1339.

MMC Outlander Turbo '05 ek. 65þ. Leður, lúga & dvd. V.1950. Sk. Skipti á ód. S. 866 7723.

Isuzu NPR65PL Pallbíll Toppbíll nýsk. '10 ekinn 135þ. dísel mikið endurnýjaður. Verð. 980.000 Uppl. í s. 847 6400.

Hyundai H1 VSK númer árg. 9/'01 bensín nýsk. '10 ek. 155þ. Smá sjúskaður en góður bíll tombóluverð 290þ. Uppl. í s. 895 8873.

VW TRANSPORTER DOUBLE CAB SYNCRO árg. 8/'05. Diesel 6 manna 4x4 nýsk. 1'0 ekinn 120þ. VSK númer. Verð 1980 þús. + vsk.
Uppl. 847 6400.

Til sölu Opel Astra árg. '00 ek. 97þ. Bíll í góðu standi. Verð 190þ. Uppl. í s. 898 8835 & 615 3252

Toyota LC 120 GX árg. '05 33" breyttur, sjálfsk., 7 manna, ekinn 65 þ. S. 898 8686.

VW Vento '97 sumar & vetrard. Ökufær en þarfnast lagfæringar. 60þ. Halldór 663 5391.

0-250 þús.

Vento 49.9cc vespa '07 á númerum til sölu 70000 stgr. Uppl. í s. 848 3000.

Volvo sokðaður í águst. '96 ekinn um 130. 1800 vél. Fyrstu eigandaskipti í sumar. Ný sumar og nelgd vetrardekk á felgum. 75000 stgr. Uppl. 848 3000.

Bílar óskast

Nú er tími notaðra bíla
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Óska eftir góðum bíll, allt kemur til greina. Uppl. í s. 865 8417.

Óska eftir bíl í skiptum fyrir 3 ára vto vespu, slétt skipti. S. 660 6707.

Óska eftir Corolla, Carina, Hilux, Hiace og CRV. Árg. '91-'98. Uppl. í s. 823 9010.

Óska e.að kaupa gamla Toyota/Hyundai sendib.og Peugeot 504/505. Nán.uppl. í s. 661 2222.

Óskum eftir eftirfarandi bifreiðum til kaups:
Allt staðgreitt .Toyota Hi lux, Toyota hiace ,Mcc L-200 Toyota landcricer nissan pikkup nissan sunny Honda crv Árgerðir Frá 1986-1997 Verð frá 15-400 þús Bílabankinn 588-0700 Avar@bilabankinn.is Bílarnir þurfa ekki að vera í topp standi, mega vera ryðgaðir og bilaðir.

Jeppar

MMC Pajero '95 dökkblár. Ek. 193þ. 2,8 diesel. Sk. '10. V. 430þ. Ný vetrad. og keðjur. S. 868 4432.

Aukahlutir í bíla

M.Benz 230 E árg. '89 til sölu til niðurrifs.
Vél lítið ekinn. Uppl. í s. 699 5204.

Bílaþjónusta

N1

Þriggja ára ábyrgð á varahlutum.

Nýttu þér framúrskarandi þekkingu og þjónustu ásamt úrvalinu á stærsta varahlutalager landsins fyrir allar tegundir bíla.

Gerðu vel við bílinn þinn!

N1 440 1000 N1.IS

Hjólbarðar

Jeppadekk

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468

Nánast ný vetrardekk. 4 stk. 205-55-r16 og 4 stk. 185-60-r15. 20 þús. hvor gangur. S. 894 0166.

Til sölu nýleg vetrardekk á felgum undan Volvo jeppa. S. 848 2462.

Varahlutir

Erum að rífa Benz S Class, VW Golf, Fiat Punto, Huyndai Getz, Bora, Polo, Passat, Caddy, Suzuki Swift, Honda Jazz, Toy. Avensis, Peugeot 206 & Boxer, Citroen Berlingo, Hyundai H1 diesel, MAN dráttarbíl 2005 og margt fl. Kaupum einnig bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Viðgerðir

Ódýrari bílaviðgerðir
Allar almennar bílaviðgerðir.
Gerðu verðsamanburð og fáðu fast verðtilboð.
Hröð og góð þjónusta.
Verklaginn ehf.
Vagnhöfða 8
S. 517 2010 & 662 6009

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Atli Þrif & Viðhald
Hreingerningar • Flutningsþrif
Gólfbónun • Teppahreinsun
• Húsgagnahreinsun •
Sími: 662 0 662

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ungt par sem er í skóla vill taka að sér þrif á heimilum. Vinsamlegast hafið samband við Jóhann í síma 899 7979

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Garðyrkja

Trjáfellingar
Runnaklippingar, snyrting á trjágróðri.

Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur.

S. 848 1723.

Trjáklippingar Fagleg og vönduð vinnubrögð. Gerum föst verðtilboð. Sími 8691600 Jóhann Sigurðsson Garðyrkjufræðingur

Bókhald

skýrslur & skil

Bjóðum upp á alhliða bókhaldsþjónustu og rekstrarráðgjöf (bókhald, reikningagerð, laun, vsk, stofnun félaga, ársreikninga og skattframtöl) Sími 534 0040.

Bókhald, Framtalsaðstoð, VSK uppgjör, Stofnun EHF, Fjármálaráðgjöf, o.fl.,H-agstætt verð. S. 517 3977

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

Þjónusta

Stendur þú í framkvæmdum?
Múrverk • flísalögn • trésmíði • pípulögn • raflögn • málun o.fl.
Alhliða byggingaþjónusta á einum stað.
Fagmennska og sérhæfing í fyrirrúmi.
Strúctor byggingaþjónusta
S: 824 0150 / 824 0160

Vinnuvélar

Varahlutir
í vinnuvélar og tæki á góðu verði

HRAUNTAK
HRAUNTAK - SKÚTAHRAUNI 11 - S. 580 1500 - WWW.HRAUNTAK.IS

Fjármál

Gjaldþrotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s: 771 45 45.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar S. 555 6363 & 899 7188.
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Allar stærðir bíla.

Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Húsaviðhald



Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 864 5920.

Múrun, málun, smíði, flísalögn...
Iðnaðarmannateymi óskar eftir fleiri verkefnum... (baðherbergi, eldhús, málun íbúða, utanhúsviðgerðir á fjölbýlum). S. 770 5599 skoðið á verkadvinna.is

Byggingarfélag
Getur bætt við sig verkefnum bæði í nýbyggingum og viðhaldi. Úti sem inni, tilboð eða tímavinna. S.: 893 9722.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Úti og inni. Uppl. í s. 869 3934.

Múrverktakar
Múrvertakar geta bætt við sig allt alment múrverk eða múrviðgerðir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

Getum bætt við okkur verkefnum í nýsmíði og viðhaldsverkefnum. Uppl. gefur Benedikt í s. 892 1079.

Trésmíði. Get bætt við mig verkefnum í viðhaldi húsa, þök, glugga, innréttingar, parket ofl. Uppl. gefur Kristján í s. 892 0053.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Smiðalausnir. S. 899 3011.

A - Ö smíðar ehf.
Fyrirtæki, húsfélög, einstaklingar, sumarhúsaeigendur. Nýsmíði og öll almenn viðhaldsþjónusta. Uppl. í s. 847 1430, Júlíus.

Stífluþjónusta

Tölvur

Vandaðar tölvuviðgerðir
Geri við allar tegundir. MEDION DELL ACER HP TOSHIBA IBM/LENOVO FUJITSU O.FL. Ríkharður - Miðnet ehf S. 615 2000

Nudd

Whole body massage for you! S. 841 1837.

Good massage. Gsm. 822 7210.

Whole body massage. S. 841 8529.

Spádómar

Símaspá-draumráðningar: 9086414, 5535395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

Iðnaður

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

Rafvirkjun

ProService

Uppsetning og Þjónusta á öllum dyrasímakerfum.
Almenn smápennuþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Tengingar og mælingar á

tölvu- og ljósleiðaralögnum.
Góð Þjónusta.

Vönduð vinnubrögð.

ProService

894-7999

johann@proservice.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Útsala!
Vertu viðbúin! Fáðu þér þjófavörn sem hringir í síman þinn og tvö önnur símanúmer sem þú velur ef brotist er inn hjá þér. Nú fáanlegt fyrir aðeins 18.900.- kr Verð áður 29.900.- kr. Þráðlaus, einfalt í uppsetningu fyrir heimili og smærri fyrirtæki.

Útsala!
Robot ryksugurnar komnar! Vinnur 3 verk, ryksugar moppar og sótthreinsar, með UV innrauðu ljósi. Fer sjálf í hleðslu, hreinsar sjálfkrafa betur þar sem óhreinindi eru. Hreinsar allar gerðir gólfa. Íslenskur leiðarvísir. Verð áður 48.900.-kr verð nú 37.900.- kr.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Evrur og dollarar til sölu!
Evrur og dollarar til sölu, til afhendingar hérlendis eða erlendis.
Uppl. í s. 693 6445.

Evrur óskast
Óska eftir að kaupa evrur og dollara.
Regent Accounts Ltd Uppl. gefur Sverris í s. 618-7001

Allt til hárgreiðslu
Stólar, vaskar, hárþurrkur, innréttingar, speglar, hárlengina græjur og margt fleira. Uppl. í s. 660 7750.

Rafskutla- Gogo Ultra frá Eirberg verð 155 þús.(kostar ný yfir 200 þús) Uppl. í s. 899 4125.

Blek.is
Útsala á blekhylkjum 40% afsl. Blek.is Ármúla 32,Opið 13:00-18:00 ~~S: 544-8000~~

Básamottur, nótuð plastborð, plast í fjárhús, (dallas) girðingar, járnrimla girðingar, útileiktæki, hjólabrettarampar, og m.fl. www.johannhelgi.is S. 565 1048

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Gullskartgripir
Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000.

Óska eftir fólksbíl ekki eldri 2000 verð 350 þ. kr 200 þ. peningar + lett bifhjól MASAI 48(cm3)ÁRG. 2006 EK. 930 Mílur gott hjól. UPPL. 892 0232.

Óska eftir ódýrri nýlegri fartölvu helst í ábyrgð. Uppl. í s. 824 2656.

Vantar 40 stk borðstofustóla og uppþvottavél helst litla mötuneytisvél. Uppl. í síma 867 3571.

Heimilistæki

Vantar eldavélakubb (Rafa). Uppl. í s. 861 6841.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tölvur

Er tölvan biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Vélar og verkfæri

Til bygginga

PALLAEFNI. Óska eftir að kaupa pallaefni gagnvarða fura eða harðviður. Á sama óskast heitapottur S. 892 5545.

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

Til sölu

Þjónusta

Verslun

Útsala
Triumph sundbolir og bikini í úrvali. Hamraborg 7, 200 Kópavogur, sími: 564 0035. Gengið inn frá Hamrabrekku. www.aquasport.is



Fyrirtæki

Óska eftir afgreiðsluborði og verslunarinnréttingum. Til Sölu 20" gámur.

S. 691 4060.

HEILSA

Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Perform.is - Landsins mesta úrval af fæðubótarefnum. 10-30% afsláttur í janúar!

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Heilnudd Heilnudd. Uppl. í s. 616 7232.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd - Japanska baðið
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Practical Icelandic for foreigners
Learn Icelandic and specialize in vocabulary for Icelandic business life, work and more ! www.businessicelandic.com

Kennsla

Tek að mér aðstoð við nemendur í stærðfræði. Er með framhaldsskólaréttindi. Uppl. gefnar á netfanginu kennsla2009@hotmail.com.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Til sölu 2 sSheffer rakkar með ættbók. V. 200þ. Uppl. í s. 860 4280.

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Fréttablaðið stendur upp úr
Höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Capacent ág-okt 08

Notaðu mest lesna blað landsins
til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina
Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
í síma 512 5448|orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

FRÉTTABLAÐIÐ

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

3-4 herbergja íbúð í 101 Rvk
Til leigu 90 m2 íbúð á besta stað í 101, getur leigst með húsgögnum. Skammtíma eða langtímaleiga verð 120 þús á mánuði
Uppl. Gefur Sverrir í s. 661 7000.

Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.
Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja.
Upplýsingar í síma 699 6464.

Til leigu
Góð 2ja her. íbúð í 109 Rvk. Langtímaleiga.
Upplýsingar í síma 699 6464.

husaleiga.is
Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar 517-0150
Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði www. LMH.is. Sími 517 0150.

www.heimkynni.is
Til leigu 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.
Uppl/info í S. 824 4535.

Leigusali auglýstu FRÍTT* Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488
*m.v. 10 daga

Falleg ný 4 herb. íbúð til leigu í Kórahverfi. Sanngj. verð. S. 899 2123.

105 -Hlíðar
Til leigu gott einbýlishús á 2 hæðum á góðum & barnvænum stað. Sérgarður & sér bílastæði. Leiga 110þ. m/hita. Laust strax. Uppl. í s. 863 3328/(846 0408 e.kl.13).

Herb. til leigu í Álftamýri og Langholtsvegi. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

Til leigu herb. á gistiheimili í miðb. Að. að öllu + inter. V. frá 37 þ. S. 896 4661.

Ath. herb. laust strax í 105. M. WC aðstöðu en ekki sturtu. Stutt í sundlaug. Uppl. í s. 699 2016.

4 herb. íbúð til leigu á sv. 108. Leiga 125þ. kr. á mán. S. 821 4820.

Miðbær
Gott herbergi í íbúð. Uppl. í s. 860 0360.

3ja herb. í G.bæ
Til leigu 80fm kj.íbúð með sérinng. V. 85þ. á mán. + tygg. Innif. rafm. + hiti og hluti raft. Uppl. í s. 898 7897 e. kl. 17.

Góð 2 herb. íbúð í miðborginni með sérinng., rafm. og hita. Með eða án húsg. Laus 1 feb. Verðtilboð. S. 861 6842 & 841 7981.

Óska eftir kaupanda eða með-eiganda á húsi í Orlando, Flórida. Uppl. í s. 822 5034.

Espigerði 2ja - langtímaleiga 60 fm. íb. á jarðh. laus. Aðeins reglusamur og reykLaus aðili. 90 þ. mán. Uppl. í s. 770 3434.

3. herbergja íbúð til leigu í Álfholti Hafnarfirði leiguverð 125.000 á mánuði + rafmagn stutt í skóla, laus strax. Sími 860 0811 Guðmundur.

Til leigu 3ja herbergja íbúð við Framnesveg Uppl. Ársæll í s. 867 3535.

3ja herb. 95fm íbúð á jarðhæð í Hlíðunum. Verð 100þ. Uppl. í s. 846 7200.

Herbergi í 101 Rvk. til leigu. 30 þús./mán. Að. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

425fm verslunar og iðnaraðarhúsnæði til leigu/ sölu á Smiðjuvegi. Laust strax.

Afmæli

Þjónusta

Uppl. 897 2000 & johannes@sts.is

Björt 2ja herb. 68 fm íbúð til leigu í Grafarvogi. Uppl. í s. 896 6655 & 861 4406.

3 herb. lúxus íbúð til leigu

Íbúð og hús nýstandsett ofarlega á Laugavegi, öll tæki til staðar. 3 mánaða trygging. Aðeins traustir leigjendur koma til greina. Leiga per mán 120 þús. Uppl. í s. 822 7303 & 891 8612.

Bergstaðastræti - til leigu

Góð 2ja herbergja íbúð á rólegum stað í 101 Rvík. Laus 1. feb. Upplýsingar hjá Húsanaust www.husanaust.is 530 7203 - 898 7203.

Nokkur góð herb. í 104 Rvk., lækkað verð. Uppl. í s. 697 8720.

Mjög hentugar stúdíóíbúðir til leigu í hverfi 101, 65-85þ. per mánuð. 1 mánuður fyrirfram + trygging. Reglusemi áskilin, uppl. í s. 618 2698.

270 Mos. Glæsilegt 165fm parhús með flottu útsýni. Uppl. sendist á lirios043@hotmail.com

Vesturberg 195. Stúdíó. Langtímaleiga. Tveir mán. fyrirfram. Verð 70.000. Sími 861 4142 kl. 10-16 en ekki á öðrum tímum.

Til leigu 4ra herb. íb. Skugga 101R, svalir, bílsk. 150þ. mán+hússj. m/hita. S824 9098

30-120 fm geymslu- og atvinnuhúsnæði til leigu í Gbr. Uppl. í s. 844 1011.

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Vinakot
sumarbúðir fyrir fatlaða, óskar eftir húsnæði úti á landi í 8-10 vikur í sumar. Húsnæðið þarf að hafa að lágmarki 5 herbergi. Nánari upplýsingar gefur Aðalheiður í síma 662 0328.

Óska eftir langtímaleigu á sérbýli í Garðabæ frá 1 mars n.k. Önnur staðsetning kemur einnig til greina. Áhugasamir hafi samband í síma 898 3847 eða á jbj@spong.is.

Grafarholt

Óskum eftir 4 herb. íbúð á góðu verði. Skilvísum greiðslum heitið.
Uppl. í síma 893 5349.

Par með barn og hund óskar eftir þæginlegri íbúð með sér inngang og aðgang að garði. Greiðslugeta í kringum 100 þ. S. 868 7656.

Reglusöm kona óskar e/ 2 herb. íbúð 60fm eða stærri. Greiðslug. 70-80þ. Langtímaleiga S. 772 7024.

+Listahátíðin artFart óskar eftir húsnæði í Rvík. Svarist á svidslist@gmail.com+

Atvinnuhúsnæði

Óska eftir skrifstofuherbergi á leigu, helst í 101 R. Sendið uppl. á toti@skerpla.is.

Íbúð óskast. 3-4 íb. miðsvæðis í Rvk. óskast til langtímaleigu. Traustir og reglusamir leigjendur. Uppl. 822 2994.

Hljómsveitarhúsnæði til leigu. Uppl. rkraf@internet.is

Til leigu 107 m2 mjög snyrtilegt iðnaðar/skrifstofupláss í Hfn. 35m2 vinnusalur. Stór hurð 4,2m og flísar. Tvær 36m2 skrifstofur með öllum lögnum og smáeldhús. Upplagt fyrir hönnun, skrifstofur, heildsölu, léttan iðnað. S. 6601060

Geymsluhúsnæði

geymslaeitt.is
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Gisting

Gista.is / S. 694 4314
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

GISTING Í KAUPMANNAHÖF - TILBOÐ

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Gistinóttin á aðeins 750 dkr fyrir 3ja herb. íbúð fram til 1. apríl 2009. Nánari uppl. í s. 891 8612, +45 27111038 www.stracta.com eða annalilja@stracta.com-

ATVINNA

Atvinna í boði

Meiraprófsbílstjóri óskast, verður að geta haldist í sömu vinnu til lengri tíma og vera stundvís, má ekki vera á sakaskrá og helst með meðmæli. Uppl. í síma 858 5810.

Svona vann ég mig út úr mínum skuldum - peningarstrax.com

Starfsfólk óskast í afgreiðslu í fiskbúð í Kópav. Umsókn sendist:fiskbud@gmail.com

Tækifæri í Svíþjóð

Ertu rafvirki eða handlaginn smiður, og þarf þú að breyta til? Sendu mér línu um þig á johannes@gmail.com

Vááá...Ég fékk 617,85 dollara við aðeins 8 klt vinnu! Og ég hef sönnun fyrir því! Kíktu á www.netvidskiptaskolinn.com

Verktakafyrirtæki í jarvegsframkvæmdum, óskar eftir meiraprófsbílstjóra og gröfumanni. Upplýsingar um réttindi,fyrri störf og launakröfur, sem sendist á gustii@internet.is. Umsókn berist fyrir 3. febrúar n.k. Hellur og gras ehf.

Okkur hjá Red Apple Apartments vantar bókara í nokkra klukkutíma í mánuði. Best væri ef viðkomandi væri búsetur í Danmörku eða Suður Svíþjóð. info@redappleapartments.com www.redappleapartments.com

Finnst þér gaman að daðra við karlmenn ?

Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur á aldrinum 20-40 ára. Góðir tekjumöguleikar, frjáls vinnutími. Nánari upplýsingar á www.chat.is (atvinna).

Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Símadama

Rauða Torgið kynnir kynþokkafulla dömu með fjörugt ímyndunarafl. Sjáðu prófílinn hennar: www.chat.is/Klara.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.hjalp.is

Fasteignablaðið
Sími:
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is

Fasteignablað Fréttablaðsins

Viðar Ingi Pétursson
s. 512 5426
vip@365.is

Hrannar Helgason
s. 512 5441
hrannar@365.is

Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað
alla laugardaga

Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttaúttektir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.

Atvinnublaðið
fylgir alltaf með Helgarblaðinu!

Allt sem þú þarft

500GB
SPECIAL EDITION 720p

Argosy margmiðlunarspilarinn er með 720p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Hlaðinn öllum helstu tengjum

29.900
750GB AÐEINS KR. 34.900

3LEYFI
MÁ SETJA UPP Á ALLT AÐ 3 TÖLVUR

2009
INTERNET SECURITY

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- Öflugur eldveggur, ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangstýring barna á netinu

4.990
MEST SELD Á ÍSLANDI

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CREATIVE VÖRUM

X-FI GAMERS
MAGNAÐ HLJÓÐKORT

- Magnað hljóðkort í leiki og tónlist
- X-Fi CMSS tækni fyrir heyrnartól
- EAX ADVANCED HD leikja effectar
- 24 bita X-Fi Cristalizer hljómgæði
- Ótrúleg hljómgæði og möguleikar
- Low Latency í tónlistarvinnslu

6.450
VERÐ ÁÐUR KR. 12.900

NÝJA 1.01 ÚTGÁFAN

750GB
1080P HD SPILARI

- 750GB LaCie hágæða flakkari
- WD TV 1080P HD Media player
- Nýja 1.01 útgáfan hlaðin nýjungum
- Hægt að tengja við aðra flakkara
- Spilar HD kvikmyndir og tónlist
- MPEG 1/2/4, MKV, H.264 ofl. ofl.
- HDMI, RCA, ljósleiðara tengi ofl.

49.900
HVERGI BETRA VERÐ!

22”LCD
BENQ WIDESCREEN SKJÁR

Stórglæsilegur 22” WideScreen BenQ G2200WT skjár með Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt ásamt hæðar og snúnings stillanlegum fót.

- 22” WideScreen LCD skjár
- 2500:1 skerpa og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- VGA og DVI HDCP tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

39.900
MEÐ HÆKKANLEGUM FÓT

NAS
NETHÝSING

- Sarotech Wizplat NAS-20
- Tekur 2 harðdiska í Raid ofl.
- Gigabit nettengi og USB host
- BitTorrent, FTP og SAMBA
- Innbyggður prentþjónn
- Orkusparnaðarhamur

24.900
FYRIR 2 DISKA Á NET

20” LCD SKJÁR

20”LCD
BENQ SKJÁR

- 20” WideScreen LCD skjár
- 3000:1 skerpa frábær gæði
- 5ms viðbragðstími í leikina
- 1680x1050 WideScreen
- VGA tengi, svartur á lit
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

29.900
GLÆSILEGUR 20” LCD

16:9 CINEMA

24” LCD SKJÁR

24”LCD
BENQ SKJÁR

- 24” LCD 16:9 Cinema skjár
- 10000:1 skerpa, Sensey tækni
- 2ms viðbragðstími í leikina
- 1920x1080 Full HD upplausn
- VGA, DVI, HDMI HDCP tengi
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

69.900
FULL HD 1080P SKJÁR

VUTEK
• 563 6900 • www.tolvutek.is

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CREATIVE VÖRUM

HEYRNARTÓL
CREATIVE HEYRNARTÓL

NÝ LENT

MÚSARMOTTUR
MESTA ÚRVAL LANDSINS

GIGABYTE

SPIRE 2 TÖLVUTILBOÐ

Gigabyte Spire 2 tölvan er frábær heimilistölva með öflugri skjástýringu og glæsilegum 20” skjá með Senseye tækni.

- 2.0GHz AM2 Sempron64 örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti DL skrifari
- 512MB ATI HD2100 DX10 skjástýring
- 20” WideScreen skjár 2500:1, 5ms
- Vandað lyklaborð og Logitech mús
- Windows VISTA Home Basic

99.900

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

GIGABYTE

TINY LINUX TÖLVUTILBOÐ

- 2.0GHz AM2 Sempron64 örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 160GB SATA2 8MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti DL skrifari
- 256MB Geforce 6100 skjástýring
- Fjöldi forrita eins og ritvinnsla ofl.
- Linux Ubuntu stýrikerfi

49.900

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

TOSHIBA

L300D 13X

- AMD Sempron64 2.0GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4” WXGA Diamond View skjár
- 512MB ATI X1250 skjástýring
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Basic

89.900

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

P300 1DA

FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný og glæsileg 17” fartölva frá Toshiba með plássi fyrir auka harðdisk, Harman Kardon hljóðkerfi og vefmyndavél sem þekkir andlit

- Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
- 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 7200RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17” WXGA TruBrite 8ms skjár
- 256MB ATI HD3470 skjákort HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

149.900

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

Acer 5535 fartölvan er með 1.9GHz Dual Core örgjörva, 4GB minni, 250GB disk, 256MB ATI HD3200 skjákort, 15.6” CrystalBrite skjá og Vista Home Premium

119.900

NÝ SENDING AF ACER FARTÖLVUM

ACER FARTÖLVUR

NÝ SENDING - ALLT AÐ 20.000 LÆGRA VERÐ

ASUS FARTÖLVUR

ÓTRÚLEG VERÐ Á ASUS FRÁ 39.900

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Um sölu hlutabréfa í Landsbankanum

UMRÆÐAN
Baldur Guðlaugsson skrifar um hlutabréfaviðskipti

BALDUR GUÐLAUGSSON

Það er rík tilhneiging til þess um þessar mundir að horfa á allt sem átti sér stað í aðdragandanum að falli íslensku bankanna sl. haust í ljósi þess sem síðar gerðist. Hefur greinarhöfundur heldur betur fengið að kynnast því. Ég átti hlutabréf í Landsbanka Íslands hf. sem ég seldi um miðjan september sl. Sem kunnugt er féllu Landsbankinn og hinir stóru íslensku viðskiptabankarnir í byrjun október. Ég starfa í fjármálaráðuneytinu. Síðustu mánuði hefur margsinnis verið látið að því liggja opinberlega að ég hljóti að hafa búið yfir einhverjum upplýsingum um yfirvofandi fall Landsbankans úr því að ég seldi hlutabréf mín í bankanum svo skömmu áður en hann féll. Hefur fundur sem viðskiptaráðherra átti með fjármálaráðherra Breta í byrjun september sl., og ég sat, einkum verið nefndur til sögunnar í þessu sambandi. Þótt ég hafi leitast við að svara spurningum fréttamanna um þessi viðskipti, tel ég nauðsynlegt að freista þess að gera enn grein fyrir tildrögum þess að ég seldi hlutabréfin.

1.
Staða íslensku bankanna og áhætta í rekstri þeirra höfðu verið til opinberrar umræðu í langan tíma. Það hefur viljað gleymast eftir hrun íslensku bankanna að mikil opinber umræða hafði farið fram svo mánuðum skipti um stöðu bankanna og áhættuþætti sem þeir stæðu frammi fyrir, samhliða versnandi ástandi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Svokölluð skuldatryggingaálög (CDS-álög) íslensku bankanna fóru ört hækkandi sl. sumar og matsfyrirtæki lækkuðu lánshæfismat þeirra. Þá hafði legið fyrir í nokkurn tíma að horfur í alþjóðlegum og innlendum efnahagsmálum færu versnandi. Hins vegar var eiginfjárstaða íslensku bankanna og afkoma áfram með ágætum. Gengi hlutabréfa í bönkunum hafði þó farið lækkandi. Því nefni ég þetta að ég tel nauðsynlegt að rifja upp að fjárfestar höfðu í aðdraganda bankahrunsins aðgang að óvenju miklum opinberum upplýsingum um íslensku bankana sem þeir gátu lagt til grundvallar sínum fjárfestingarákvörðunum. Eins og verða vill á hlutabréfamarkaði bregðast ekki allir við aðstæðum sem þessum á sama hátt. Sumir telja rétt að selja hlutabréf sem þeir kunna að eiga. Aðrir ákveða að eiga sín hlutabréf áfram í trausti þess að þau muni hækka á ný. Og þriðji hópurinn sér kauptækifæri á markaðnum þar sem hann telur að hlutabréfaverð sé komið undir það sem eðlilegt megi kallast og hljóti að stefna upp á við. Enginn veit á hinn bóginn fyrirfram hvað best gefst.

2.
Fjármálaráðuneytið er ekki ráðuneyti fjármálamarkaðarins. Eftir bankahrunið virðist heiti fjármálaráðuneytisins hafa farið að vekja upp þær ranghugmyndir að það hafi verið ráðuneyti fjármálamarkaðarins. Svo var alls ekki. Fjármálaráðuneytið hafði ekkert með málefni Landsbankans eða annarra banka eða fjármálamarkaðarins sem slíks að gera stjórnsýslulega og eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði heyra ekki undir fjármálaráðuneytið.

3.
Átti hlutabréf í Landsbankanum en komst að þeirri niðurstöðu sl. sumar að rétt væri að selja þau. Ég átti ekki hlutabréf í Landsbankanum þegar ég hóf störf í fjármálaráðuneytinu og hafði ekki keypt hlutabréf í bankanum fremur en í öðrum hlutafélögum eftir að ég hóf þar störf. Ég hafði hins vegar átt hlutabréf í Hf. Eimskipafélagi Íslands þegar ég hóf störf í fjármálaráðuneytinu en fékk úthlutað í þeirra stað hlutabréfum í Landsbankanum við einhver uppskipti sem áttu sér stað í viðskiptalífinu fyrir fáeinum árum og ég kom ekkert nálægt ákvörðun um. En ég varð sem sé eigandi hlutabréfa í Landsbankanum. Síðastliðið sumar komst ég að þeirri niðurstöðu að rétt væri að selja þessi hlutabréf. Ástæða þess var tvíþætt.

Í fyrsta lagi þótti mér óheppilegt starfs míns vegna að eiga bréf í Landsbankanum eftir að málefni íslensku bankanna komust svo mjög á dagskrá. Enda þótt málefni bankanna heyrðu ekki undir fjármálaráðuneytið, fór ekki hjá því eftir að kastljós tóku að beinast að stöðu fjármálakerfisins að málefni þeirra kæmu til umræðu hjá yfirstjórn fjármálaráðuneytisins og innan stjórnsýslunnar.

Í öðru lagi taldi ég það deginum ljósara að vegna ástands og horfa á fjármálamörkuðum og í efnahagsmálum myndi draga úr umsvifum og arðsemi Landsbankans (sem og hinna bankanna) og virði hlutabréfa í honum myndi minnka að sama skapi, þótt ekki hvarflaði að mér eitt andartak að Landsbankinn kæmist ekki í gegnum ókyrrðina á fjármálamörkuðum. Ég mat það því þannig að hagstæðara væri fyrir mig sem einstakling að varðveita þessa eign mín í öðru formi. Var það og greinilega mat markaðarins því gengi hlutabréfa í bankanum hafði farið lækkandi í nokkurn tíma.

4.
Fram hafði komið opinberlega að útstreymi hefði átt sér stað af svonefndum Icesave-reikningum Landsbankans í Bretlandi en vitneskja um viðræður milli Landsbankans og breska fjármálaeftirlitsins um flutning Icesave-reikninganna yfir í dótturfélag varð til þess að ég ákvað að bíða með að selja hlutabréf mín í bankanum. Hvers vegna seldi ég ekki hlutabréf mín í Landsbankanum fyrr en raun ber vitni ? Ástæðan var sú að ég vildi vera þess fullviss að þegar ég seldi byggi ég ekki yfir upplýsingum um bankann sem líklegar væru til að leiða til lækkunar á verði hlutabréfa í bankanum ef opinberar væru.

Síðsumars varð mér kunnugt um að í gangi væru viðræður milli Landsbankans og breska fjármálaeftirlitsins um flutning svonefndra Icesave-reikninga úr útibúi Landsbankans í Lundúnum yfir í dótturfélag og um tilhögun slíks flutnings. Fram hafði komið opinberlega að nokkurt útstreymi hefði átt sér stað af Icesave-reikningunum í kjölfar umræðna í breskum fjölmiðlum og í breskri þingnefnd um reikningana og um óljósa burði hins íslenska tryggingasjóðs innstæðueigenda til að standa undir greiðslu innstæðutrygginga ef á reyndi. Eins og kunnugt er tryggir tryggingasjóður innstæðueigenda í heimaríki móðurbanka bankaútibús á evrópska efnahagssvæðinu innstæður í útibúinu en tryggingasjóður innstæðueigenda í viðkomandi ríki tryggir innstæður í dótturfélagi sem banki með höfuðstöðvar í öðru ríki hefur stofnað. Það voru augljósir hagsmunir Landsbankans að allri óvissu um tryggingastöðu Icesave-reikningana yrði eytt í Bretlandi. Flutningur þeirra yfir í dótturfélag var til þess fallinn að gera það.

5.
Ekkert var rætt um stöðu Landsbankans á fundi viðskiptaráðherra með breska fjármálaráðherranum í septemberbyrjun og engar nýjar upplýsingar komu fram á fundinum um hag hans. Hinn 2. september sl. átti viðskiptaráðherra fund með fjármálaráðherra Breta til þess að freista þess að liðka fyrir lausn á flutningi Icesave-reikninganna yfir í dótturfélag. Í Bretlandi fer fjármálaráðuneytið með málefni fjármálamarkaðarins en það gerir viðskiptaráðuneytið hér á landi. Þar sem um var að ræða fund með fjármálaráðherra annars ríkis var talið eðlilegt að fjármálaráðuneytið ætti fulltrúa á fundinum, þótt ekki væri um að ræða mál á málaflokkasviði þess. Var ég beðinn um að sækja fundinn sem nokkurs konar áheyrnarfulltrúi. Þar sem fyrir lá að viðskiptaráðherra hefði óskað eftir fundinum til þess að ræða afmarkað mál sem ég þekkti þegar til sá ég ekki ástæðu til þess að víkja mér undan þessu verkefni. Viðskiptaráðherra hefur margsinnis greint opinberlega frá tilgangi og efni fundarins sem var „að bresk stjórnvöld heimiluðu að innlánsreikningarnir yrðu fluttir í breskt dótturfélag strax, en að Landsbankanum yrði gefinn eðilegur frestur til skipulegs flutnings á eignum á móti innstæðum þannig að fjármögnunarsamningar bankans röskuðust sem minnst“, svo vísað sé í svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn á Alþingi. Staða Landsbankans sem slíks var ekkert rædd. Á þessum tíma lá raunar ekki annað fyrir en að hún væri í góðu lagi.

Þó að ráðherra hafi upplýst um efni umrædds fundar láta ýmsir áfram að því liggja að á fundinum hafi átt sér stað einhverjar umræður eða upplýsingagjöf um fjárhagsstöðu Landsbankans og yfirvofandi fall bankans. Mér er hins vegar ekki ljóst hver á að hafa upplýst hvern um hvað á margumræddum fundi. Útibú Landsbankans í Lundúnum var hluti af móðurbankanum heima á Íslandi. Eftirlit með Landsbankanum var í höndum Fjármálaeftirlitsins hér á landi en ekki hins breska fjármálaeftirlits. Fjármálaeftirlitið breska og fjármálaráðuneytið þar í landi bjuggu því ekki yfir neinum sérstökum upplýsingum um stöðu Landsbankans. Sannast sagna komu ekki fram á umræddum fundi neinar upplýsingar um stöðu Landsbankans,

Mér var með öllu ófyrirsjáanleg um miðjan september sú atburðarás sem fór af stað í lok september og byrjun október og leiddi til falls bankanna.

enda var hún alls ekki til umræðu. Niðurstaða fundarins var einfaldlega sú að Landsbankinn og fjármálaráðuneytið breska myndu áfram vinna að því að finna lausn á flutningi Icesave-reikninganna yfir í dótturfélag. Þar sem þá var hins vegar ekki orðið ljóst hvaða stefnu þessar viðræður tækju taldi ég mig enn ekki geta selt hlutabréf mín í bankanum.

6.
Um miðjan september benti allt til að málefni Icesave-reikninganna í Bretlandi væru komin í heila höfn. Tveimur vikum eftir umræddan fund frétti ég að stjórnendur Landsbankans hefðu átt fund með breska fjármálaeftirlitinu og var haft eftir Landsbankamönnum að fundurinn hefði verið jákvæður og niðurstaða væri að nást um flutning Icesave-reikninganna yfir í dótturfélag. Þá frétti ég og að ekki væri lengur um að ræða neitt óeðlilegt útstreymi af Icesave-reikningunum. Allt benti því til þess að málefni Icesave-reikninganna í Bretlandi væru komin í heila höfn, en það var hið besta mál fyrir Landsbankann, hvort heldur litið var til skemmri eða lengri tíma.

7.
Hlutabréf í Landsbankanum lækkuðu talsvert í kjölfar frétta af yfirvofandi útlánatöpum bankans. Hinn 17. september sl. birtust í blöðum ítarleg skrif um veruleg útlánatöp sem Landsbankinn stæði frammi fyrir. Einhverjar sögusagnir höfðu áður heyrst um yfirvofandi útlánatöp bankans en fréttirnar sem þarna birtust höfðu að geyma mun meiri upplýsingar um þau mál en ég hafði áður heyrt. Lækkuðu hlutabréf í bankanum töluvert í kjölfar þessara frétta.

8.
Þegar ég seldi hlutabréf mín í Landsbankanum lá ekki annað fyrir en að staða bankans væri viðunandi. Eftir að hafa fregnað að farsæl lausn væri að nást hvað varðaði flutning á Icesave-reikningunum yfir í dótturfélag og eftir að markaðurinn hafði brugðist við fréttum um yfirvofandi útlánatöp Landsbankans taldi ég einsýnt að ekkert stæði í vegi fyrir að ég gæti selt hlutabréf mín í Landsbankanum. Ég byggi ekki yfir neinum upplýsingum umfram markaðinn af því tagi sem líklegar væru til að leiða til lækkunar á verði hlutabréfa í Landsbankanum ef opinberar væru. Það er síðan önnur saga að hlutabréf í bankanum hækkuðu svo á ný dagana eftir að ég seldi bréf mín.

Þegar salan fór fram lá eftirfarandi fyrir:

- Eiginfjárstaða Landsbankans var álitin sterk og geta þolað töluverð áföll
- Bankinn hafði sýnt góða afkomu það sem af var árinu
- Bankinn hafði nýlega staðist álagspróf Fjármálaeftirlitsins
- Lausafjárstaða bankans var talin góð og stóðst álagspróf Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans
- Endurfjármögnun bankans var álitin tryggð fram á árið 2009.

9.
Mér var með öllu ófyrirsjáanleg um miðjan september sú atburðarás sem fór af stað í lok september og byrjun október og leiddi til falls bankanna. Staða Landsbankans breyttist fyrirvaralaust til hins verra í lok september og byrjun október þegar lausafjárkreppan í heiminum magnaðist skyndilega og lánalínur Glitnis og síðan hinna íslensku bankanna lokuðust. Það hratt af stað atburðarás sem ég sá ekki fyrir um miðjan september þegar ég gat loks hrint í framkvæmd áformum um sölu á hlutabréfum mínum í Landsbankanum.

Höfundur er ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.

Straumur óskar afburðanemendum við HR til hamingju með árangurinn!

Líkt og undanfarin ár styrkir Straumur fjárfestingabanki afburðanemendur við Háskólann í Reykjavík. Þessir nemendur skipa forsetalista skólans, en það felur í sér að Straumur greiðir skólagjöld þeirra á þessari önn.

Agla Friðjónsdóttir, Aldís Geirdal Sverrisdóttir, Andrea Skúladóttir, Arnar Snær Valmundsson, Áróra Helgadóttir, Ásta Ragna Stefánsdóttir, Atli Haukur Arnarsson, Birna Dís Birgisdóttir, Bjarki Einarsson, Björg Ásta Þórðardóttir, Dagný Björk Stefánsdóttir, Einar Bjarni Pedersen, Einar Þór Hólmkelsson, Eiríkur Fannar Torfason, Eiríkur Heiðar Nilsson, Eiríkur Jónsson, Elvar Snorrason, Eyrún Gestsdóttir, Fanney Hrund Hilmarsdóttir, Fríða Einarsdóttir, Gréta Björg Egilsdóttir, Guðný Kristín Finnsdóttir, Gunnar Viðar Gunnarsson, Halla Björgvinsdóttir, Halldór Gunnarsson, Hannes Garðarsson, Helga Sæmundsdóttir, Hildur Grétarsdóttir, Hjalti Magnússon, Ingibjörg Lárusdóttir, Ingibjörg Þ. Jóhannesdóttir, Jóhann Eysteinsson, Jón Ingi Sveinbjörnsson, Kári Kolbeinsson, Karl Valur Guðmundsson, Katrín Ýr Sigurðardóttir, Kristján Guðni Halldórsson, Kristján Ingi Arnarsson, Kristján Orri Magnússon, Kristján Valgeir Þórarinsson , Lilja Rut Jensen, Lilja Sóley Pálsdóttir, Máni Atlason, Mikael Arnarson, Óskar Ingi Stefánsson, Páll Ingi Valmundsson, Páll Kristbjörn Sæmundsson, Pálmi Þór Valgeirsson, Pétur Guðnason, Ragnar Einarsson, Ragnhildur Halla Bjarnadóttir, Rakel Guðmundsdóttir, Rebekka Helga Aðalsteinsdóttir, Rósa Björgvinsdóttir, Sara Pálsdóttir, Sigurður Már Gunnarsson, Sindri Hlífar Guðmundsson, Sólveig Lára Kjærnested, Stefán Þór Bjarnason, Stefán Þór Finnsson, Stefanía Helga Stefánsdóttir, Sveinn Þorgeirsson, Theodór Ingi Pálmason, Tómas Guðmundsson, Unnar Hólm Ólafsson, Unnur E. Hafstað Ármannsdóttir, Viktor Einarsson, Þóra Guðfinnsdóttir, Þóra Þorgeirsdóttir

Straumur

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

LEIKARINN TOM SELLECK ER 64 ÁRA Í DAG.

„Ég hef aldrei brugðist vel við því þegar aðrir reyna að segja mér fyrir verkum.“

Bandaríski leikarinn Tom Selleck hefur leikið í kvikmyndum og þáttaröðum og að auki framleitt kvikmyndir og skrifað handrit.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 29. JANÚAR 1961

KKÍ var stofnað eftir baráttu

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) var stofnað 29. janúar árið 1961. Kostaði það mikla baráttu að stofna sambandið þar sem sum sérsambönd sem fyrir voru beittu sér sérstaklega gegn því. Má þar nefna Handknattleikssambandið og heyrðist því fleygt að menn væru hræddir við samkeppnina.

Í fyrstu stjórn KKÍ voru Bogi Þorsteinsson formaður, Benedikt Jakobsson, Matthías Matthíasson, Magnús Björnsson, Kristinn V. Jóhannsson, Ásgeir Guðmundsson og Helgi V. Jónsson. Bogi gegndi formennsku KKÍ í tæp níu ár samfleytt eða frá stofnfundinum fram að aðalfundi 1. nóvember 1969. Þá gaf hann ekki kost á sér til endurkjörs.

Stofnaðilar KKÍ voru Körfuknattleiksráð Reykjavíkur, Íþróttabandalag Suðurnesja, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, Íþróttabandalag Keflavíkur, Íþróttabandalag Akureyrar og Íþróttabandalag Vestmannaeyja. Forseti stofnþingsins var Benedikt G. Waage, þáverandi forseti Íþróttasambands Íslands. Fyrsti stjórnarfundur hins nýja sambands var haldinn 1. febrúar árið 1969. Fjórtán einstaklingar hafa gegnt stöðu formanns KKÍ og er Hannes Sigurbjörn Jónsson núverandi formaður sambandsins.

MERKISATBURÐIR

- **1845** Hrafninn, eftir Edgar Allan Poe, kemur fyrst út á prenti í dagblaðinu New York Evening Mirror.
- **1886** Karl Benz fær einkaleyfi á fyrsta bensíndrifna bílnum.
- **1905** Jarðskjálfti, sem mælist 5,5 á Richter, verður á Suðvesturlandi og eru upptökin við Kleifarvatn.
- **1989** Ungverjaland kemur á stjórnmálasambandi við Suður-Kóreu.
- **2000** Vísindavefurinn er opnaður í fyrsta sinn af forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni.
- **2005** Áætlunarflug hefst aftur milli Kína og Taívan, eftir 56 ára hlé.

Áætlun um jafnrétti

Unnið er að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og geta áhugasamir sent félags- og tryggingamálaráðuneytinu ábendingar á netinu fram til 10. febrúar.

Helstu áherslur í væntanlegri þingsályktunartillögu um áætlunina má finna á umræðugrundvelli sem er aðgengilegur á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Umræðugrundvöllurinn var lagður fyrir á jafnréttisþingi 16. janúar og eru það nýmæli að umræður á jafnréttisþingi séu hafðar til hliðsjónar við gerð þingsályktunartillögu, að því er fram kemur á vef ráðuneytisins.

Unnið er að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

Öryggi í öndvegi

Heimili og skóli - landssamtök foreldra og SAFT, í samstarfi við Símann, standa nú fyrir fræðsluherferð um örugga netnotkun barna og unglinga.

Markmið hennar er að vekja athygli foreldra og forráðamanna á þeim hættum sem kunna að leynast á netinu og benda á úrræði sem stuðla að öruggri netnotkun barna og ungmenna.

Herferðin felur meðal annars í sér að foreldraráðum og foreldrafélögum í grunnskólum er boðið upp á erindi um örugga netnotkun.

Samhliða fræðsluherferðinni hefur Síminn vakið athygli á öruggri og jákvæðri netnotkun í auglýsingum sem hafa birst í ljósvaka- og prentmiðlum.

Ásta Eiríksdóttir, 15 ára nemandi í Áslandsskóla, Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, og Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla, kynna herferðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ALLTAF Í FJÖRINU Davíð ásamt Garðari Thor á æfingu fyrir afmælistónleikana. Miða má panta með því að senda tölvupóst á eirikur@europro.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DAVÍÐ ÓLAFSSON SÖNGVARI: FAGNAR FERTUGU MEÐ TÓNLEIKUM Á MORGUN

Ræðuhöld verða með öllu bönnuð

„Fertugsafmælið leggst mjög vel í mig af því það verða allir svo hissa þegar ég segi hvað ég er gamall; það trúir því enginn,“ segir Davíð Ólafsson söngvari, sem verður fertugur á morgun, 30. janúar. „Ég ákvað að halda tónleika til að staðfesta og sanna fyrir fólki að ég væri orðinn þetta gamall og ætla í leiðinni að styðja gott málefni,“ segir hann. Tónleikarnir verða haldnir á afmælisdaginn í Langholtskirkju klukkan 20 en miðasalan opnar klukkan 18. Ágóði af miðasölu rennur til hjálparstarfs ADRA.

„Hjálparstarf ADRA hefur verið á Íslandi í 40 ár. Í alþjóðlegum úttektum fær ADRA sama gæðastimpil og Læknar án landamæra hvað varðar skilvirkni og lítinn kostnað,“ segir Davíð. „Ég fór á vegum samtakanna til Pakistan að byggja skóla með það að markmiði að ná börnum úr þrælkun. Þarna voru krakkar í múrsteinaverksmiðjum og annarri þrælkun allt í kring en ADRA greiddi börnunum fyrir að vera í skóla og gaf þeim mat svo hagstæðara varð fyrir foreldrana að hafa þau í skóla frekar en vinnu.“

Davíð hafði lengi haft áhuga á hjálparstarfi og var búinn að taka þátt í sams konar verkefni í Mið-Ameríku. „Í svona starfi kynnist maður því hvað er að vera fátækur og hafa enga möguleika í lífinu. Maður verður aldrei samur eftir svona reynslu,“ segir hann alvarlegur.

ADRA hefur líka styrkt fjölskylduhjálp á Íslandi og um þessar mundir beitir Íslandsdeildin sér gegn barnavændi í Kambódíu og Taílandi. „Samtökin eru gríðarlega sterk á alþjóðavísu og þegar ég var í Pakistan þá ráku þau stærsta sjúkrahúsið. Búið er að gera sjónvarpsmynd um verkefni Íslandsdeilarinnar gegn barnavændi sem verður sýnd um páskana,“ segir Davíð og bætir við: „Verkefnið í Kambódíu snýst um að fjármagna foreldramenntun. Erfitt er að berjast gegn mansali með því að segja fólki að það sé ljótt að selja börnin sín. Foreldrar selja jafnvel dætur sínar fyrir ísskáp. Foreldrunum er sýnt fram á að þeir græði meira á því að ala dóttur sína upp og senda í nám því þá geti hún séð fyrir þeim í ellinni. Síðan eru líka stúlknaskólar þar sem þeim er hjálpað út úr þessu og eru að skila gríðarmiklum árangri.“ Þar sem Davíð hefur starfað fyrir ADRA þá þekkir hann þau samtök og treystir þeim. „Rekstarkostnaður er innan við tíu prósent af gjafafé og hjá Íslandsdeildinni er hann innan við þrjú prósent, sem er mjög lágt.“

En hvað um stórveisluna? „Ég ætlaði alltaf að halda stóra veislu en eins og frændi minn segir þá heldur maður ekki stóra veislu fyrr en fólk hefur efni á að gefa almennilegar gjafir,“ segir Davíð og hlær hressilega. „Tónleikarnir verða mín veisla þar sem fram koma ýmsir sem ég hef sungið með í gegnum tíðina. Má þar nefna Karlakórinn Fóstbræður, Jóhann Friðgeir, Garðar Thor Cortes, Huldu Björk, Gissur Pál, Stefán Helga og fleiri.“

Tónleikarnir verða rúmur klukkutími og á léttu nótunum. „Ég ætla ekki að hafa þetta neitt þrúgandi langt en vil þó sýna að ég hafi enn heilsu til að syngja. Dagskráin verður nokkurn veginn í tímaröð þannig að flytjendurnir tengjast söngferli mínum. Ég byrja á móðurbróður mínum, Steini Erlingssyni, sem varð til þess að ég fór að læra söng. Hann var alltaf að syngja heima og systir mín lék undir á píanó. Hann æfði oft dúetta og þá fór ég að gaula með honum. Söngur er fíkn sem maður losnar aldrei við og þannig þróaðist þetta áfram,“ útskýrir Davíð og nefnir að hann hefði viljað bjóða fleirum að syngja með. „Ég býð þeim bara í fjöldasönginn sem verður eftir tónleikana í hliðarsal Langholtskirkju. Þar verða flatkökur og kleinur á boðstólum eða þorrapinnamatur,“ segir hann og tekur fram að ræðuhöld verði bönnuð. „Það má bara syngja!“

hrefna@frettabladid.is

Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Oddnýjar Guðrúnar Guðmundsdóttir

Skógarbæ, áður Lautarsmára 12.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar fyrir alúð og umhyggju.

Vilborg Pétursdóttir
Guðmundur Pétursson
Sigríður Pétursdóttir
Hendrik Pétursson
Halldóra Pétursdóttir
Sigurður Haraldsson
Elsa Jónsdóttir
Heiðar Vilhjálmsson
Marianne Hansen
Jóhann Helgason
barnabörn og barnabarnabörn.

AFMÆLI

SARA GILBERT leikkona er 34 ára.

HEATHER GRAHAM leikkona er 39 ára.

OPRAH WINFREY sjónvarpskona er 55 ára.

GERMAINE GREER, fræðikona og femínisti, er sjötug.

Kolla og Heimir, útvarpsmenn á Bylgjunni, afhenda Bretum í dag fullan gám af lopaflíkum frá Íslendingum.

Lopapeysurnar afhentar í dag

Heimir og Kolla, Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir, útvarpsmenn á Bylgjunni, afhenda í dag samtökum eldri borgara í Bretlandi fullan gám af ullarflíkum frá Íslendingum.

Heimir segir að ullarflíkurnar geti dugað þúsundum manna því að í gámnum séu teppi, peysur, treflar, vettlingar og húfur sem komi eldri borgurum vel í frostinu og köldum húsunum í Bretlandi.

„BBC sendir lið frá London sem ætlar að fylgja okkur eftir í tvo tíma og gera mynd um það þegar við afhendum fólki peysur. Þetta verður sýnt í morgunsjónvarpinu hjá BBC á morgun," segir Heimir.

Þess má geta að breskir fjölmiðlar, eins og Sun og The Daily Express, hafa einnig fjallað ítarlega um málið. Haft er eftir talsmanni félags ellilífeyrisþega á Bretlandi að þetta sé örlæti frá þjóð í fjárhagskröggum.

84 milljónir í menningarmál

Reykjavíkurborg úthlutar tæplega 41 milljón til menningar og lista á árinu samkvæmt samþykkt menningar- og ferðamálaráðs frá 22. janúar.

Þegar eru í gildi rúmlega 40 samstarfssamningar frá fyrri árum og nemur stuðningur vegna þeirra rúmum 43 milljónum króna. Elektra Ensemble c/o Helga Björg Arnardóttir hlaut hæsta styrkinn, 1.800.000 krónur, af þeim 36 sem veittir voru til verkefna og listarfsemi.

Auk þess voru 26 samstarfssamningar gerðir og fékk Nýlistasafnið þar mest, 4.800.000 krónur.

Alls voru 26 samstarfssamningar gerðir. Meðal annars við Nýlistasafnið sem fékk mest, 4.800.000 krónur, en í safninu hefur verið rekið öflugt starf undanfarin ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ágústa Jónsdóttir
Jaðarsbraut 11, Akranesi,

sem lést á sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 19. janúar, verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 30. janúar kl. 14.00.

Kjartan Sigurðsson
Steingrímur Sigurðsson
Magnús Sigurðsson
Hulda Sigurðardóttir
Eygló Anna Sigurðardóttir
Guðrún Skarphéðinsdóttir
Þórdís Alfreðsdóttir
Svanhildur Skarphéðinsdóttir
Þorsteinn Pétursson
Karl Birgir Þórðarson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Elísabet Kristjánsdóttir

lést þriðjudaginn 27. janúar á Landspítalanum Hringbraut. Útför verður auglýst síðar.

Sigrún Sigurðardóttir
Sigtryggur Sigurðsson
Óskar Stanley Sigurðsson
Kristján Rafn Sigurðsson
Sigurður Heiðar Sigurðarson
Guðrún S. Kristjánsdóttir
María Kristjánsdóttir
Birgir Benediktsson
Dagný Hjálmarsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

---

†

Elsku hjartans mamma okkar, dóttir, systir, mágkona og frænka,

Valgerður (Vallý) Árný Einarsdóttir
Hvassaleiti 24,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 21. janúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 30. janúar kl. 15.00.

Aníta Rut Erlendsdóttir
Einar Róbert Árnason
Ingunn St. Einarsdóttir
Margit Elva Einarsdóttir
Róbert Örn Einarsson
Sylvía Margrét Cruz
Margrét Guðmundsdóttir
Þorsteinn Auðunn Pétursson
Guðmundur Emil Jónsson
B. Anný Baldursdóttir
og frændsystkini.

---

†

Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elsku mömmu okkar, tengdamömmu og ömmu,

Ólöfu Erlu Kristinsdóttur

sem lést föstudaginn 9. janúar. Hugheilar þakkir til þeirra sem hafa heiðrað minningu hennar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar LSH, heimahjúkrun Karitas og starfsfólki líknardeildar LSH í Kópavogi.

Laufey Erla Jóhannesdóttir
Arndís Birna Jóhannesdóttir
Kristinn Örn Jóhannesson
Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir
Hannes Sigurðsson
Guðmundur Þ. Guðmundsson
Svanbjörg H. Einarsdóttir
Pétur Davíðsson
og barnabörnin.

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Mundu Kristbjargar Guðmundsdóttur
Sunnuvegi 7, Reykjavík.

Helgi Ólafsson
Guðmundur Óli Helgason
Guðrún Lára Helgadóttir
Þórólfur Örn Helgason
Hulda Hrönn M. Helgadóttir
Kjartan Orri Helgason
Christer Allanson
Guðlaug Erla Halldórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,

Þorvaldur Ólafsson
húsasmíðameistari, Iðalind 1, Kópavogi,

verður jarðsunginn 30. janúar frá Lindakirkju í Kópavogi kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning Lindakirkju kt. 550203 2920 nr. 0322 18 935502.

Sigríður Kjartansdóttir
Kristbjörg E. Þorvaldsdóttir
Andrea Sif Þorvaldsdóttir
Ásdís Björk Þorvaldsdóttir
Erna Gunnarsdóttir
Karl E. Ólafsson
Sigurjón Fjeldsted
Bjarni Rafn Garðarsson
Björn K. Sigurþórsson
Gunnþóra Ólafsdóttir
Sara Björk, Þorvaldur Máni, Kjartan Freyr, Baltasar Þór og aðrir aðstandendur.

---

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug, vináttu og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Önnu Georgsdóttur
Bauganesi 27, Skerjafirði.

Gunnar Már Pétursson
Lára Gunnarsdóttir
Kjartan Georg Gunnarsson
Gunnar Már Gunnarsson
Pétur Gunnarsson
Margrét Gunnarsdóttir
Ólafur Kristófer Ólafsson
Ólína Ágústa Jóhannesdóttir
Aldís Bára Einarsdóttir
Dóra Eydís Pálsdóttir
Eyjólfur Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Gunnar Erling Sigurjónsson
sjómaður, Dvalarheimilinu Fellaskjóli, Grundarfirði,

lést á lyflækningadeild Sjúkrahúss Akraness mánudaginn 26. janúar. Útförin fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 31. janúar kl.14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Steinunn Gunnarsdóttir
Smári Örn Árnason

---

†

Ástkær systir okkar,

Guðríður Sveinsdóttir
Kleppsvegi 120, áður Hábæ í Vogum,

lést þriðjudaginn 27. janúar á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Systkini hinnar látnu.

---

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Samúelsson
prófessor emerítus, Borgartúni 30 A, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 26. janúar, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 3. febrúar kl. 13.00.

Hólmfríður Stefánsdóttir
Sif Sigurðardóttir
Sigurður S. Sigurðsson
Atli Heimir Sveinsson
Christine Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur og bróðir,

Ólafur Eiður Ólafsson
Ásbúð 23, Garðabæ,

andaðist á heimili sínu mánudaginn 26. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram í Langholtskirkju 5. febrúar næstkomandi kl. 13.00.

Líney Björk Ívarsdóttir
Bjarki Ólafsson
Eva Hrund Ólafsdóttir
Valgerður Dröfn Ólafsdóttir
Valgerður Eiðsdóttir
Ólafur Þorgrímsson
Hulda Ólafsdóttir, Þorgrímur Ólafsson, Birgir Ólafsson og Davíð Kristjánsson.

Javier Bardem Penélope Cruz Scarlett Johansson

Patricia Clarkson Kevin Dunn Rebecca Hall Chris Messina

Vicky Cristina Barcelona

GOLDEN GLOBE SIGURVEGARI BESTA MYNDIN

3 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR
BESTA LEIKKONAN REBECCA HALL · BESTI LEIKARINN JAVIER BARDEM · LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI PENÉLOPE CRUZ

ÓSKARSTILNEFNING BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI PENÉLOPE CRUZ

Sýnd í Háskólabíói

Ekkert hlé á góðum myndum!
Skráning á póstlistann margborgar sig
www.graenaljosid.is

grænaljósið

Rekstrarvörur
- fyrir stofnanir, fyrirtæki og heimili, sem vilja spara og hagræða!

Lengri opnunartími í verslun RV
Opið mán. til fös. frá 8.00 til 19.00
Laugardaga frá 10.00 til 17.00

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV UNIQUE 010903

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

Dósamat á diskinn minn

Eftir áralanga veru í eldhússkápunum kom að því fyrir nokkru að dósirnar í skápunum voru dregnar fram, dósahnífurinn mundaður og voila, kvöldmaturinn Ora fiskbúðingur með ora grænum var framborinn. Stöku sinnum hef ég kippt með mér ora dós, búðingi eða fiskibollum, í matvörubúðum og hugsað með mér að það væri gott að eiga þetta í skápunum ef ekkert væri til á heimilinu, allar búðir lokaðar, kjarnorkustyrjöld brysti á eða eitthvað álíka.

Einhvern veginn hefur þó alltaf verið meira freistandi að elda eitthvað ferskt og langur opnunartími verslana hefur tryggt það að alltaf er hægt að ná sér í eitthvað að borða. Eða ætti ég að hafa þetta í þátíð. Ekki það að opnunartíminn hafi breyst. Matur og nauðsynjar hafa bara hækkað svo mikið undanfarið að nú gengur ekki lengur að versla annars staðar en í lágvöruverslunum, nógu mikið þarf að reiða fram við kassann þar. Hærra matvöruverð hefur því breytt mataræðinu hjá minni þó matgrönnu fjölskyldu. Farnir eru salatpokarnir og kjúklingabringurnar. Komnir eru kjúklingaleggir, frosinn fiskur og síðast en ekki síst dósamaturinn góði. Best er að elda upp úr matreiðslubókum sem eru að minnsta kosti komnar vel yfir þrítugt og gera ekki ráð fyrir fersku kóríander og basilíku í öðrum hvorum rétti, heldur miða við vöruúrval áttunda áratugarins.

Aðrar vörur hafa ekki síður hækkað, bleyjur örugglega um 100% á undanförnu ári. Fimmtán mánaða dóttirin fær ekki að vera mikið lengur á bleyju, ekkert slugs til þriggja ára aldurs eins og stóri bróðir. Svo er bara að krossa fingur og vona að verðbólgan fari ekki úr böndunum með tilheyrandi hækkunum á öllu!

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

VIFTUR • HÁTALARAR • FLAKKARAR • LYKLABORÐ • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUR • MINNISLYKLAR • MÝS • SKJÁIR • VEFMYNDAVÉLAR • MINNISKORT • KAPLAR • MÚSAMOTTUR • MARGMIÐLUNARSPILARAR • TÖLVULEIKIR • ÓTRÚLEGUR AFSL. • NETBÚNAÐUR • MÓÐURBORÐ • TURNKASSAR • PAPPÍR • SKJÁKORT • PRENTARAR • GEISLADISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • AUKAHLUTIR • KÆLINGAR • HLJÓÐNEMAR • HLJÓÐKORT • FRÁBÆRT ÚRVAL!!!

ÚTSALA

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

FRÁBÆRT ÚRVAL

MÝS VERÐ FRÁ 990
HÁTALARAR VERÐ FRÁ 790
SKJÁIR VERÐ FRÁ 24.990
SKJÁKORT VERÐ FRÁ 5.490
FARTÖLVUR VERÐ FRÁ 49.990
TURNKASSAR VERÐ FRÁ 2.990
HEYRNATÓL 15-40% AFSL.

PC LEIKIR VERÐ FRÁ 990
HLJÓÐKORT VERÐ FRÁ 1.490
LYKLABORÐ 20-35% AFSLÁTTUR
HLJÓÐNEMAR 20-30% AFSLÁTTUR

TÖSKUR VERÐ FRÁ 1.490
VEFMYNDAVÉLAR VERÐ FRÁ 990

VERÐDÆMI

ACER 5520-1A1G12MI FARTÖLVA Á AÐEINS 84.990
22" ACER V223WBD SKJÁR Á AÐEINS 32.990
640GB WESTERN DIGITAL MYBOOK FLAKKARI Á AÐEINS 16.990
WESTERN DIGITAL FULL HD MARGMIÐLUNARSPILARI Á AÐEINS 29.990
MSI ATI RADEON 4670 SKJÁKORT Á AÐEINS 14.990

NÚ ER ÓTRÚLEG ÚTSALA Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM Í TÖLVULISTANUM
HÉR ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU – TAKMARKAÐ MAGN!
ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!

TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

NÓATÚNI 17	STRANDGÖTU 9	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66	HLÍÐASMÁRA 10
S: 414 1700	S: 414 1730	S: 414 1735	S: 414 1740	S: 414 1745	S: 414 1750	S: 414 1760

Á morgun kl. 12.15
Listasafn Reykjavíkur og Tríó Reykjavíkur hafa um nokkurt skeið verið í samstarfi um hádegistónleika á Kjarvalsstöðum þar sem aðgangur er ókeypis. Á morgun kl. 12.15 bjóða Listasafnið og Tríóið til hádegistónleika þar sem klassískur léttleiki verður í fyrirrúmi. Tríó Reykjavíkur skipa Guðný Guðmundsdóttir, Gunnar Kvaran og Peter Máté.

menning

menning@frettabladid.is

Borgin styrkir listastarf

Tilkynnt var á þriðjudag um úthlutanir styrkja Reykjavíkurborgar til listaverkefna og er haldið áfram þeirri stefnu að gera samstarfssamninga til lengri tíma. Alls var úthlutað tæpri 41 milljón sem dreifist til sextíu og eins aðila.

Elektra Ensemble var valinn Tónlistarhópur Reykjavíkur árið 2009 og hlýtur þess vegna styrk sem nemur 1,8 milljónum króna. Hópinn skipa fimm ungir hljóðfæraleikarar sem allir hafa komið fram sem einleikarar með Sinfóníuhljómsveit Íslands og stundað framhaldsnám erlendis. Hópurinn hefur leikið saman í rúmt ár og er með áhugaverða tónleikaröð í bígerð fyrir árið 2009.

Næststærstu styrkina, kr. 900.000, hljóta leikhópurinn Lab Loki sem vinnur að uppsetningu leikverksins Ufsagrýlur eftir Sjón en hann var í fyrra með hæsta styrk leiklistarráðs og setti upp lofaða sýningu á þessum vetri, Steinar úr djúpinu. Ufsagrýlur eftir Sjón er fyrsta leikverk hans í langan tíma.

Strengjaleikhúsið fékk einnig 900 þúsund til að frumflytja óperuna Farfuglinn eftir Hilmar Þórðarson í samvinnu við Tónlist fyrir alla en þetta einkaframtak Messíönu Tómasdóttur á að baki strengjaverk eftir íslensk tónskáld og hefur staðið fyrir frumflutningi fleiri íslenskra óperuverka en Íslenska óperan.

Samtals voru veittir 36 styrkir og 26 samstarfssamningar. Af stærstu samstarfssamningum fyrir árið 2009 hlýtur Nýlistasafnið 4,8 milljónir, leikhópurinn Vesturport 2,9 milljónir, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 2,8 milljónir og tónlistarhópurinn Caput 2 milljónir. Söfnin tvö standa fyrir kraftmikilli starfsemi og eiga stórt verkasafn sem er einstakt í sinni röð en bæði Caput og Vesturport hafa verið í framvarðarsveit á sínu sviði. Blúshátíð, Jazzhátíð og Sequences fá styrki en þegar kemur til smærri styrkja og þeir fara allt niður í 90 þúsund dreifast þeir á ólíka og margbreytilega staði. Vænta má að þegar kemur til niðurskurðar á framlagi til lista á næstu árum verði frekar hugað að stærri og færri styrkjum, og aðrir fari frá borði styrklausir.

pbb@frettabladid.is

LEIKLIST Verk eftir Sjón í sviðsetningu Lab Loka verður styrkt af borginni.

Fjögur ný dansverk

Gamla Billjarðstofan á Skúlagötu 26 við Vitastíg hefur fengið endurnýjun lífdaga, þó ekki með kjuðum og marmaraborðum ballskákarinnar. Nú er þar nýtt dansgólf, ljós, lykt af holdi og hreyfingu. Ljóti andarunginn eða Ugly Duck productions verður þar

108 PRÓTÓTÝPE JANÚAR 2008

með sýningar um helgina: föstudags- og laugardagskvöld verða fjórir nýir nútímadansar sýndir þar.

Verkin eru Gibbla Yggdrasils,sem er afrakstur danshöfundasmiðju ÍD haustið 2008 og var sýnt í grunnskólum Reykjavíkur í annarri mynd. Guðrún Óskarsdóttir, Inga Maren Rúnarsdóttir og Katla Þórarinsdóttir eru höfundar og flytjendur verksins. Katrín Gunnarsdóttir, dansari og danshöfundur, sýnir sólóverk í vinnslu sem byggir á rannsóknum á ísbjörnum. Katrín útskrifaðist frá ArtEZ í Hollandi síðastliðið. Kama Jezierska sýnir sólóverkið Angusta. Kama útskrifaðist úr dansi frá Uniwersytet Zielonogorski í Póllandi. Hún hefur unnið með fjölda leikstjóra, danshöfunda og leiðbeinendum í Evrópu. Steinunn Ketilsdóttir sýnir verk í vinnslu. Steinunn útskrifaðist vorið 2005 frá Hunter College í NY með BA-próf í listdansi.

- pbb

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið
Sýningar um helgina

Heiður
Joanna Murray-Smith
Drepur girndin ástina? ★★★ JVJ, DV
fös. 30/1 örfá sæti laus

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Hrífandi, einlæg og æsandi sýning
fös. 30/1, lau 31/1 örfá sæti laus
Sýningum að ljúka

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Hrífandi verk sem snertir okkur öll
★★★★ EB, FBL
lau. 24/1 uppselt
sun. 25/1 uppselt

Kardemommubærinn
Thorbjörn Egner
Frumsýning 21. febrúar
Miðasala í fullum gangi!

Skoppa og Skrítla
snúa aftur í febrúar!

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

TÓNLIST Frá æfingu á Söngleik Söngskólans í Reykjavík fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SÖNGSKÓLANEMENDUR Í SÖNGLEIK OG KIRKJUM

Í blábyrjun kreppunnar eru nemendur í Söngskóla Reykjavíkur á fljúgandi ferð sannfærðir um að söngurinn er frelsandi.

Þeir verða áberandi í kirkjum víða nú um helgina í einsöngshlutverkum og á föstudags- og laugardagskvöld dýrka þeir veraldlegri guði með skemmtisýningu sem þeir hafa sett saman og verður almenningi og vandamönnum til sýnis gegn vægu gjaldi í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti. Söngleikur er unninn í smiðju og settur upp í samstarfi við Íslensku óperuna. Verkið kalla þau The Show Must Go On!, en það er kunnur frasi úr bandarískum skemmtiiðnaði.

Boðið er upp á skemmtilega sýningu með stórum hópi flytjenda: um er að ræða bráðskemmtilega sýningu sem 29 ungir og upprennandi söngvarar halda uppi af lífsgleði og kunnáttu.

Söngleikurinn, texti og framvinda, er saminn af flytjendum og aðstandendum en tónlistin er úr þekktum og vinsælum söngleikjum með ábæti af kunnum dægurlögum.

Undirbúningur tónlistar og stjórn hljómsveitar er í höndum Kjartans Valdemarssonar en leikstjóri og höfundur dansa er Sibylle Köll

Tvær sýningar eru ráðgerðar á verkinu í Íslensku óperunni: annað kvöld kl. 20 og sunnudaginn 1. febrúar kl. 17. Aðgöngumiðasala er í miðasölu Íslensku óperunnar, daglega kl. 14-18 og fram að sýningum á http://midi.is/opera .

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 29. janúar 2009

Tónleikar

19.30 Tékkneskir töfrar **Sinfóníuhljómsveit Íslands** flytur verk eftir Dvorák, Smetana og Martinu í **Háskólabíó** við Hagatorg. Einleikari er Helga Þóra Björgvinsdóttir.

20.00 Kvennakórinn **Vox feminae** stendur fyrir dagskrá í Norrænahúsinu við Sturlugötu til 1. febrúar. Í kvöld munu söngkonur úr hópi kórkvenna flytja texta og söngperlur við undirleik Antoníu Hevesi. **Aðgangur er ókeypis.**

22.00 Latínkvartett Tómasar R. Einarssonar heldur tónleika á Glaumbar við Tryggvagötu. Aðgangur ókeypis.

Síðustu Forvöð

Sýningu **Kristínar Geirsdóttur** lýkur á sunnudag. Artótek 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu. Opið fim. kl. 10-19, föst. kl. 11-19. og um helgina kl. 13-17.

Hugleiðsla

20.00 Hóphugleiðsla alla fimmtudaga í **Rajadhiraja** Jógamiðstöðinni við Efstasund 26. Allir velkomnir.

Sýningar

Haltu kjafti og vertu þæg! Sýning í í Safnahúsinu á Húsavík, Stóragarði 17. Á sýningunni eru teknar fyrir skoðanir fólks á ástandi þjóðfélagsmála í kjölfarið á hruni fjármálakerfisins á Íslandi. Opið alla virka daga kl. **9-16**. Sýningu lýkur á föstudag.

Fyrirlestrar

20.00 Gufuneskirkjugarðar / Þjónustubyggingar Olga Bergmann og Anna Hallin flytja erindi í **Listasafni Reykjavíkur** í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.

Myndlist

Í austursal **Kjarvalsstaða** við Flókagötu, gefst gestum kostur á að líta nánast alla safneign Listasafns Reykjavíkur á verkum listamannsins þar sem þau þekja veggi frá gólfi til lofts. Safnið er opið alla daga frá kl. 10-17 og **aðgangur er ókeypis.**

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

999 KR DAGAR

Í Húsasmiðjunni um land allt
Gildir dagana 29. janúar - 1. febrúar

Hallamál
Komelon, 40 sm
5014024

999 KR

Tréskrúfur
Torx, 4.0 40, 1000 stk í boxi
5611566

999 KR

TCnano
Nýtt í vörnum gegn vatni og óhreinindum, til meðhöndlunar á gleri, álfelgum, rúðum, lakki og hreinlætistækjum
9019000-5

999 KR

Matarstell
Postulín, 16 eða 20 stk í setti, m. gylltri rönd eða silfraðri
2009186-9

999 KR

Innimálning
3 ltr., beinhvítt og hrímhvítt, **fæst aðeins í Skútuvogi, Grafarholti og Hafnarfirði**
7119962/6

999 KR

Bitasett
Hitachi, 6 stk, torx, 70 mm langir bitar
5248158

999 KR

Rúðusköfur
5023481

2 STK 999 KR 1 STK. 799 KR

Rúlla og bakki
25 sm
7014822

999 KR

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

EBERG

FRANZ FERDINAND

> Í SPILARANUM

Eberg - Antidote
Beirut - March of the Zapotec/Realpeople Holland
M. Ward - Hold Time
White Lies - To Lose My Life
Franz Ferdinand - Tonight: Franz Ferdinand

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Coldplay á Kelduna

Breska hljómsveitin Coldplay er sú fyrsta sem tilkynnt hefur verið að spili á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar. Coldplay spilaði síðast á hátíðinni árið 2003 við góðar undirtektir. Sveitin spilar aðeins á tveimur öðrum hátíðum í Evrópu í sumar, eða Werchter og Arras, og því verða Hróarskeldutónleikarnir þeir einu sem hún heldur í Skandivaníu í sumar.

Heimasíðan Roskilde-festival.is hefur stofnað hóp á Facebook undir nafninu „Íslenskir aðdáendur Hróarskelduhátíðarinnar í Danmörku“ og hafa nú þegar mörg hundruð manns skráð sig. Þar er hægt að skoða ýmsar ljósmyndir frá hátíðinni sem aðrir Íslendingar hafa sent inn, horfa á myndbönd, spjalla við aðra aðdáendur hátíðarinnar og fleira. Miðaverð á Hróarskeldu hefur lækkað úr 47 þúsund krónum í tæplega 41 þúsund og er því orðið aðeins viðráðanlegra en það var fyrir nokkrum vikum.

COLDPLAY Tilkynnt hefur verið að Coldplay spili á Hróarskelduhátíðinni í ár.

> Plata vikunnar

Hjörvar - A Copy of Me

★★★★

„Styrkur Hjörvars eru fínar lagasmíðar, góður söngur og flottur hljómur. Kraftmikil plata frá listamanni sem fer sínar eigin leiðir.“

- TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

2009 byrjar af krafti

Sú kenning heyrist stundum að það komi sjaldan tvö góð ár í röð í poppinu. Árið 2007 var mjög sterkt á alþjóðavísu á meðan árið 2008 var tíðindalítið. Árið 2009 byrjar hins vegar af krafti. Janúarmánuður er ekki liðinn, en samt eru þegar komnar út tvær frábærar plötur. Þriðja plata Antony & the Johnsons, The Crying Light, er staðfesting á því að þar fer alvöru hæfileikamaður. Hún er svolítið fágaðri en I Am A Bird Now, en jafn heillandi, ekki síst fyrir sönginn sem er einstakur.

EIN AF BESTU PLÖTUM ÁRSINS Merriweather Post Pavillion, áttunda plata Animal Collective, er meistaraverk.

Hin platan er áttunda plata bandarísku sveitarinnar Animal Collective, Merriweather Post Pavillion. Animal Collective hefur verið ein af ferskustu og hugmyndaríkustu hljómsveitunum síðustu ára og er nú mætt með sitt meistaraverk, plötu sem er frumleg og fjölbreytt og hlaðin flottum lagasmíðum. Hljómurinn er líka magnaður. Platan hefur verið að raða inn fimm stjörnu dómum úti um allt (Mojo, Uncut, Record Collector … plús 9,6/10 hjá Pitchforkmedia) og að minnsta kosti hvað mig varðar þá stendur hún alveg undir öllu því lofi. Algjör snilldarplata. Ef það koma margar jafn góðar plötur út á árinu þá verður þetta metár.

Plötusala í heiminum hélt annars áfram að dragast saman í fyrra. Þeirri þróun verður kannski ekki snúið við, en árið 2009 fer samt vel af stað hvað söluvænlegar plötur varðar. Ný Bruce Springsteen plata kom út í vikunni, ný U2-plata kemur 2. mars og fleiri þekkt nöfn eru með plötur á leiðinni á næstu vikum, m.a. Franz Ferdinand, Morrissey og Lily Allen.

NÝJAR POPPDROTTNINGAR

Tvær nýjar poppsöngkonur hafa að undanförnu komið feikisterkar inn í poppflóruna, þær Lady Gaga og Katy Perry. Hvaða stelpur eru þetta eiginlega? *Dr. Gunni* **kannaði málið.**

SPEISUÐ Lady Gaga pókerfeis.

Þú getur gleymt Britney, Christinu Aguilera, Beyoncé og öllum þessum stelpum. Endurnýjunin stendur yfir og það eru komnar tvær nýjar glamúrgellur sem gera kröfur í krúnuna. Lady Gaga er speisuð með sjónvarpsgleraugu og Ziggy Stardust eldingu við augað og hefur sigrað poppheiminn með ýlfrandi grípandi smellum sínum „Poker Face“ og „Just Dance“. Katy Perry tók poppheiminn með trompi með létt lesbíska slagaranum „I Kissed a Girl“ og fer nú mikinn með rokkskotna ofurpoppinu „Hot N Cold“.

Á nærbuxunum

Hún heitir Joanne Stefani Germanotta en nefnir sig Lady Gaga eftir Queen-laginu Radio Gaga, enda mikill Queen-aðdáandi. Á Myspace-síðunni sinni segir hún að karlkyns jafngildi hennar væru Elton John, Freddy Mercury, Boy George og John Lennon með hárkollu og í netasokkabuxum í Studio 54 diskótekinu. Hún verður 23 ára í sumar og The Fame, sem kom út í fyrra, er fyrsta sólóplatan hennar.

Öfugt við margar poppsöngkonur semur hún lögin sín sjálf og textana. Hún spilar auk þess á flesta hljóðgervlana sem heyrast á plötunni. Áður en hún hóf sólóferil hafði hún meira að segja samið lög fyrir endurvakta New Kids on the Block, Pussycat Dolls, Fergie og Britney Spears, auk þess sem hún hefur unnið náið með R&B pródúsernum Akon.

Hún er frá New York og kann vel sig með súludönsurum og gógópíum, vann á „burlesque“ sýningum, en fór aldrei úr öllu, „nema óvart“. Hún og vinkona hennar Lady Starlight voru með atriði á Lollapalooza-festivalinu 2007. Þar fékk Gaga á sig kæru fyrir að vera ósiðsamleg á almannafæri, var gripin á nærbuxunum. Hún hefur einmitt orðið þekkt fyrir það í slúðurblöðunum.

Lady Gaga flutti til Los Angeles og rekur þar Haus of Gaga, listagengi í stíl við Factory Andy Warhol vill hún meina, sem leggur línurnar útlitslega séð fyrir poppstjörnuna. Söngkonan er nú á löngu tónleikaferðalagi um Evrópu og „Just Dance“ er í efsta sæti í Bandaríkjunum og Bretlandi. Áróðursvélin er komin á fullt og við fáum miklu meira að heyra um Lady Gaga í framtíðinni.

Úr gospel í lesbíuóra

Á meðan ímynd Lady Gaga er sterk sjálfsstæð og framtíðarleg, er ímynd Katy Perry sæta góðan stelpan úr húsinu við hliðina. Þær halda þó báðar upp á Queen en sterkar fyrirmyndir aðrar hjá Katy eru popprokkpíur eins og Cher, Cyndi Lauper, Pat Benatar, Joan Jett og Shirley Manson úr Garbage.

Hún heitir Katheryn Elizabeth Hudson og verður 25 ára í október. Hún gaf út plötu undir nafninu Katy Hudson árið 2001. Kristilegt efni er á plötunni enda er Katy dóttir tveggja presta og ólst upp við gospel. Eftirnafninu var þó fljótlega breytt í Perry því Katy Hudson þótti alltof líkt leikkonunni Kate Hudson.

Eftir fyrstu plötuna strögglaði Katy í poppinu og fór á milli útgáfna sem reyndu að koma henni á kortið. Hún var með söngvaranum í rokkbandinu Gym Class Heroes, en hætti með honum snemma árs 2008. Á sama tíma gerði Katy samning við Capitol-útgáfuna og stórvirkar vinnuvélar lagahöfunda fóru á fullt við að semja ofan í hana hugsanlega smelli. „I Kissed a Girl“ sem Katy og lagasmiðirnir Dr. Luke, Cathy Dennis og Svíinn Max Martin börðu saman í sameiningu varð strax algjör stórsmellur víða um heim enda grípandi mjög og með „öðruvísi“ texta. Lagið er af plötunni One of the Boys sem fékk þá gagnrýni að „ekki síðan Jagged Little Pill með Alanis Morissette hefur fyrsta plata söngkonu verið svo full af lögum sem geta orðið stórsmellir.“

Lesbíusmellur Katy hefur fengið nokkra gagnrýni frá samtökum samkynhneigðra sem vilja meina að vinsældirnar séu byggðar á hræsni. Lag sem héti „I Kissed a Boy“ og væri sungið af strák myndi til dæmis aldrei verða vinsælt. Þá hafa Katy og Lily Allen rifist á síðum blaða eftir að Katy kallaði sjálfa sig „mjóu útgáfuna af Lily Allen“. Lily gagnrýndi Katy á móti fyrir að semja ekki lögin sín, sem er reyndar rugl því Katy er að minnsta kosti skrifuð sem meðhöfundur af öllum lögum plötunnar sinnar og samdi þrjú alveg ein.

PRESTSDÓTTIR Lesbíuórar komu Katy Perry á toppinn.

GALLABUXUR

Á TILBOÐI

VERÐ FRÁ

2990,-

DRESS MANN

BESTA VERÐIÐ Í 40 ÁR

Laugavegi 5629730 - Kringlunni 5680800 - Smáralind 5659730 - Akureyri 4627800

> PHOENIX AÐ GABBA

Vinir Joaquin Phoenix, sem nýlega sagðist ætla að snúa sér að rappinu í stað leiklistarinnar, segja að um gabb sé að ræða. Segja þeir að uppátækið sé listrænt verkefni af hálfu Phoenix sem felist í því að mágur hans, Casey Affleck, festi allt saman á filmu. Svo virðist því sem Phoenix sé ekki búinn að missa vitið eins og svo margir óttuðust.

bíó

bio@frettabladid.is

Fleiri látnir fengu tilnefningu

Fari svo að Heath Ledger fái Óskarinn 22. febrúar er mögulegt að hann verði ekki eini látni einstaklingurinn sem fái þar verðlaun.

Óskarsakademían ákvað að beygja reglur sínar þannig að bæði Anthony Minghella og Sidney Pollack fengu tilnefningar sem meðframleiðendur að The Reader, sem var tilnefnd sem besta myndin. Þeir létust báðir í fyrra áður en gerð hennar lauk og skapaði það vandamál fyrir akademíuna því hingað til hefur hún ekki viljað tilnefna meira en þrjá framleiðendur fyrir bestu myndina. Þeir eru fjórir í tilfelli The Reader.

Eftir að Shakespeare in Love var valin besta myndin á Óskarnum 1998 og her framleiðenda flykktist upp á svið til að taka á móti styttunni ákvað akademían að fækka tilnefndum framleiðendum í þrjá. Vegna „sérstakra kringumstæðna“ voru reglurnar síðan beygðar árið 2006 eftir að kvartanir bárust um að einhverjir framleiðendur Little Miss Sunshine fengju ekki að vera með.

Akademían telur að aðstæðurnar í ár varðandi The Reader séu einnig sérstakar og því fá þeir Minghella og Pollack sínar Óskarstilnefningar, um það bil ári eftir dauða sinn.

Óskarsakademían hefur frekar sjaldan verðlaunað látna listamenn í 81 árs sögu sinni. Alls hafa 53 einstaklingar fengið 70 tilnefningar og aðeins þrettán þeirra hafa borið sigur úr býtum.

SIDNEY POLLACK Pollack hefur verið tilnefndur til Óskarsins sem einn af framleiðendum The Reader.

Leikur í Book of Eli

Jennifer Beals leikur á móti Denzel Washington í myndinni The Book of Eli en tökur á henni hefjast í Nýju Mexíkó í næsta mánuði. Þetta verður í fyrsta sinn í fimm ár sem Beals sést á hvíta tjaldinu því hún hefur verið önnum kafin við leik í lesbíuþáttunum The L-Word.

Í The Book of Eli leikur Washington mann sem reynir að vernda heilaga bók og tryggja þar með áframhaldandi líf mannkyns á jörðinni. Beals verður í hlutverki blindrar konu sem reynir að vernda dóttur sína fyrir áhrifum manns (Gary Oldman) sem ræður ríkjum í smábæ einum.

Leikstjórar verða Hughes-bræður sem síðast gerðu From Hell árið 2001. Þekktustu myndir þeirra eru Menace II Society og Dead Presidents.

JENNIFER BEALS Beals leikur á móti Denzel Washington í myndinni The Book of Eli.

4 Months valin best

Rúmenska myndin 4 luni, 3 saptamâni si 2 zile var valin sú besta á World Cinema-verðlaunahátíð sjónvarpsstöðvarinnar BBC Four. Myndin gerist í valdatíð Ceausescu á níunda áratugnum og fjallar um ferðalag tveggja vinkvenna um heimaland sitt í von um að komast í ólöglega fóstureyðingu.

Myndin vann Gullpálmann í Cannes árið 2007 og hefur síðan þá unnið til fjölda verðlauna. Í þetta sinn bar hún sigurorð af Gomorra, Persepolis, Le Scaphandre et le papillon og El Orfanato. Aðeins á eftir að sýna ítölsku myndina Gomorra hér á landi.

„Að mínu mati stendur BBC fyrir gæði, fagmennsku, hefð og jafnvægi,“ sagði leikstjórinn Cristian Mungiu þegar hann tók á móti verðlaununum.

FJÓRIR MÁNUÐIR, ÞRJÁR VIKUR OG TVEIR DAGAR Myndin fjallar um tvær vinkonur sem reyna að komast í ólöglega fóstureyðingu.

VICKY CRISTINA BARCELONA Javier Bardem, Scarlett Johansson og Penélope Cruze leika aðalhlutverkin í Vicky Cristina Barcelona.

ÁSTARFLÆKJUR Í BARCELONA

Woody Allen lætur engan bilbug á sér finna þrátt fyrir að vera orðinn 73 ára. Nýjasta myndin hans, Vicky Cristina Barcelona, hefur farið sigurför um heiminn.

Vicky Cristina Barcelona gerist eins og nafnið gefur til kynna í Barcelona. Fjallar hún um tvær bandarískar stúlkur sem ákveða að eyða sumrinu á Spáni. Þar komast þær í kynni við frjálslyndan listamann (Javier Bardem) og gullfallega en brjálaða fyrrverandi eiginkonu hans (Penélope Cruz). Vicky (Rebecca Hall) er jarðbundin og á leið í hjónaband en Cristina (Scarlett Johansson) er ævintýragjörn og hvatvís. Þegar þessar fjórar manneskjur flækjast saman í vef kynlífs og ásta skapast bráðfyndin ringulreið að hætti meistara Woody Allen.

Gagnrýnendur virðast vera á einu máli um að Allen hafi tekist afar vel upp enda var Vicky Cristina Barcelona nýverið valin mynd ársins í flokki gaman- og söngvamynda á Golden Globe-hátíðinni. Einnig var hún tilnefnd til þrennra annarra verðlauna. Fyrir skömmu var Penélope Cruz síðan tilnefnd til Óskarsins fyrir aukahlutverk sitt í myndinni.

Woody Allen á að baki rúmlega fjörutíu ára feril í kvikmyndabransanum og hefur alla tíð verið mjög afkastamikill, með um það bil eina mynd á ári. Á meðal þekktustu mynda hans eru Annie Hall, Manhattan, Hannah and Her Sisters og Bullets Over Broadway. Síðustu myndir hans hafa flestar fengið fínar viðtökur gagnrýnenda, þar á meðal rómantíska tennismyndin Match Point sem skartaði einmitt Scarlett Johansson í einu aðalhlutverkanna.

Vicky Cristina Barcelona fær 7,6 af 10 í einkunn á Imdb.com og 81% á Rottentomatoes.com. Myndin verður frumsýnd í Háskólabíói á morgun á vegum Græna ljóssins, sem hefur ekkert hlé í myndum sínum.

Banatilræði og máttur óttans

Fjórar kvikmyndir af mismunandi toga verða frumsýndar um helgina. Valkyrie, nýjasta mynd Toms Cruise, fjallar um banatilræði við Hitler árið 1944. Verkefnið gekk undir nafninu Valkyrie og stjórnaði því Claus von Stauffenberg (Cruise). Með önnur hlutverk fara Kenneth Branagh, Bill Nighy, Tom Wilkinson, Terence Stamp og Eddie Izzard. Leikstjóri er Bryan Singer, maðurinn á bak við The Usual Suspects og X-Men 2.

Valkyrie fær 7,5 af 10 á Imdb.com og 60% á Rottentomatoes.com.

Doubt er dramatísk mynd með Meryl Streep og Philip Seymour Hoffman í aðalhlutverkum. Hún gerist árið 1964 og segir frá presti (Hoffman) sem reynir að brjóta upp stranga siði og hefðir kaþólsks skóla. Hingað til hefur skólastjórinn (Streep) stjórnað skólanum með því að trúa á mátt óttans og aga. Eftir að skólinn tekur við sínum fyrsta svarta nemanda, eiga hlutirnir eftir að breytast. Myndin fær 8,1 á Imdb og 78% á Rottentomatoes.

VALKYRIE Tom Cruise fer með aðalhlutverkið í Valkyrie sem fjallar um banatilræði við Adolf Hitler.

Valentínusartryllirinn My Bloody Valentine 3-D fjallar um Tom sem snýr aftur í heimabæ sinn þegar tíu ár eru liðin frá fjöldamorðum að kvöldi Valentínusardags, þegar 22 voru myrtir. Í stað þess að fá hlýjar móttökur uppgötvar Tom að hann er grunaður um morðin. Myndin fær 6,6 á Imdb og 58% á Rottentomatoes.

Fjórða myndin í bíó er teiknimyndin Skógarstríð 2 þar sem Búi og Elli leiða saman hesta sína á nýjan leik. Fjallar hún um þýskan pylsuhund sem sleppur frá eiganda sínum og fer að búa með þeim félögum í skóginum. Myndin fær 5,6 á Imdb.com.

STÓRIR TITLAR. LITLAR UPPHÆÐIR.

Allt að 90% afsláttur!

Yfir 200 titlar og hellingur af annarri vöru!

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

> HAFNAÐI PLAYBOY

Leikkonan Jennifer Aniston hefur hafnað tilboði um að sitja nakin fyrir í tímaritinu Playboy. Gamli Playboy-kóngurinn Hugh Hefner var svo hrifinn af myndum sem birtust af Aniston í GQ á dögunum að hann bauð henni háar fjárhæðir fyrir að fækka fötum. Alls hefði Aniston getað fengið yfir hundrað milljónir króna fyrir tiltækið hefði hún haft áhuga.

fólk

folk@frettabladid.is

Býr til handgerð hjörtu

„Nýsköpun og frjó hugsun er eitt af því örfáa jákvæða sem verður kreist út úr þessari kreppu. Maður finnur að nú eru gildin að breytast og öll sköpun fær loksins þá viðurkenningu sem hún á skilið," segir Andrea Róbertsdóttir, fjölmiðlakona og mannauðsstjóri, sem hófst nýverið handa við að búa til handgerð hjörtu sem hafa fengið nafnið Jórunn. „Hjörtun eru virðingarvottur við Jórunni Brynjólfsdóttur sem rak verslun á horni Skólavörðustígs og Klapparstígs þar til í fyrra, en hún lést seint á síðasta ári, 98 ára gömul. Hún átti það til að láta hjarta fylgja með í kaupbæti í versluninni og gaf vinkonu minni eitt hjarta sem hún gaf svo syni mínum í nafnaveislunni sinni," útskýrir Andrea sem eignaðist soninn Dreka í september.

„Ekkert hjarta er eins. Ég er að endurvinna til dæmis gardínur úr fallegu og skrautlegu efni sem ég skreyti enn frekar með perlum, semelíusteinum, blúndum og dúlla við hvert og eitt þeirra. Handtökin úr Húsmæðraskólanum hér um árið koma sér vel núna," segir Andrea og brosir, en hjörtun koma í verslanir fyrstu helgina í febrúar og fást í Epal, Kraumi og versluninni Börn náttúrunnar.

Aðspurð útilokar hún ekki að hún muni fást frekar við hönnun á komandi mánuðum. „Það verður svo spennandi að sjá hvert þetta tekur mig. Ég held áfram að fá útrás á einhvern hátt og hönnun er ein leiðin til þess. Svo bíður maður bara spenntur eftir að sjá hvernig nýja Ísland verður þegar fæðingarorlofið endar og hvaða tækifæri maður skapar sér þá." - ag

ENDURVINNUR GARDÍNUR Andrea Róbertsdóttir hefur breytt og saumað föt frá því hún man eftir sér, en hún býr nú til handgerð hjörtu úr fallega skreyttu gardínuefni og engin tvö eru eins.

Thriller fer á Broadway

Popparinn Michael Jackson er að undirbúa nýjan söngleik í Bandaríkjunum sem verður byggður á myndbandinu við lag hans Thriller. Að sögn framleiðandans James Nederlander, sem á níu leikhús á Broadway, ætlar Jackson að eiga fullan þátt í sköpun verkefnisins. Í myndbandinu við Thriller frá árinu 1983 lék Jackson varúlf auk þess sem dansandi uppvakningar komu við sögu.

MICHAEL JACKSON

Jackson tók engan þátt í gerð söngleiksins Thriller-Live sem var frumsýndur í West End í London fyrr í mánuðinum. Bróðir hans Tito mætti engu að síður á frumsýninguna.

LAY LOW Á RÓSENBERG Lay Low, Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, spilaði flest af sínum þekktustu lögum á tónleikunum. Hún heldur nú í þriggja vikna tónleikaferð um Evrópu með Emilíönu Torrini. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lokatónar fyrir Evróputúr

Lay Low spilaði á Café Rósenberg á þriðjudagskvöld við góðar undirtektir. Þetta voru síðustu tónleikar hennar áður en hún hélt af stað í tónleikaferð um Evrópu með Emilíönu Torrini. Ferðast þær meðal annars til Belgíu, Þýskalands og Frakklands, þar sem fyrstu tónleikarnir verða haldnir í kvöld. Til að stilla síðustu strengi sína fyrir ferðina ákvað Lay Low að spila á Café Rósenberg og miðað við móttökurnar eru hún tilbúin í slaginn og rúmlega það.

Þær Eva Aradóttir og Berglind Ólafsdóttir voru brosmildar á Café Rósenberg.

Óli Þór og Eygló Valdimarsdóttir létu sig ekki vanta á tónleikana.

Þau Linda Björk og Axel Fannar hlustuðu á ómþýða tóna Lay Low.

Sigurborg Magnúsdóttir og Gunnar Andrésson skemmtu sér greinilega vel.

DJ PLATURN From Oakland to Iceland hefur verið sett í dreifingu í Kanada.

DJ Platurn til Kanada

Íslenska heimildarmyndin From Oakland to Iceland hefur verið sett í dreifingu í Kanada. Myndin fjallar um ferðalag plötusnúðsins Dj Platurn (Illuga Magnússonar) til Íslands eftir 25 ára dvöl í Bandaríkjunum. Greint er frá því hvernig hann upplifir heimalandið og hipphoppmenninguna sömuleiðis.

Myndin var sýnd á MTV-vef Skandinavíu í fimm vikur síðasta haust og í Ríkissjónvarpinu í nóvember í fyrra. Einnig hefur hún verið sýnd í flugvélum Iceland Express. Myndin er á ensku og tónlistin í henni er samin af Dj Platurn. Handritshöfundur og leikstjóri er Ragnhildur Magnúsdóttir, systir Illuga.

Ný plata frá Karen og kó



IT'S BLITZ Ný plata í vor.

Nýbylgjurokkbandið Yeah Yeah Yeahs er tilbúið með þriðju plötuna sína. Platan heitir It's Blitz og kemur út með vorinu. Þetta verður fyrsta skífa sveitarinnar frá árinu 2006. Hljómsveitin segir þessa nýju plötu ekki líka nokkru af því sem hún hefur gert til þessa en hljómar samt eins og Yeah Yeah Yeahs.

vera
tískuvöruverslun

20% til 60%

OPIÐ
LAUG. 10 - 22 | SUNN. 10 - 22
laugavegur 49 | sími 552 2020

SÖLUAUKNING Monty Python í ham.

Monty selja gríðarlega

Sala á dvd-diskum með breska grínhópnum Monty Python hefur aukist um tuttugu og þrjú þúsund prósent eftir að valin atriði voru sett í góðum gæðum á Youtube. „Við leyfum þér að sjá þetta allt ókeypis en við viljum eitt í staðinn. Ekki hugsunarlaust blaður í athugasemdakerfinu heldur viljum við að þú kaupir myndirnar og sjónvarpsþættina okkar og linir þar með sorgir okkar og andstyggð yfir því að hafa látið féfletta okkur í öll þessi ár," eru skilaboð hópsins á Youtube. Ákallið svínvirkaði.

SNYRTIVÖRUÚTSALA

í Holtagörðum og á Akureyri

SÍÐUSTU DAGAR!

MEIRI LÆKKUN

Enn fleiri vörur á snyrtivöruútsölunni
í Holtagörðum og á Akureyri

50% af völdum vörum:

- Ilmum
- Kremum
- Förðunarvörum
- Gjafakössum

15% af allri annarri snyrtivöru

Gildir til 1. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Drungalegt og misheppnað

Í þriðju Underworld-myndinni Rise of the Lyncans er farið aftur til fortíðar þar sem sýnd eru samskipti vampíranna og varúlfanna áður en áralangt stríð á milli þeirra hófst. Af leikurum fyrri myndanna snúa aftur m.a. Michael Sheen og Bill Nighy, í hlutverkum sínum sem höfðingjar bálkanna tveggja.

Í fyrri myndunum var fjallað um illdeilur þessara flokka og það er enginn tilgangur í að rýna betur í það, hvað þá að koma þeirri sögu í heila kvikmynd og þar að auki í kvikmyndahús. Útlit myndarinnar á að vera dimmt og drungalegt en tekst einungis það fyrrnefnda, og það með glæsibrag því að í sumum atriðunum er erfitt að sjá hvað er að gerast.

KVIKMYNDIR

Underworld: Rise of the Lyncans

Leikstjóri: Patrick Tatopoulos.
Aðalhlutverk: Bill Nighy, Michael Sheen.

★★

Sumar hugmyndir væru betur geymdar ofan í skúffu.

Samtölin og atburðarásin í myndinni eru hallærisleg og klúðursleg. Ef leikararnir Nighy og Sheen væru ekki í myndinni væri hér á ferðinni beint-á-DVD-mynd. Þrátt fyrir þátttöku þeirra er það einungis Sheen sem sleppur með skrekkinn. Underworld: Rise of the Lyncans er óþarfa viðbót við slappa kvikmyndaseríu.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is

Síðustu lögin öll á ensku

Á fjórða og síðasta undanúrslitakvöldi Söngvakeppninnar á laugardaginn verða öll lögin fjögur sungin á ensku.

Hægt er að segja að stálin stinn mætist á síðasta undanúrslitakvöldinu í Eurovision því Halla Vilhjálms, Jógvan og Hara-systur eru þekktari flytjendur en margir sem áður hafa komið fram. Fyrri afrek skipta þó kannski litlu því bæði Páll Rósinkrans og Erna Hrönn eru dottin úr keppni.

Ungstirni laugardagsins er Unnur Birna Björnsdóttir og syngur annað lag Heimis Sindrasonar í ár, Cobwebs. Þetta er klassísk ballaða sem hefði alveg getað verið í Eurovision 1970. Ari Harðarson semur textann. Unnur Birna er að norðan en nemur nú söng og fiðluleik í FÍH. Hún hefur meðal annars spilað á hljómborð með Eyþóri Inga og í ýmsum leikritum. Unnur er dóttir Björns „Bassa“ Þórarinssonar, orgelleikara Mána og bróður Labba í Mánum.

Halla Vilhjálmsdóttir syngur eigin texta við lag Trausta Bjarnasonar, Roses. Þetta er nútímalegt rokk í millitempói.

Hallgrímur Óskarsson er þegar kominn áfram með ukulele-lag Ingós Veðurguðs, en teflir nú fram Jógvani Hansen og sykursætu ballöðunni I think the world of you.

Að lokum er það Got no love eftir Örlyg Smára og Sigurð Jónsson: Rafmagnað popprokklag sem Elektra með Hara-systur í fararbroddi flytja. Hljómsveitin er tilbúin til frekari afreka ef laginu gengur vel.

Sigurlagið verður svo valið laugardaginn 14. febrúar en upprifjunarþáttur verður sýndur viku fyrr.

drgunni@frettabladid.is

FLYTJENDUR SÍÐUSTU LAGANNA

Elektra (að ofan), og frá vinstri **Jógvan, Halla Vilhjálms** og **Unnur Birna.**

MEÐAN AÐRIR FYLGDU SKIPUNUM...
FYLGDI HANN SAMVISKU SINNI

TOM CRUISE

A BRYAN SINGER FILM

VALKYRIE

FRUMSÝND 30. JANÚAR

SENDU SMS **ESL VBV** Á NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, DVD MYNDIR,
TÖLVULEIKIR, PEPSI OG MARGT FLEIRA

WWW.SENA.IS/VALKYRIE

BORGARBÍÓ HÁSKÓLABÍÓ SMÁRABÍÓ

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

> Riley dæmir í Kórnum

Ísland tekur á móti Færeyjum í vináttulandsleik í knattspyrnu í Kórnum 22. mars næstkomandi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun enski dómarinn Mike Riley dæma leikinn. Riley hefur lengi verið í eldlínunni í ensku úrvalsdeildinni og er með þekktari dómurum í enska boltanum. Riley mun einnig halda fyrirlestur fyrir íslenska dómara. Enski dómarinn er að verða mikill Íslandsvinur en hann kom til Íslands á síðasta ári og dæmdi á Shell-mótinu í Vestmannaeyjum.

sport
sport@frettabladid.is

KRISTRÚN SIGURJÓNSDÓTTIR, FYRIRLIÐI HAUKA: LEIKUR SINN HUNDRAÐASTA DEILDARLEIK Í RÖÐ Í KVÖLD

Ekki verra að eiga bróður sem er sjúkraþjálfari

Kristrún Sigurjónsdóttir, fyrirliði Hauka, spilar í kvöld sinn hundraðasta deildarleik í röð þegar topplið Hauka tekur á móti KR í fyrstu umferð efri hluta Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta. Kristrún hefur spilað alla 98 deildarleiki Hauka síðan hún gekk til liðs við félagið haustið 2004 en hún hafði einnig spilað síðasta deildarleik ÍR tímabilið á undan.

„Það er mikilvægt að koma vel undirbúinn eftir undirbúningstímabilið, vera búinn að styrkja sig og vera í góðu formi. Svo er ekki verra að eiga bróður sem er sjúkraþjálfari, þá fær maður forgang og manni er tjaslað saman ef einhver meiðsli eru að angra mann eins og oft gerist þegar æfinga- og keppnisálag er mikið," segir Kristrún um lykilinn á bak við það að missa aldrei úr leik.

„Ég verð nú að viðurkenna að ég hef verið nokkuð lánsöm með meiðsli, en í byrjun janúar fékk ég lungnabólgu, mætti ekkert á æfingar en bara í leiki." Hún missti síðast af leik með ÍR í Grindavík 28. febrúar 2004. „Ég var nýbúin að snúa mig á ökkla og var frekar pirruð að fá ekki að spila í þessum leik í Grindavík. Eftir það hef ég alltaf spilað með ökklahlíf til að eiga ekki á hættuna að missa aftur af leik," segir Kristrún. „Ökklinn hefur strítt mér mest í gegnum tíðina en ef hann heldur og heilsan svíkur mig ekki þá spila ég. Svo ef Yngvi þjálfari heldur trúnni á mig þá missi ég vonandi ekki úr leik."

Kristrún hefur verið í sigurliði í 76 af þessum 99 leikjum og tólf leikja sigurganga Haukaliðsins nú er þriðja lengsta sigurgangan sem hún hefur tekið þátt í á þessu tímabili. Haukar unnu einnig bæði 27 og 15 leiki í röð á sínum tíma. En hvað verða leikirnir margir í röð?

„Ég ætla ekki að setja neina pressu á sjálfan mig, en svo lengi sem ég hef gaman af þessu þá mun ég spila. Tala nú ekki um ef ég fæ að spila með jafn skemmtilegum stelpum og í Haukum þá verða leikirnir örugglega margir. Veit nú samt ekki hvort ég næ að spila jafn marga leiki og Anna María Sveinsdóttir, sá frábæri leikmaður, en ef ég kemst í svipaða tölu og hún þá veit ég að ferillinn minn er orðinn langur og góður."

ROBINHO Lýsti í gær yfir sakleysi sínu í yfirheyrslu vegna nauðgunarmáls sem verið er að rannsaka. NORDIC PHOTOS/GETTY

Robinho, Man. City:

Yfirheyrður í nauðgunarmáli

FÓTBOLTI Brasilíumaðurinn Robinho hjá Man. City var í gær yfirheyrður vegna nauðgunarmáls sem verið er að rannsaka í Leeds á Englandi. Átján ára stúlka heldur því fram að sér hafi verið nauðgað á næturklúbbi í borginni fyrir tveimur vikum, en Robinho mun hafa verið staddur þar ásamt liðsfélögum sínum í City.

Robinho lýsti yfir sakleysi sínu vegna málsins í yfirlýsingu í gær.

„Við getum staðfest að Robinho hefur talað við lögreglu vegna málsins eins og falast var eftir en hann neitar harðlega ásökunum um sekt í málinu og mun gera sitt til þess að hjálpa lögreglunni í rannsókn málsins," segir Chris Nathaniel, talsmaður Robinho, í yfirlýsingu í gær. **- óþ**

TÍU MÖRK Guðjón Drengsson hefur spilað vel í tveimur sigrum Fram á Haukum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Toppslagur í N1 deild karla:

Framarar með tak á Haukum?

HANDBOLTI Tvö efstu lið N1 deildar karla mætast í kvöld í Framhúsinu í Safamýri þegar Íslandsmeistarar Hauka heimsækja deildarbikarmeistara Fram. Liðin sitja fyrir leikinn hlið við hlið á toppnum með sextán stig hvort og eins stigs forskot á Val sem er í 3. sætinu.

Þetta verður þriðji leikur liðanna í vetur og það er auðveldlega hægt að halda því fram að Framarar hafi gott tak á Haukaliðinu. Fram vann deildarleik liðanna á Ásvöllum í október með sjö marka mun, 27-20, og vann síðan úrslitaleik deildarbikarsins í lok desember með sex marka mun, 35-29, eftir að hafa náð tíu marka forustu í leiknum. Það er eins og Viggó Sigurðsson, fyrrum þjálfari Haukaliðsins, þekki vel inn á sína gömlu lærisveina.

Það mun þó reyna á Viggó í kvöld því Haukarnir koma á bullandi siglingu inn í þennan leik eftir að hafa unnið fimm deildarleiki í röð. **- óój**

Jafntefli á jafntefli ofan

Það gengur hvorki né rekur hjá Liverpool þessa dagana og liðið gerði enn eitt jafnteflið er það sótti Wigan heim. Salomon Kalou sá til þess að Chelsea fengi þrjú stig gegn Middlesbrough. Craig Bellamy tryggði City sigur á Newcastle.

FÓTBOLTI Sex leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi. Liverpool varð að bíta í það súra epli að gera enn eitt jafnteflið og er heldur betur að daprast flugið þessa dagana. Chelsea var aftur á móti í fínu formi.

Liverpool gat jafnað Man. Utd að stigum á toppi deildarinnar í gær með því að leggja Wigan á útivelli.

Liverpool-liðið mætti ákveðið til leiks og sótti mun fastar að marki en heimamenn. Þeim tókst þó ekki að brjóta múrinn fyrr en fjórar mínútur voru eftir af fyrri hálfleik. Þá stakk Benayoun sér laglega inn fyrir vörnina, komst fram hjá markverðinum, var í erfiðri skotstöðu en náði á laglegan hátt að koma tuðrunni í netið.

Leikurinn opnaðist eðlilega í síðari hálfleik er heimamenn neyddust til þess að koma framar á völlinn. Þrátt fyrir það var fátt um færi sem og fína drætti. Það var í raun fátt sem benti til annars en að Liverpool myndi landa sigri þegar Lucas braut klaufalega af sér. Mido skoraði örugglega úr vítinu og jafnaði leikinn.

Liverpool slapp síðan með skrekkinn þegar skot úr aukaspyrnu frá Wigan hafnaði í þverslá Liverpool-marksins.

Chelsea mátti illa við skakkaföllum á móti Middlesbrough enda einum fimm stigum á eftir toppliði Man. Utd. Það tók drengi Scolaris langan tíma að komast í gegnum varnarmúr Boro en markið kom loks rúmum hálftíma fyrir leikslok.

Þá fékk Chelsea hornspyrnu, Boro gekk illa að hreinsa og boltinn féll til Kalou sem tók hann á lofti og þrumaði honum í netið. Smekklega gert.

Kalou var ekki hættur og bætti öðru marki við níu mínútum fyrir leikslok og Chelsea gefur því ekkert eftir í toppbaráttunni.

Arsenal gat klórað sig nálægt toppliðunum með sigri á Everton á Goodison Park en varð að láta sér nægja stig. Það geta þeir þakkað Van Persie sem skoraði í uppbótartíma. **henry@frettabladid.is**

FRÁBÆR BYRJUN Craig Bellmy var ekki lengi að stimpla sig inn hjá Man. City. Mark hans í gær tryggði City þrjú stig. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Wigan-Liverpool	1-1
0-1 Yossi Benayoun (41.), 1-1 Mido, víti (83.)	
Chelsea-Middlesbrough	2-0
1-0 Salomon Kalou (58.), 2-0 Salomon Kalou (81.)	
Man. City-Newcastle	2-1
1-0 Shaun Wright-Phillips (17.), 2-0 Craig Bellamy (77.), 2-1 Andrew Carroll (81.)	
West Ham-Hull	2-0
1-0 David Di Michele (33.), Carlton Cole (51.)	
Blackburn-Bolton	2-2
0-1 Matthew Taylor (15.), 0-2 Kevin Davies (35.), 1-2 Stephen Warnock (66.), 2-2 Benni McCarthy (87.)	
Everton-Arsenal	1-1
1-0 Tim Cahill (61.), 1-1 Robin Van Persie (90.).	

Enska b-deildin

Coventry-Cardiff	0-2
Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn fyrir Coventry.	

Iceland Express kvenna

EFRI HLUTI

Keflavík-Hamar	92-83
Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsdóttir 31, Pálína Gunnlaugsdóttir 18, Bryndís Guðmundsdóttir 13, Svava Ósk Stefánsdóttir 9, Rannveig Randversdóttir 8, Hrönn Þorgrímsdóttir 5, Marín Rós Karlsdóttir 4, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 2, Halldóra Andrésdóttir 2.	
Stig Hamars: Julia Demirer 34 (27 fráköst), Hafrún Hálfdánardóttir 16, LaKiste Barkus 15, Fanney Guðmundsdóttir 8, Íris Ásgeirsdóttir 5.	

NEÐRI HLUTI

Valur-Fjölnir	78-54
Grindavík-Snæfell	78-59

Þetta var fyrsta umferðin í Iceland Express-deild kvenna eftir að henni var tvískipt.

Jóhann Berg Guðmundsson fer til Hollands eftir allt saman:

Mjög gott að þessu máli sé lokið

FÓTBOLTI Framhaldssögunni endalausu um hvert Blikinn Jóhann Berg Guðmundsson færi lauk endanlega í gær þegar Breiðablik náði saman við hollenska félagið AZ Alkmaar. Jóhann Berg fór utan í morgun í læknisskoðun og í kjölfarið skrifar hann undir samning við Alkmaar.

„Það er mjög gott að þessu er lokið. Ég er búinn að bíða lengi eftir þessu og er að verða atvinnumaður í fótbolta. Það er ekkert leiðinlegt. Draumurinn er að rætast," segir Jóhann Berg kátur og augljóslega nokkuð létt.

Fyrir nokkrum mánuðum var hann á leið til HSV í Þýskalandi, það féll upp fyrir. Svo virtist hann vera að fara til Coventry. Það gekk ekki heldur. Hann endar svo að lokum í Hollandi.

„Þetta hefur ekki verið sérstakur tími en ég hef reynt að halda ró minni," segir Jóhann Berg. „Aðdragandinn var ansi langur. Því er ekki hægt að neita. Ég hélt samt alltaf í trúna að þetta myndi ganga og sem betur fer gerðist það. Þetta var mikill rússíbani. Ég er búinn að kíkja á alla þessa klúbba og leist best á Alkmaar og er því mjög sáttur við þessa lendingu."

Jóhann Berg telur það vitrænt skref að byrja atvinnumannaferilinn í Hollandi. „Þetta er besta uppeldisstöðin fyrir mig og ég mun læra fótbolta þarna. Það voru margir sem mæltu með því við mig," segir Jóhann Berg en hjá félaginu hittir hann fyrir landa sína Kolbein Sigþórsson og Ólaf Karl Finsen.

„Við Kolbeinn vorum saman í leikskóla þar sem við spörkuðum saman bolta. Nú hittumst við næst með bolta í Hollandi. Gaman af því," segir Jóhann Berg Guðmundsson. **- hbg**

LOKSINS LAUSN Jóhann Berg fer til Hollands eftir allt saman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SÖLVI GEIR Gæti verið á leið til Englands. FRÉTTABLAÐIÐ/HANDSY

Sölvi Geir Ottesen:

Orðaður við Birmingham

FÓTBOLTI Varnarmaðurinn Sölvi Geir Ottesen er undir smásjá enska fyrstu deildarliðsins Birmingham eftir því sem Ekstrabladet sagði í gær.

Umboðsmaður Sölva Geirs staðfestir enn fremur að enskt lið í toppbaráttu 1. deildarinnar hafi sýnt Sölva áhuga.

Sölvi Geir spilar um þessar mundir með danska liðinu SönderjyskE og hefur staðið sig mjög vel. Hann kom þangað frá sænska liðinu Djurgården.

Forráðamenn SönderjyskE segjast ekki vera spenntir fyrir því að selja Sölva en komi freistandi tilboð í leikmanninn muni félagið eiga afar erfitt með að hafna því. **- hbg**

mazda

Við erum á tánum í dag - fyrir þig

Semdu við okkur um verð.

Mazda MX-5 Sport

33% afsláttur

2,0 bensín beinskiptur
Fast númer VK835
Skrd. 03/2007. Ek. 30.000 km.
Ásett verð 3.590.000 kr.
Afsláttur 1.200.000 kr.
Tilboðsverð 2.390.000 kr.

Mazda3 Touring Plus

16% afsláttur

1,6 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer NL558
Skrd. 10/2005. Ek. 43.000 km.
Ásett verð 2.120.000 kr.
Afsláttur 330.000 kr.
Tilboðsverð 1.790.000 kr.

Mazda6 Touring

16% afsláttur

2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer YT597
Skrd. 10/2005. Ek. 29.000 km.
Ásett verð 2.360.000 kr.
Afsláttur 370.000 kr.
Tilboðsverð 1.990.000 kr.

Fjöldi annarra Mazda bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515-7000.

Fáðu þér notaðan bíl hjá Mazda í dag, Bíldshöfða 8.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag. Komdu í Brimborg

selja gamla

kaupa nýjan notaðan

CITROËN

Áfram Ísland:

- Nýtum það sem við eigum;
- Endurnýtum gjaldeyrinn;
- Kaupum notaðan bíl;
- Komdu í Brimborg í dag.

Fáðu þér notaðan bíl hjá Citroën í dag, Bíldshöfða 8.

Citroën C5 Ambiente

30% afsláttur

2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur
Fast númer TZ728
Skrd. 12/2004. Ek. 52.000 km.
Ásett verð 2.130.000 kr.
Afsláttur 640.000 kr.
Tilboðsverð 1.490.000 kr.

Citroën C3 SX

15% afsláttur

1,4 dísil beinskiptur 5 dyra
Vísthæfur fyrir frí bílastæði*
Fast númer OU490
Skrd. 08/2007. Ek. 8.000 km.
Ásett verð 2.340.000 kr.
Afsláttur 350.000 kr.
Tilboðsverð 1.990.000 kr.

Citroën C4 SX Saloon

31% afsláttur

1,6 dísil beinskiptur 5 dyra
Fast númer ER372
Skrd. 03/2005. Ek. 75.000 km.
Ásett verð 1.860.000 kr.
Afsláttur 570.000 kr.
Tilboðsverð 1.290.000 kr.

Fjöldi annarra Citroën bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515-7000.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

*Þessi bifreið er vísthæf og fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

dagskrá

> Vanessa Marcil

„Ég þekki enga konu sem ekki hefur fengið kvíðakast áður en hún klæddist baðfötum.“ **Marcil** leikur Sam Marques í þættinum Las Vegas sem Stöð 2 sýnir í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ JON STEWART GERA GRÍN AÐ BARACK OBAMA

Ólíkir forsetar með sama orðaforða

Jon Stewart er strax byrjaður að gera grín að Barack Obama þrátt fyrir að hann hafi varla stigið stóru tánni inn í Hvíta húsið. Það er svo sem skiljanlegt enda snýst þáttur hans, The Daily Show, um að gera grín að bandarískum stjórnmálum og sýna fram á hversu farsa- og frasakennd þau geta verið.

Stewart kom strax auga á líkindin með fyrstu ræðu Obama sem forseta og ræðum George W. Bush í gegnum tíðina. Ákveðin stikkorð voru ítrekuð hvað ofan í annað, eins og Guð, frelsi, hryðjuverkamenn og „okkar lífsmáti“ eða „our way of life“ og greinilegt að ákveðinn sérbandarískur heilaþvottur er þegar hafinn.

Vonandi fellur Obama samt ekki í sömu gryfju og Bush með því að skipta heiminum upp í tvær fylkingar, þá vondu og þá góðu. Slíkt er bara ávísun á frekari fáfræði Bandaríkjamanna sem margir hverjir virðast hafa takmarkaða þekkingu á því sem er að gerast utan heimalandsins. Með þessari samlíkingu var Stewart eflaust að vara Obama við því að verða ekki of Bush-legur en hann ætti ekki að þurfa að hafa miklar áhyggjur af því þótt orðin sem þeir nota séu kannski svipuð.

Stewart er annars skemmtilegur þáttastjórnandi og kemur með ferska innsýn í málefni líðandi stundar. Þegar hann tekur á móti gestum er hann líka góður nema hvað að hann á það til að grípa fram í fyrir viðmælendum sínum og halda sjálfum sér þannig í aðalhlutverkinu. Eðli sjónvarpsmanna er að vera í sviðsljósinu en þeir verða líka að gera sér grein fyrir því að stundum eiga þeir bara að þegja og hlusta.

JON STEWART Bandaríski þáttastjórnandinn hikar ekki við að gera grín að bandarískum stjórnmálamönnum í þættinum The Daily Show.

FIMMTUDAGUR

▶ **20.10 Amazing Race** STÖÐ 2

▶ **20.20 Eli Stone** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.30 The Office** SKJÁREINN

▶ **20.35 Barcelona - Espanyol** STÖÐ 2 SPORT

▶ **21.00 Sex and the City** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Tvíburarnir (1:3) (e)
17.55 Stundin okkar (e)
18.25 Skyndiréttir Nigellu (7:13)(e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.20 Eli Stone** (6:13) Bandarísk þátta-röð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Í framhaldi af því endurskoðar hann líf sitt og breytni. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge og Loretta Devine.
21.05 Lögin í Söngvakeppninni (3:4) Flutt verða lögin tvö sem komust áfram í Söngvakeppni Sjónvarpsins um síðustu helgi.
21.15 Nynne (Nynne) (13:13) Dönsk gamanþáttaröð. Aðalhlutverk: Mille Dinesen og Mette Storm.
22.00 Tíufréttir
22.20 Bílfélagar (Carpoolers) (6:13) Bandarísk gamanþáttaröð um félaga sem eru samferða í vinnuna, úr úthverfi og inn í borg og skrafa saman um lífið og tilveruna á leiðinni. Aðalhlutverk: Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller og Jerry O'Connell.
22.45 Albúm (Album) (3:5) Danskur myndaflokkur þar sem rakin er örlagasaga þriggja fjölskyldna frá 1970 til aldamóta. (e)
23.45 Kastljós (e)
00.25 Lögin í Söngvakeppninni (3:4)
00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Shrek
10.00 Code Breakers
12.00 Good Night, and Good Luck
14.00 American Dreamz
16.00 Shrek
18.00 Code Breakers
20.00 Good Night, and Good Luck
22.00 London
00.00 Stephen King's Desperation
02.10 Sur le seuil
04.00 London
06.00 Music and Lyrics

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (241:300)
10.15 Extreme Makeover. Home Edition (9:25)
11.00 The Riches (6:7)
12.00 Grey's Anatomy (5:17)
12.45 Neighbours
13.10 Forboðin fegurð (108:114)
13.55 Forboðin fegurð (109:114)
14.45 Ally McBeal (6:24)
15.30 Sabrina - Unglingsnornin
15.53 Háheimar
16.18 Smá skrítnir foreldrar
16.38 Hlaupin
16.48 Bold and the Beautiful
17.13 Neighbours
17.38 Friends
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.15 Markaðurinn með Birni Inga
19.45 The Simpsons (20:23)
▶**20.10 Amazing Race** (4:13) Í elleftu seríunni mæta til leiks nokkrir af sterkustu keppendunum úr tíu fyrstu seríunum til að fá úr því því skorið hvert sé sterkasta parið frá upphafi.
20.55 Las Vegas (19:19) Við höldum áfram að fylgjast með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæframenn og aðrar veikgeðja sálir.
21.40 Prison Break (16:22) Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
22.30 On Her Majesty's Secret Service George Lanzeby er hér í sinni fyrstu einu Bond mynd.
00.50 Réttur (2:6)
01.35 Mad Men (6:13)
02.20 Missing
04.20 Prison Break (16:22)
05.05 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

17.50 PGA Tour 2009 Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
18.45 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
19.10 Utan vallar með Vodafone Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.
20.00 Atvinnumennirnir okkar - Guðjón Valur Sigurðsson
▶**20.35 Barcelona - Espanyol** Bein útsending frá leik í spænska bikarnum.
22.35 NBA tilþrif Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
23.05 Leiðin að Superbowl Leið liðanna sem leika til úrslita um Superbowl skoðuð.
00.00 Atvinnumennirnir okkar - Guðjón Valur Sigurðsson
00.35 Utan vallar með Vodafone Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Everton - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
11.05 Blackburn - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
12.45 Man. City - Newcastle Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
14.25 Wigan - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.05 Chelsea - Middlesbrough Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.45 Premier League Review Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.
18.40 PL Classic Matches Chelsea - Man Utd, 1999.
19.05 PL Classic Matches West Ham - Sheffield Wed, 1999.
19.35 1001 Goals Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.
20.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
21.00 Premier League Review
21.55 Coca Cola mörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og allt umdeildasta skoðað.
22.25 Everton - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
17.25 Vörutorg
18.25 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.10 Are You Smarter Than a 5th Grader? (23:27) Spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. (e)
20.00 Rules of Engagement (5:13) Bandarísk gamansería um vinahóp sem samanstendur af hjónum, trúlofuðu pari og kvensömum piparsveini. Jeff og Audrey reyna að krydda kynlífið og komast að því að kynlíf hjóna er ekki vinsælt umræðuefni.
▶**20.30 The Office** (3:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Ryan snýr aftur frá aðalskrifstofunni og reynir að kynna nýjustu tækni fyrir skrifstofuliðinu en Michael er ekki sáttur við fyrrum undirmann sinn.
21.00 Flashpoint (3:13) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Sérsveitin er send til að góma dópsala en allt fer úr böndunum þegar saklaus borgari lendir óvart í miðjum skotbardaga.
21.50 Law & Order (17:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Eltingaleikur á götum Manhattan endar með slysi þar sem einn lætur lífið og unglingur slasast. Fljótlega kemur í ljós að sá látni hafði myrt hóp veiðimanna og sá sem var ábyrgur fyrir bílslysinu hafði elt hann uppi.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.30 Britain's Next Top Model (e)
00.20 Vörutorg
01.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 20.00
Atvinnumennirnir okkar

Þriðji þátturinn í þessari mögnuðu þáttaröð þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar með augum Auðuns Blöndal. Handknattleiksmaðurinn og silfurdrengurinn Guðjón Valur Sigurðsson leikur með Rhein-Neckar-Löwen í Þýskalandi. Glæsilíf Guðjóns í kvöld klukkan 20.00 á Stöð 2 Sport.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Good Night, and Good Luck
Stöð 2 bíó kl. 20.00

Sannsöguleg mynd í leikstjórn George Clooney um fréttamanninn Edward Murrow, sem sviptir hulunni af þingmanninum Joseph McCarthy. McCarthy var einn valdamesti maður landsins og stundaði nornaveiðar á meintum kommúnistum árin 1950 -1954 í Bandaríkjunum. Myndin var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Andrarímur
15.03 Útvarpssagan: Svörtu hestarnir
15.30 Miðdegistónar
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Auðlindin
18.23 Fréttayfirlit og veður
18.26 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir
19.00 Úr gullkistunni
19.27 Sinfóníutónleikar
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Útvarpsperlur: Með segulbandstækið á öxlinni
23.10 Tónleikur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (113:260)
16.30 Hollyoaks (114:260)
17.00 Seinfeld (8:24)
17.30 Lucky Louie (2:13)
18.00 Sex and the City (11:18)
18.30 Sex and the City (12:18)
19.00 Hollyoaks (113:260)
19.30 Hollyoaks (114:260)
20.00 Seinfeld (8:24) Elaine fær Jerry og George til að koma með sér til að eyðileggja brúðkaup keppinautar síns. Kramer verður fórnarlamb afmælisóskar.
20.30 Lucky Louie (2:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
▶**21.00 Sex and the City** (11:18) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
21.30 Sex and the City (12:18)
22.00 Gossip Girl (18:18) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
22.45 Ghost Whisperer (59:62) Þriðja þáttaröðin um hina ungu og fallegu Melindu Gordon sem gædd er sjötta skilnigarvitinu. Hún er því, oft gegn vilja sínum, í nánu sambandi við hina framliðnu.
23.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Á fimmtudegi á öndverðum meiði um hvalveiðar. Nú verðir heitt í hvölunum.
21.00 Neytendavaktin Ragnhildar Guðjónsdóttir varaformaður Neytendasamtakanna hefur umsjón með þætti um neytendamál.
21.30 Óli á Hrauni Ólafur Hannesson skoðar pólitískt landslag dagsins í dag.
Dagsskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

12.05 Aftenshowet 2. del **12.30** Stemmer fra opgangen **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Update **15.30** Braceface **15.55** Oggy og kakerlakkerne **16.00** Den amerikanske drage **16.25** F for Får **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Rejseholdet **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Win a Date With Tad Hamilton **22.30** Sugar Rush **22.55** Naruto Uncut

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Koht i familien **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Árdna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-tv - Samisk barnetv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Sørens ønskestøvler **17.05** Fritt fram **17.35** Suppeopera **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 70-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Life on Mars **21.30** Folk i farta **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Med kniven som medisin **23.35** Mesternes mester

SVT 1

12.05 Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Mia och Klara **16.25** Hästbröderna **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** Ett annorlunda liv **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Diplomaterna **23.30** Öga mot öga **00.00** Sändningar från SVT24



MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér lýsi og djúsglas til að skola því niður. Svo er það bara kaffið. Mikið af því.“

Kolfinna Baldvinsdóttir athafnakona.

Fimmtugur Pacas opnar málverkasýningu

„Þetta eru frábærir tímar fyrir listina. Það er bylting í loftinu og listamenn eiga að vera í broddi fylkingar,“ segir sjónvarpsstjarnan og kokkurinn Pacas. Hann lætur ekki sitt eftir liggja því málverkasýning hans verður opnuð á Kaffi Sólon á sunnudaginn. „Ég sýni tólf ný olíumálverk. Þemað í sýningunni er hvernig ég sé Ísland. Þetta er náttúrulega alveg rosalega fallegt land. Uppáhaldsstaðurinn minn er Snæfellsnesið en Landmannalaugar eru líka stórkostlegur staður. Myndirnar mínar eru undir áhrifum frá þessum stöðum. Og fleiri stöðum til.“

Pacas hefur sótt myndlistarnámskeið og áður haldið sýningar. Fyrir fimmtán árum mátti sjá málverkin hans á 22, en síðan hefur hann meðal annars sýnt á ýmsum kaffihúsum og á Vínbarnum.

Það er skammt stórra högga á milli hjá Pacasi því hann verður fimmtugur á Valentínusardegi, 14. febrúar. „Úff, þetta er ótrúlegt, hálf öld! Ég lít samt mjög vel út miðað við aldur, ekki spurning!,“ segir Pacas og hlær. „Við Beggi verðum í Smáralind um daginn með Valentínusar-prógramm, en um kvöldið verður veisla með þeim nánustu. Beggi er að skipuleggja veisluna með vinum okkar og ég er að sjálfsögðu fjarskalega spenntur.“

- drg

LISTAMAÐURINN AÐ STÖRFUM Pacas sýnir tólf olíumálverk á Kaffi Sólon.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LÁRÉTT
2. planta, **6.** sjúkdómur, **8.** frostskemmd, **9.** keyra, **11.** kringum, **12.** glaður, **14.** slór, **16.** nafnorð, **17.** í viðbót, **18.** hress, **20.** ung, **21.** velta.

LÓÐRÉTT
1. fyrirhöfn, **3.** kúgun, **4.** vanhelgun, **5.** angan, **7.** hvasst horn, **10.** maka, **13.** kvk nafn, **15.** greinilegur, **16.** tangi, **19.** nudd.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. mosi, **6.** ms, **8.** kal, **9.** aka, **11.** um, **12.** kátur, **14.** hangs, **16.** no, **17.** auk, **18.** ern, **20.** ný, **21.** snúa.
LÓÐRÉTT: 1. ómak, **3.** ok, **4.** saurgun, **5.** ilm, **7.** skáhorn, **10.** ata, **13.** una, **15.** skýr, **16.** nes, **19.** nú.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Einar Kárason og Þorvaldur Kristinsson.
2. Cliff Clavin.
3. 11.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HELGI FELIXSON: SÝNIR MANNLEGU HLIÐINA Á ÓGÖNGUM ÍSLENDINGA

Gerir heimildarmynd um íslenska efnahagshrunið

„Ég kom bara í gær, var eiginlega bara á landinu yfir byltingu,“ segir heimildarmyndagerðarmaðurinn Helgi Felixson sem búsettur er í Svíþjóð. Hann hefur undanfarna hundrað daga eða svo unnið að gerð heimildarmyndar um efnahagshrunið á Íslandi. Sagan er sögð frá sjónarhóli sex einstaklinga sem upplifa hversdagsleikann hrynja á augabragði og hvernig þeir takast á við þann veruleika sem blasir við þeim eftir þjóðargjaldþrot. „Þetta var í raun yfirþyrmandi, að fylgjast með sjálfsmynd Íslendinga brotna og molna. Landinn fór úr því að vera málsmetandi meðal þjóðanna yfir í að verða að hálfgerðum hundum.“ Myndinni hefur verið gefið vinnuheitið Point of no Return og hefur sænska ríkissjónvarpið þegar lýst áhuga á að sýna myndina. Þá eru þýskir framleiðendur áhugasamir og Helgi veit sem er að mynd um Ísland og íslenska efnahagshrunið á eftir að vekja mikla athygli erlendis. „Við erum hálfgerður ísbrjótur í þessari alþjóðlegu fjármálakreppu. Við erum aðalmálið í heimspressunni þótt ástæðurnar séu okkur ekki alveg að skapi.“

Helgi var staddur á Íslandi fyrir algjöra tilviljun þegar Geir H. Haarde bað guð að blessa þjóðina í beinni útsendingu. Hann fór til Svíþjóðar nokkrum dögum seinna en þá tóku tilfinningarnar öll völd. „Ég varð eiginlega friðlaus, mér fannst eins og ég þyrfti að vera á Íslandi og fanga þessar heitu tilfinningar sem voru að brjótast um meðal þjóðarinnar,“ útskýrir Helgi. Hann bætir því við að Íslendingar hafi alltaf verið skapheitir en það hafi aðallega átt við um útvarpsþætti og heita potta. „En á þessum tímapunkti gaus eldfjallið, þjóðin vaknaði eftir að hafa verið kúguð og bæld í hundruð ára og látið allt yfir sig ganga.“

Einn af þeim sem kemur fyrir í myndinni er Sturla Jónsson, forsprakki vörubílstjóra. Helgi tekur þó skýrt fram að hann vilji einnig fá sögu þeirra sem sagðir eru hafa sett Ísland á hausinn; hinna svokölluðu útrásarvíkinga. „Ef þeirra saga er ekki sögð væri það svona svipað eins og að sleppa mikilvægum kafla í bók, láta áhorfendur horfa á stillimynd.“ Helgi hefur þegar fengið jákvæð viðbrögð frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og bætir því við að hann vilji fyrst og fremst nálgast mannlegu hliðina. „Helst vildi ég bara ná þeim með nátthúfu og tebolla yfir morgunverðarborðinu.“

Helgi er einn fremsti heimildarmyndagerðarmaður Íslands þótt nafn hans sé ekki á hvers manns vörum. Hann hefur verið að í rúm tuttugu ár en unnið flestar sínar myndir úti í Svíþjóð þar sem hann býr. Myndir hans hafa unnið til fjölmarga alþjóðlegra verðlauna en þeirra þekktust er sennilega Beneath the Stars sem vakti athygli umheimsins á bágri stöðu munaðarleysingja í Cape Town í Suður-Afríku. Áætlað er að myndin um Ísland verði frumsýnd í september á þessu ári.

freyrgigja@frettabladid.is

EKKERT AFTURHVARF

Helgi Felixson hefur fylgst með sex einstaklingum og hvernig þeir takast á við þá atburði sem áttu sér stað fyrir rúmum hundrað dögum þegar efnahagskerfið hrundi. **Sturla Jónsson** er einn þeirra sem kemur við sögu í myndinni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Menn hafa í fjölmiðlum keppst við að finna líkingamál um kreppuna, efnahagshrunið og bankagjaldþrotið. Veðurfræðihugtök á borð við efnahagslægðir og efnahagslegt fárviðri hafa verið vinsæl auk þess sem sjávarútvegsmálfarið hefur notið töluverðrar hylli. Hefur þar verið talað um brotsjó og þjóðarskútu. **Friðrik Þór Friðriksson**, leikstjóri, nýtti sér hins vegar sinn bakgrunn úr kvikmyndunum í viðtali við þýska dagblaðið Zeist þegar hann líkti íslenska efnahagnum við skrímsli Dr.Frankenstein. „Það er auðvelt að búa til skrímsli, það er erfiðara að stjórna því,“ sagði Friðrik.

Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent á Bessastöðum í skugga stjórnarmyndunar og karps um vald forseta. Og var samdóma álit viðstaddra að sjaldan eða aldrei hefði verið jafn gaman á þessum verðlaunum og nú. **Einar Kárason** fór heim með verðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir bók sína Ofsa og hafði tvöfalda ástæðu til fagna. Því sama dag tókust samningar við þýsku útgáfuna btb um að gefa bókina út á þýsku en sama forlag gaf einnig út Óvinafagnað, fyrri bók Einars um Sturlungaöldina.

Ingvi Hrafn Jónsson er ánægður um þessar mundir og segir hverjum sem heyra vill að sjónvarpsstöð hans, ÍNN, sé farin að skila hagnaði. Þó stöðin sé umtalsvert minni í sniðum en Ríkissjónvarpið getur meistari ljósvakans ekki stillt sig um að stríða stóra bróður. Því fylgir það jafnan sögunni að honum gangi mun betur en Páli Magnússyni sem tapi einni milljón fyrir hádegi og annarri eftir hádegi.

- fgg, hdm

föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun

Vala Matt
Ný vinna – ný tækifæri

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft

Jónsi gestgjafi í Los Angeles

Jónsi í Sigur Rós og kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson verða gestgjafar í kynningarteiti sem verður haldið á heimili Sigurjóns í Los Angeles laugardaginn 25. apríl.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu verður íslensk tónlist þar kynnt fyrir áhrifafólki innan tónlistar- og kvikmyndaiðnaðarins í von um að koma henni að í bandarískum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Lanette Phillips, sem er einn virtasti framleiðandi tónlistarmyndbanda í heiminum, tekur þátt í skipulagningu veislunnar. Hún kynntist Jónsa er hún var stödd hér á landi á tónlistarráðstefnunni You Are In Control og óskaði eftir því að hann tæki að sér hlutverk gestgjafans. „Ég átti fund með Jónsa í síðustu viku og hann brást vel við þessu. Hann er að lána okkur nafnið sitt til að styðja þetta verkefni,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir hjá Útón sem hefur unnið að verkefninu, sem nefnist Made in Iceland. Hún efast ekki um að Jónsi eigi eftir að standa sig vel í þessu hlutverki. „Ég á von á að hann verði mjög skemmtilegur eins og hann er alltaf í partíum. Þetta er alltaf barátta um að ná athygli og réttum „kontöktum“. Við erum mjög þakklát fyrir að hann skuli styðja við verkefnið.“

Send verða út fjögur hundruð boðskort í veisluna í byrjun apríl og er búist við að um 150 manns láti sjá sig. Líklega munu einhverjar Hollywood-stjörnur leynast þar innan um sé miðað við föngulegan vinahóp Sigurjóns. Einnig hafa þeir Veigar Margeirsson og Atli Örvarsson, kvikmyndatónskáld í Hollywood, boðað komu sína. „Við ætlum að leggja öll tengslanet í púkkið,“ segir Anna Hildur og vonar það besta.

- fb

JÓNSI OG LANETTE Jónsi verður gestgjafi í kynningarteiti á heimili Sigurjóns Sighvatssonar í Los Angeles í apríl.

Javier Bardem Penélope Cruz Scarlett Johansson

Patricia Clarkson Kevin Dunn Rebecca Hall Chris Messina

Vicky Cristina Barcelona

Lífið er hið endanlega listaverk

GOLDEN GLOBE SIGURVEGARI
BESTA MYNDIN

3 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR
BESTA LEIKKONAN **REBECCA HALL**
BESTI LEIKARINN **JAVIER BARDEM**
LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI **PENÉLOPE CRUZ**

ÓSKARSTILNEFNING
BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI
PENÉLOPE CRUZ

Frumsýnd:
30. janúar

Hvar:
Háskólabíó

Ekkert hlé á góðum myndum!
Skráning á póstlistann margborgar sig
www.graenaljosid.is

græna ljósið

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

BAKÞANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Nýtt en ekki nýtt

Ja hérna, ný ríkisstjórn, nýtt Ísland og allar líkur á að forsætisráðherrann verði kona. Það var sannarlega kominn tími til.

ÉG FAGNA ÞVÍ að kona setjist loks í forsætisráðherrastólinn. Það eru gleðileg tímamót. En eftir allan þann vitleysisgang sem á undan er genginn í þjóðmálunum stend ég mig að svartsýni yfir þessari nýju ríkisstjórn. Finnst einhvern veginn að það skipti engu máli hver fari með völdin, þetta lið sé allt saman eins inn við beinið.

SAMFYLKINGIN tók þó loks af skarið þegar þjóðfélagið var við það að springa. Eitthvað þurfti að gera og það strax. Ungir sjálfstæðismenn hafa þó hátt um að Samfylkingin hafi brotnað undan álaginu og hafi ekki getað tekist á við ástandið. Það held ég að sé ekki satt.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN er síst skárri til að takast á við ástandið enda ber hann í mínum huga talsverða sök á því. Allt var líka orðið stíflað í höndum hans. Flokkurinn getur ekki hróflað við valdakerfinu innan flokks vegna hefða, hlýðni og vinatengsla, á kostnað málefnanna sem virðast ekki í forgangi. Egill Helgason sagði í morgunþætti í útvarpi um daginn eitthvað á þá leið að fólkið í landinu væri orðið langþreytt á eiginhagsmunapoti stjórnmálamanna sem hugsuðu um það eitt að verja sín lén og átti þar við rótgróið valdakerfi Sjálfstæðisflokksins.

VIÐ ERUM orðin langþreytt á þessu, sjálf er ég orðin þreytt á öllum flokkunum, poti þeirra og valdaklíkum sem setja sjálfar sig ofar málefnum. Þess vegna lætur gleðitilfinningin á sér standa þrátt fyrir nýja stjórn, því deila má um aðferðir Samfylkingarinnar við að sprengja upp stjórnarsamstarfið. Eiginhagsmunapot og valdaklíkur koma óneitanlega upp í hugann.

ÞAÐ ER jafnvel spurning hvort hægt er að nota orðið „ný“ um þá ríkisstjórn sem er að myndast. Hvort ný sýn á hlutina komi til, því það fólk sem heldur um stjórnartaumana og ætlar að byggja upp nýtt Ísland hefur svo sem setið á ráherrastólum áður. Það verður spennandi að sjá hverjir veljast í hvaða embætti í nýju stjórninni og hvort valdakerfið og lénaskiptingin séu jafn rótgróin innan þeirra raða eins og hjá Sjálfstæðisflokknum. Þau andlit sem orðuð eru við æðstu embættin eru sannarlega ekki ný.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 29. janúar, 29. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.17	13.41	17.06
Akureyri	10.15	13.26	16.37

Heimild: Almanak Háskólans